RAGNHEIÐUR BIRGISDÓTTIR
*Ófeimin við að prófa nýja hluti í matargerð*
matur helgin
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



NÁMSKEIÐ
*Leikræn tjáning, jóga, tölvuherbergi og ballett*
Sérblað um námskeið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



BUBBI MORTHENS
*Samdi lag fyrir sigurvegarann*
Úrslitaþáttur Bandsins hans Bubba í kvöld
FÓLK 54



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. apríl 2008 — 105. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

**Byrjaði í Templarasundi**
Ölgerð Egils Skallagrímssonar er 95 ára.
TÍMAMÓT 34



**Tríóið tuttugu ára**
Tríó Reykjavíkur fagnar tuttugu ára afmæli sínu með spennandi tónleikum í Hafnarborg.
MENNING 40

**Féllu á lokaprófinu**



Framstúlkur féllu á stóra prófinu gegn Val og þurfa nú að treysta á önnur lið til að verða Íslandsmeistarar.
ÍÞRÓTTIR 48

FÖSTUDAGUR
**„Sjokk þegar mamma varð ólétt.“**
Unnur Birna Vilhjálmsdóttir í viðtali við Föstudag.
FYLGIR BLAÐINU Í DAG



## VEÐRIÐ Í DAG




**SÓL OG BLÍÐA** Í dag verður víðast hægviðri, bjartviðri og milt. Hætt við þokulofti með ströndum.
VEÐUR 4

# Tillaga um sölu REI lögð fyrir stjórn OR

**Fulltrúar meirihlutans í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur munu í dag leggja fram tillögu um að hefja undirbúning að sölu REI. Borgarstjórinn lofaði borgarbúum því í Kastljósinu í gær að REI yrði að fullu í eigu Reykjavíkurborgar.**

**ORKUMÁL** Meirihlutinn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur mun í dag leggja fram tillögu um að hefja undirbúning að sölu REI. Heimildir Fréttablaðsins herma að samkomulag hafi náðst um þetta innan meirihlutans.

Í viðtali í Kastljósinu í gærkvöldi sagði Ólafur F. Magnússon borgarstjóri: „... línan er ekki sú að við seljum REI úr höndum almennings. Ég get lofað borgarbúum því að meðan við eigum REI þá verður það hundrað prósent í eigu almennings. Það er ekki útilokað samkvæmt niðurstöðum stýrihópsins að það mætti ekki hugsanlega selja REI.“

Aðspurður sagði Ólafur F. að sala á REI hefði ekki verið rædd í meirihlutanum. Ekki náðist í Ólaf F. til að fá frekari útskýringu á ummælum sínum.

Kjartan Magnússon, stjórnarformaður OR og REI, segir viðræður um verkefni í Afríku og víðar ekki ganga þvert á áform um að selja fyrirtækið.

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, gekk fram fyrir skjöldu í gær og lýsti því yfir að selja bæri REI við fyrsta tækifæri og með því taka af allan vafa um vilja borgarstjórnarflokksins varðandi framtíð orkuútrásar Orkuveitunnar. „Við verðum að tala skýrt um hvað við ætlum að gera. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að hið opinbera eigi ekki að vera í áhætturekstri í útlöndum. Það er hægt að fara ýmsar leiðir til að losa okkur við þetta fyrirtæki.“

Spurður hvort hugmyndir um sölu fyrirtækisins nú séu ekki í mótsögn við niðurstöðu stýrihópsins sem skilaði skýrslu í febrúar segist Gísli ekki telja svo vera. „Ég var í stýrihópnum og þar var alltaf talað þannig að REI ætti ekki að vera útrásarfyrirtæki með áhættufjárfestingar í útlöndum. Það var alveg skýrt. Í hópnum var talað um að útrásararmurinn ætti til dæmis að vera deild innan Orkuveitunnar.“ Gísli er því þó sammála að mun fyrr hefði átt að skýra frá vilja flokksins til að selja REI, jafnvel strax eftir að stýrihópurinn lauk störfum. „Vafalaust hefði átt að segja þetta fyrr en ég held að við höfum öll sagt þetta áður, hvert á okkar hátt.“

Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, segir vilja um sölu ganga þvert á þverpólitíska sátt um að REI eigi að vera í fullri eigu OR.

- mh/shá



**BLAÐBERAR Í AUSTURSTRÆTI** Fyrstu Blaðberunum, sérhönnuðum endurvinnslutöskum fyrir dagblöð, var dreift í Austurstræti í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttablaðið gefur sérhannaðar endurvinnslutöskur fyrir dagblöð:

## Þrjátíu þúsund Blaðberar í dreifingu

**UMHVERFISMÁL** Dreifing á Blaðberanum, sérstakri endurvinnslutösku fyrir dagblöð, hefst í dag. Er taskan ætluð heimilum landsins og fæst hún ókeypis. Með framtakinu vilja aðstandendur Fréttablaðsins efla vitund um umhverfisvernd og nýtingu verðmæta. Að sögn Jóns Kaldal, ritstjóra Fréttablaðsins, er það nánast skylda þeirra sem standa að útgáfu Fréttablaðsins að vera í fararbroddi þeirra sem hvetja til þess að dagblöð rati í endurvinnslu í stað þess að vera hent með öðru heimilissorpi.

Tinna Gunnarsdóttir er hönnuður Blaðberans, sem útgáfufélag Fréttablaðsins, 365, lét framleiða. Dreifing töskunnar fer fram í dag milli 16 og 19 og á morgun frá klukkan 11 til 18 á eftirfarandi stöðum: Kringlunni, Smáralind, Bónus Fiskislóð, Bónus Holtagörðum og Hagkaupum Eiðistorgi. Þá verður hægt að nálgast töskuna í afgreiðslu 365 miðla í Skaftahlíð 24 milli 8 og 17 alla virka daga.

- ovd



**Í FÖSTUM SKORÐUM** Hárgel Loga Geirssonar heldur lokkunum á sínum stað.

Logi Geirsson:

## Selur hárgel á netinu

**FÓLK** Handknattleiksmaðurinn Logi Geirsson ætlar að byrja að selja hárgelið sitt á netinu eftir tvær vikur.

Logi er búinn að setja saman vefsíðu sem verður sett í loftið eftir hálfan mánuð og þá geta Íslendingar og útlendingar nálgast hið víðfræga gel. Þetta er langþráður draumur hjá Loga, sem hefur um árabil framleitt sitt eigið hárgel með góðum árangri.

- fgg / sjá síðu 54

Fékk ekki ríkisborgararétt:

## Dýr hraðasekt

**INNFLYTJENDAMÁL** Junphen Sriyoha, sem deilt hefur reynslu sinni hér á landi vikulega með lesendum Fréttablaðsins, var neitað um íslenskan ríkisborgararétt þar sem hún hafði fengið átta þúsund króna sekt fyrir of hraðan akstur. „Ég hafði víst mælst á 90 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 70,“ segir hún.

Í lögum um íslenskan ríkisborgararétt segir að umsækjandi megi ekki hafa sætt sekt, en hafi hann gert það og hún hljóði upp á minna en 50 þúsund geti hann fengið ríkisborgararétt ári eftir að hann braut af sér.

Bjarni Benediktsson, fyrrverandi formaður allsherjarnefndar, segir að í tilfelli Junphen geti hún einnig sótt um að Alþingi taki málið til afgreiðslu. „Ég kýs frekar að bíða fram í október en þá er liðið ár síðan ég braut af mér,“ segir Junphen.

- jse / sjá síðu 11

OPIÐ til 20
alla daga í öllum verslunum
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Kafbátur mánaðarins
SUBWAY
...snjall leikur í hádeginu!
329 kr.
17 Subway staðir um allt land

Kringlu kast
20-50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
Opið til 19 í kvöld
Kringlan

## SPURNING DAGSINS



*Jón, bjóðið þið upp á flugfisk?*

„Nei, það vantar enn loftnet.“

Jón Vilhjálmsson matreiðslumaður er nýkominn úr ferð um Afríku sem farin var á vegum bandarískrar ferðaskrifstofu. Skrifstofan stærir sig af miklum lúxusferðum og margrétta matseðli í flugferðum þar sem allt það besta á að vera í boði.

Skortur á samstarfi sveitarfélaga sem keppast um að bjóða út lóðir:

# Búið að byggja allt of mikið

**EFNAHAGSMÁL** „Niðurstaðan er að það er búið að byggja allt of mikið,“ segir Ari Skúlason, forstöðumaður á fyrirtækjasviði Landsbankans, sem í gær hélt fyrirlestur á ráðstefnunni Skipulag eða stjórnleysi.

Í fyrirlestri Ara kom fram að upplýsingar um áætlaðar íbúðabyggingar væru mjög óáreiðanlegar. Gagnrýndi hann skort á samstarfi í skipulagi og áætlunum milli sveitarfélaga og að litlar upplýsingar væri að fá um áform einstakra sveitarfélaga. Sagði hann sveitarfélög keppast um að bjóða út lóðir. „En byggingaverktakar hafa enga yfirsýn og í raun ofmeta þeir eftirspurnina og vanmeta framboðið.“



**SKIPULAG EÐA STJÓRNLEYSI** Fjölmargir sóttu ráðstefnuna sem haldin var í tengslum við sýninguna Verk og vit.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Í pallborðsumræðum var nokkuð rætt um að beðið væri viðbragða stjórnvalda við því ástandi sem væri að myndast á húsnæðismarkaðnum. Þá hefði í tengslum við gerð kjarasamninga verið rætt um afnám stimpilgjalda af fyrstu kaupum. „Ef þú veist að verð á að lækka í næsta mánuði þá kaupir þú ekki í þessum mánuði,“ segir Ari.

Þá var einnig rætt um að hugsanlega kæmi útboðsmarkaður og opinberar framkvæmdir framkvæmdaaðilum til góða. „Eitt af því sem á að leysa þetta er að ríkið ætlar að fara að byggja hundruð leiguíbúða þegar mikið magn af óseldum íbúðum er til sem ríkið gæti keypt. Kannski verður það gert en að fara að byggja leiguíbúðir núna er óskynsamlegt.“ **- ovd**

Atvinnuflugmenn:

# Leita skammtímasamnings

**KJARAMÁL Samningafundi Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Icelandair lauk í gærkvöldi án þess að nokkur árangurs næðist annar en sá að aðilar eru sammála um að leita skammtímasamnings, til eins árs eða skemmri tíma.**

**Örnólfur Jónsson, formaður samninganefndar atvinnuflugmanna, segir að atvinnuflugmenn hafi ákveðið að fresta verkfallsboðun í bili og sjá hvað setur. Undirbúningur að verkfallsaðgerðum haldi hins vegar áfram.**

**Næsti samningafundur hefur verið boðaður 5. maí. - ghs /** **sjá síðu 8**

Úrskurður Samkeppniseftirlits:

# OR má aðeins eiga 3 prósent

**SAMKEPPNISMÁL** Orkuveita Reykjavíkur (OR) má ekki eiga meira en þriggja prósenta hlut í Hitaveitu Suðurnesja samkvæmt ákvörðun sem Samkeppniseftirlitið birti í gær.

Í desember ákvað bæjarráð Hafnarfjarðar að ganga að tilboði OR í nærri fimmtán prósenta hlut í hitaveitunni fyrir átta milljarða króna. Með því hefði OR eignast þriðjung í hitaveitunni. Samkeppniseftirlitið metur kaupin með samkomulagi milli stærstu hluthafa í hitaveitunni um samstarf og segir í ákvörðun sinni að saman standist það ekki samkeppnislög.

Meginforsendur eru sagðar að eignarhald OR á stórum hluti í Hitaveitunni, öflugum keppinauti sínum, myndi hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Er OR gefinn frestur til að selja hlut sinn umfram þrjú prósent en fresturinn er ekki gerður opinber. **- ovd**

# Sextíu ný störf við netþjónabú í Ölfusi

**Stefnt er að uppbyggingu netþjónabús í Þorlákshöfn. Viljayfirlýsing milli sveitarfélagsins Ölfuss og Greenstone ehf. verður undirrituð í dag. Samkomulag milli Greenstone og Landsvirkjunar um raforkukaup liggur fyrir.**

**VIRKJANIR** Fulltrúar eignarhaldsfélagsins Greenstone og sveitarfélagsins Ölfuss munu í dag undirrita viljayfirlýsingu um undirbúning að byggingu netþjónabús á fimmtíu þúsund fermetra lóð við Þorlákshöfn. Fyrirhugað er að byggja allt að fjörutíu þúsund fermetra húsnæði í tveimur áföngum.

Viljayfirlýsingin felur í sér fjárfestingu Greenstone upp á um tíu milljarða en stefnt er að því að rekstur fyrsta áfanga netþjónabúsins hefjist 2010 til 2011. Greenstone er í eigu hollenska fyrirtækisins TCN, bandaríska félagsins GEO og íslenska ráðgjafarfyrirtækisins Amicus Capital Invest. TCN og GEO reka netþjónabú víðs vegar erlendis, meðal annars í London, New York og hollensku borgunum Amsterdam, Emshaven, Rotterdam og Groningen. Í forsvari fyrir Amicus Capital eru Geir Sveinsson og Sveinn Óskar Sveinsson.

Áætlað er að allt að þrjátíu starfsmenn muni vinna í netþjónabúinu í upphafi en afleidd störf verði á bilinu 25 til þrjátíu. Ráða þarf fólk til þess að sinna hátæknistörfum, iðnaðarvinnu, öryggisgæslu og þjónustu við erlenda viðskiptavini netþjónabússins.

Allt að fimmtíu megavött af rafmagni þarf fyrir starfsemina og hefur Greenstone þegar undirritað viljayfirlýsingu um raforkukaup við Landsvirkjun. Þá hefur samkomulag verið gert við Farice um lagningu nýs sæstrengs sem tryggi skilvirka gagnaflutninga.

Greenstone hefur til skoðunar að reisa tvö eða fleiri netþjónabú til viðbótar hér á landi á næstu þremur til fimm árum. Ætla má að heildarfjárfesting vegna þeirra verkefna sé um fimmtíu milljarðar króna en þessi áform eru háð nýrri ljósleiðaratengingu vestur um haf.



**NETÞJÓNABÚ GOOGLE Í BANDARÍKJUNUM** Netþjónabúið sem fyrirhugað er að reisa í Ölfusi mun þurfa allt að fimmtíu megavött af raforku. Áætlað er að um þrjátíu ný störf skapist við netþjónabúið.

Landsvirkjun hefur þegar gengið frá einum samningi vegna netþjónabús, við Verne Holding ehf. sem er í eigu Novator og Genarl Catalyst Partners. Stefnt er á uppbyggingu þess á Keflavíkurflugvelli en áætlað er að það þurfi um 25 megavött af rafmagni. Gert er ráð fyrir því að virkjanir úr neðri hluta Þjórsá muni leggja báðum þessum netþjónabúum til rafmagn. **- mh**



**NÝR HERJÓLFUR** Gert er ráð fyrir að ný Vestmannaeyjaferja hefji siglingar milli lands og Eyja haustið 2010.

Tilboð opnuð í nýjan Herjólf:

# Tilboð milljörðum yfir áætlun

**VESTMANNAEYJAR** „Þetta er óheppilegt en hvorki óvænt né óviðráðanlegt,“ segir Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs Siglingastofnunar, um að lægsta tilboð í smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju sé 2,2 milljörðum yfir kostnaðaráæltun.

Tilboð í smíði og rekstur nýrrar ferju sem sigla á milli Eyja og Bakkafjöruhafnar voru opnuð í gærmorgun. Tvö tilboð bárust en annað þeirra uppfyllti ekki kröfur útboðsgagna. Vestmannaeyjabær og Vinnslustöðin skiluðu inn einu aðaltilboði upp á 16,3 milljarða og fimm frávikstilboðum. Lægsta tilboð hljóðaði upp á 12,4 milljarða en kostnaðaráætlun var 10,2 milljarðar. „Siglingar munu hefjast 2010 hvort sem verður samið við Vestmannaeyjabæ og Vinnslustöðina eða einhverja aðra.“ **- ovd**

Drengsrán í Danmörku:

# Lögregla fann drenginn í gær

**DANMÖRK** **Hinum fimm ára gamla Oliver Chaaning, sem rænt var úr höndum móður sinnar í Virum norðan við Kaupmannahöfn í fyrradag, var í gærkvöld bjargað úr höndum ræningja sinna.**

**Tveir menn voru handteknir en þeir eru grunaðir um að hafa ætlað að kúga fé út úr foreldrunum, sem eru af kínverskum uppruna og eiga veitingahúsakeðju í Danmörku.**

**Talsmaður lögreglunnar á Norður-Sjálandi sagði líðan drengsins góða, miðað við aðstæður.**

**Búast mætti við að fleiri yrðu handteknir í tengslum við rannsókn málsins. - aa**

## REYKJAVÍK

### Heitavatnsleiðsla skemmdist

Bifreið var ekið á helstu heitavatnsleiðsluna frá Nesjavallavirkjun þannig að hún skemmdist nokkuð. Fyrirséð er að loka þurfi fyrir heitt vatn í stórum hluta borgarinnar í sumar þegar gert verður við leiðsluna.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Féll af baki við Arnarnesveg

Knapi féll af hestbaki við Arnarnesveg um klukkan níu í gærkvöldi. Hann var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild. Við komuna þangað kom í ljós að meiðsl hans voru minniháttar.




Vinstri grænir um stefnu Samfylkingar í menntamálum:

# Má ekki fara eins og Fagra Ísland

**STJÓRNMÁL** „Við höfum hreinlega áhyggjur af því að stefna Samfylkingarinnar í menntamálum fari sömu leið og Fagra Ísland,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann hefur áhyggjur af því að sífellt meiri stuðningur sé við það meðal flokksmanna að heimila opinberum háskólum að taka upp skólagjöld.

Á vefsíðu Vinstri grænna eru rifjuð upp ummæli nokkurra flokksmanna Samfylkingarinnar sem lýsa jákvæðu viðhorfi til þess að taka upp skólagjöld. Þar á meðal eru ummæli Ingibjargar Sólrúnar, formanns flokksins.

„Vinstri grænir stóðu einir í mikilli baráttu í umhverfismálum þegar ákvarðanirnar voru teknar um Kárahnjúkavirkjun,“ segir Steingrímur. „Þegar þau sjónarmið okkar höfðu fengið byr í seglin kom Samfylkingin fram með Fagra Ísland fyrir síðustu kosningar. En það er ljóst að Fagra Ísland er fyrir bí hjá ríkisstjórn sem gerir ráð fyrir þremur álversverkefnum. Ég átti satt að segja von á að þetta myndi endast lengur en svo. Því munum við fylgjast vel með því að þeir Samfylkingarmenn sem eru mótfallnir skólagjöldum standi í lappirnar og sjái til þess að stefna flokksins í menntamálum fari ekki sömu leið og þessi fögru fyrirheit um fagurt Ísland.“

Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingar, sem á einnig sæti í menntamálanefnd, ítrekar að flokkurinn sé á móti því að skólagjöld verði tekin upp. **- jse**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Vinstri grænir segjast hafa áhyggjur af því að stefna Samfylkingarinnar í menntamálum fari sömu leið og hugmyndir þeirra um Fagra Ísland.

FORESTER

SYMMETRICAL AWD

SUBARU




ENNEMM / SIA / NM33205



## ÖFLUG ÞJÓNUSTA UM LAND ALLT

Komdu við á einum af eftirtöldum stöðum á landinu og kynntu þér nýjan og glæsilegan Subaru Forester. Forester er frábær sportjeppi sem stendur undir væntingum við íslenskar aðstæður. Kynntu þér Forester, fáðu bækling, skoðaðu gripinn í krók og kima og prufukeyrðu.

**Bjóðum upp á reynsluakstur á eftirtöldum stöðum á morgun laugardag og næstu daga.**

Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 5, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

## GENGIÐ 17.04.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,86 | 74,22 |
| Sterlingspund | 146,17 | 146,89 |
| Evra | 117,53 | 118,19 |
| Dönsk króna | 15,751 | 15,843 |
| Norsk króna | 14,870 | 14,958 |
| Sænsk króna | 12,500 | 12,574 |
| Japanskt jen | 0,7206 | 0,7248 |
| SDR | 121,28 | 122 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
150,6251

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dansk-grænlensk nefnd um ný sjálfstjórnarlög Grænlands skilar af sér:

# Sjálfstæðisréttur skjalfestur

**GRÆNLAND** Grænlendingar hafa nú fengið skjalfest að þeir séu þjóð í skilningi þjóðaréttar og hafi þar með rétt til að lýsa yfir sjálfstæði frá Danmörku. Þetta er meðal þess sem kveðið er á um í frumvarpi að nýjum sjálfsstjórnarlögum sem undirritað var í gær. Frumvarpið er afrakstur fjögurra ára vinnu dansk-grænlenskrar þingmannanefndar.

Guðmundur Alfreðsson þjóðréttarfræðingur sat sem sérfræðiráðgjafi í nefndinni. Í samtali við Fréttablaðið segir hann frumvarpið vera „tvímælalaust mjög stórt skref“ fyrir Grænlendinga sem þjóð. Allt líti út fyrir að frumvarpið verði samþykkt bæði á grænlenska landsþinginu og danska þjóðþinginu. Síðan verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um það á Grænlandi.

„Aðalefnisinnihaldið snýst um yfirfærslu á fleiri málaflokkum til landstjórnarinnar í þrjátíu liðum. Þar á meðal er stjórnun náttúruauðlinda, dómstólakerfið, aukin þátttaka í alþjóðasamvinnu og fleiri stórir málaflokkar,“ segir Guðmundur.

Meðal annarra mikilvægra breytinga sem nýju sjálfstjórnarlögin innleiði nefnir Guðmundur að framvegis verði grænlenska eina opinbera tungumálið á Grænlandi, ekki bæði grænlenska og danska eins og verið hefur. - aa



**ÁFANGI** Í nýju lögunum, sem koma í stað heimastjórnarlaga frá 1979, er kveðið á um rétt Grænlendinga til fulls sjálfstæðis.

Sættir í Keníu:

# Odinga tekur við embætti

**KENÍA, AP** Raila Odinga, helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Keníu, tók í gær við embætti forsætisráðherra. Fáeinum stundum síðar hét hópur óeirðaseggja því að hætta öllu ofbeldi.

Odinga hafði samið við Mwai Kibaki forseta um að þiggja forsætisráðherraembætti svo þeir tveir gætu farið saman með stjórn landsins.

Óeirðir brutust út í landinu í kjölfar forsetakosninga sem haldnar voru í lok síðasta árs. Odinga hefur haldið því staðfastlega fram að kosningatölur, sem sýna sigur Kibakis, hafi verið falsaðar. - gb

Gunnar I. Birgisson:

# Forsjárhyggja náð völdum

**SKIPULAGSMÁL** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir forsjárhyggju hafa náð völdum í skipulagsmálum á höfuðborgarsvæðinu.



GUNNAR I. BIRGISSON

Gunnar ávarpaði gesti á ráðstefnu um skipulagsmál og fasteignamarkaðinn í Laugardalshöll í gær. Hann lýsti yfir óánægju sinni með mikil afskipti ríkisvaldsins af sveitarstjórnum í þessum málum og líkti ástandinu við sögu George Orwell, 1984. „Big brother is watching you. Nú til dags fer ekkert skipulagsmál í gegn án þess að starfsmenn ríkisins séu mættir með stimplana.“ - kg

HB útskýrir tilfærslu kvóta:

# Kvóti geymdur og fluttur til

**FISKVEIÐAR Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi, og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, hafa fundað með forsvarsmönnum HB Granda til að fá skýringar á hvað hafi orðið um tæplega 8.000 tonn af bolfiski sem fyrirtækinu var úthlutað.**

**HB Grandi sagði að eitthvað hefði verið geymt á milli ára og hluti farið á skip hjá öðrum útgerðum sem fiskuðu fyrir þá í vinnslu. Um 2.000 tonn af ýsu hefði verið leigð frá fyrirtækinu. Vilhjálmur segir málið í skoðun.** - kóp

## LEIÐRÉTTING

Jóhannes Tómasson er upplýsingafulltrúi samgönguráðuneytisins en ekki Vegagerðarinnar eins og sagt var í blaðinu í gær.

# Tekjutap kallar ekki á endurmat fjárlaga

**Formaður fjárlaganefndar segir fjárlög ársins 2008 hafa verið gerð af varfærni og ekki sé ástæða til að endurskoða þau. Tekjutap ríkisins verður 75 til 150 milljarðar á næstu þremur árum. Stjórnarandstaðan gagnrýnir fjárlagagerðina.**

**FJÁRMÁL** Ekki þarf að endurskoða fjárlög fyrir árið 2008 þrátt fyrir að ríkissjóður verði af verulegum tekjum miðað við fyrri áætlanir. Þetta er mat Gunnars Svavarssonar, formanns fjárlaganefndar Alþingis. Stjórnarandstaðan telur ríkisstjórnina hafa sofið á verðinum við fjárlagagerðina; hún sé óraunsæ og hafi ekki tekið tillit til samdráttar í efnahagslífinu sem öllum hafi átti að vera ljóst að væri yfirvofandi.

Sérfræðingar í þremur háskólum og hjá greiningardeildum viðskiptabankanna, sem Fréttablaðið ræddi við, telja eðlilegt að áætla að samdráttur næstu þriggja ára muni verða fimm til tíu prósent miðað við fjárlög 2008. Þau gera ráð fyrir tekjum á þessu ári upp á 470 milljarða. Tekjutapið nemur samkvæmt því 75 til tæplega 150 milljörðum króna á þessum þremur árum.

Gunnar segir endurskoðun koma til greina þegar fjáraukalög verða til meðferðar í haust. „Þær spár sem birst hafa að undanförnu hafa gert ráð fyrir töluverðum samdrætti í efnahagslífinu og fjárlagagerðin fyrir árin 2009 og 2010 mun taka mið af henni. Það má svo minna á það að um miðjan maí verður birt skýrsla sem er ígildi ramma fjárlaga frá 2009 til 2012. Hún byggir á spá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.“

Spurður hvort gert hafi verið ráð fyrir fyrirsjáanlegum samdrætti í efnahagslífinu við gerð fjárlaga segir Gunnar að fjárlögin hafi verið gerð af varfærni. „Hins vegar er það alveg ljóst að spárnar tala sínu máli og það þarf að taka tillit til aðstæðna við gerð fjárlaga.“



**FJÁRLÖG 2008** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra kynnti fjárlögin í nóvember 2007. Efast er um að forsendur þeirra hafi staðist, ekki síst vegna hruns á hlutabréfamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



GUNNAR SVAVARSSON



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segir flokkinn hafa bent á það lengi að lægð í efnahagslífinu gæti haft umtalsverð áhrif á starfsemi ríkisins. „Það er nú komið í ljós. Það liggur fyrir að ríkið mun hafa minni tekjur af tekjuskatti og fjármagnstekjum í því ástandi sem nú ríkir. Fjárlögin taka ekki mið af þessari lægð og því er hún óraunsæ að öllu leyti. Það er augljóst að efnhagslægðin mun hafa gríðarlega mikil áhrif og það hefði verið betra að sýna meira aðhald í fjárlagagerðinni.“

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, segir ríkisstjórnina þurfa að hefjast handa. „Sofandahátturinn er öllum ljós. Menn þurfa að vakna og taka á þessari hörðu lendingu sem nú þegar er orðin staðreynd en við höfum margbent á að fjárlögin voru ekki í takt við þá stöðu sem uppi er í efnahagslífinu.“

magnush@frettabladid.is
svavar@frettabladid.is



**VALUR HEIÐAR SÆVARSSON** Er ósáttur við umferðartruflanir í kringum Löður.

Umferðartafir í Bæjarlind:

# Löður komi í veg fyrir teppu

**UMFERÐ Bæjaryfirvöld í Kópavogi segjast munu ræða við forsvarsmenn bílaþvottastöðvarinnar Löðurs í Bæjarlind vegna umferðarteppu sem myndast á svæðinu á álagstímum í þvottastöðini.**

**Þetta kemur fram í svari bæjarráðs til heildsalans og verslunarmannsins Vals Heiðars Sævarssonar, sem kvartað hafði undan því að bílar kæmust ekki inn í hverfið og að verslunarfyrirtæki þar yrðu af viðskiptum vegna öngþveitis í nálægum götum við Löður. Að því er segir í svarinu til Vals hyggst Kópavogsbær óska eftir því við fulltrúa Löðurs að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir umferðarteppuna.** - gar

Stjórnarmyndun í Hamborg:

# Samstarf CDU við Græningja

**ÞÝSKALAND, AP** Kristilegir demókratar (CDU) í Þýskalandi og Græningjar hafa myndað borgarstjórn í Hamborg. Þetta er í fyrsta sinn sem flokkarnir tveir standa saman að stjórn.

Kristilegir demókratar misstu meirihluta í Hamborg í kosningum í febrúar, en hófu stjórnarmyndunarviðræður við Græningja eftir að hafa sigrað í þingkosningum á landsvísu. - gb




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

**BONGÓBLÍÐA**
Veðrið í dag gefur upptaktinn fyrir veðrið næstu daga. Eru horfur á mildu og hægviðrasömu veðri fram yfir helgi. Í dag og á morgun verður víðast bjartviðri en á sunnudag verður heldur þungbúnara á landinu sunnan- og vestanverðu með þokubökkum með ströndum.



Á MORGUN
Hæg, breytileg átt.

SUNNUDAGUR
Hæg, breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Billund | 9° |
| Ósló | 8° |
| Stokkhólmur | 9° |
| Gautaborg | 10° |
| London | 10° |
| París | 16° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Berlín | 9° |
| Alicante | 22° |
| Mallorca | 20° |
| Basel | 17° |
| Eindhoven | 12° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 26° |
| Orlando | 27° |
| San Francisco | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Svínvirkar á grillið!

OPIÐ til 20 alla daga



Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

30% afsláttur

979 kr/kg
Verð áður 1.398.-

**Svínakótilettur**
- úr kjötborði



Holta- kjúklingur
35% afsláttur við kassa
506 kr/kg
Merkt verð 779.-

30% afsláttur við kassa
1.329 kr/kg
Merkt verð 1.898.-

40% afsláttur við kassa
437 kr/pk
Merkt verð 729.-

Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt
25% afsláttur
3.198 kr/kg
Verð áður 4.264.-

**Kjúklingalæri**
- með legg

**Íslandsgrís hnakkasneiðar**
- kryddlegnar

**Nautahamborgarar**
- 4 stk. með brauði

**Nautalundir** íslenskar
- úr kjötborði

*Ferskt með flugi!* *Landsins mesta úrval!*



Jarðarber í lausu
999 kr/kg
Verð áður 1.556.-

ferskjur
399 kr/kg
Verð áður 699.-

nektarínur
399 kr/kg
Verð áður 649.-

granatepli
499 kr/kg
Verð áður 699.-

drekaávöxtur
799 kr/kg
Verð áður 1.299.-










**Freschetta pizzur**
- einfalt, þægilegt og gott

**Kjörís** íspinnar í magnpakkningum
- eitthvað fyrir alla

**Trópí náttúrulega góði safinn**
- kominn í nýjar umbúðir

Gildir til 20. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú hætt við kaup á fasteign á síðustu sex mánuðum?*

| | |
|---|---|
| Já | 30,5% |
| Nei | 69,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú búið annars staðar en á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á vísir.is VÍSIR

Borgarfulltrúar minnihlutans vilja takmarka afsal lóðar í Hallargarði:

# Fresta enn ákvörðun um Fríkirkjuvegi 11

**REYKJAVÍKURBORG** Engin ákvörðun var tekin á fundi borgarráðs í gær um frágang sölunnar á Fríkirkjuvegi 11 til Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Á fundinum í gær var bæði rætt um fasteignina á Fríkirkjuvegi 11 og Hallargarðinn þar umhverfis. Eins og kunnugt er var húsið boðið til sölu ásamt lítilli lóð umhverfis það í ársbyrjun í fyrra. Björgólfur bauð hæst allra, 600 milljónir króna, en kvaðst vilja borga allt að 200 milljónir til viðbótar fengi hann umráð yfir nærri fjórfalt stærri hluta af Hallargarðinum en upphaflega stóð til. Eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu myndi Björgólfur með þessu móti fá nálega helming Hallargarðsins þótt almenningur myndi áfram eiga þar greiðan aðgang. Hugmyndin er meðal annars sú að tryggja athafnasvæði fyrir bíla beggja vegna hússins. Allar götur síðan hefur verið unnið að lausn þess máls.

Á borgarráðsfundinum í gær lögðu fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna fram tvær tillögur í málinu. Annars vegar var lagt til að ekki yrði samþykkt ósk Björgólfs um viðhafnaraðkomu að húsinu frá Fríkirkjuvegi þar sem það gengi of nærri Hallargarðinum. Hin tillagan var sú að núverandi leiksvæði barna austan við húsið yrði áfram til afnota fyrir börn og ungmenni í miðbænum.

Afgreiðslu þessara tillagna var frestað í borgarráði.

- gar




**HALLARGARÐURINN** Rauðu línurnar sýna lóðina sem fylgdi Fríkirkjuvegi 11 samkvæmt útboði en gula línan afmarkar skikann sem síðan hefur verið ætlað að fylgja eigninni. MYND/LOFTMYNDIR EHF.-FRÉTTABLAÐIÐ






**BANKAVIÐSKIPTI** Þeim fjölgar sem eiga í fjárhagskröggum. Mest voru vanskilin vegna bílalána og raðgreiðslusamninga.

# Fjöldi ungs fólks með langan skuldahala

**Um þrjú hundruð manns hafa leitað til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna það sem af er þessu ári. Allt árið í fyrra leituðu um 600 manns til stofunnar. Vanskil vegna raðgreiðslusamninga og bílalána aukast mest.**

**FJÁRMÁL** Heildarskuldir þeirra sem leituðu til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna jukust um tæp fimmtán prósent á milli áranna 2006 og 2007 og vanskil hafa hækkað um 33,5 prósent á sama tíma. Vanskil lána með raðgreiðslusamningi og bílalán jukust mest. Þetta kemur fram í ársskýrslu Ráðgjafarstofu en hún var kynnt í gær.

„Því miður eru blikur á lofti því bæði í mars og apríl höfum við þurft að setja fólk á biðlista en það gerðist síðast í júní í fyrra,“ segir Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu. Á síðasta ári voru 612 umsóknir afgreiddar, sem eru 15 umsóknum fleiri en árið þar á undan. „Nú hafa hins vegar þegar borist um 300 umsóknir, það eru mun fleiri en bárust á fyrstu fjórum mánuðum síðasta árs. Og umfangið er ekki minna, það er mikið af ungu fólki sem fengið hefur lán, jafnvel frá mörgum lánastofnunum, og er því með langan skuldahala.“

Hlutfall fólks á aldrinum 20 til 30 ára er svipað og þeirra í aldurshópnum fyrir ofan. „Áður var það venjulega fólk á aldrinum 30 til 40 ára sem var hvað skuldsettast en það eru venjulega einstaklingar sem eru búnir að læra og búnir að koma undir sig fótunum. En það er umhugsunarvert hvernig fyrir okkur er komið þegar ungt fólk sem er að hefja lífið er komið með svona mikinn skuldahala,“ segir hún.

Vegna þessa hefur Ráðgjafarstofa bent á mikilvægi þess að auka fræðslu um fjármál í framhaldsskólum. „Það kemur meðal annars fram í ársskýrslunni að vankunnátta í fjármálum er næstalgengasta ástæðan sem fólk gefur fyrir því af hverju það eigi í greiðsluerfiðleikum,“ segir hún. Flestir nefndu hins vegar veikindi sem helstu ástæðu.

„Það er einnig athyglisvert að af þeim sem leita til okkar hefur þeim fjölgað sem búa í leiguhúsnæði og er hlutfall þeirra nú 54 prósent,“ bæti Ásta við.

jse@frettabladid.is

### FJÖLDI AFGREIDDRA UMSÓKNA 2004-2007




HEIMILD: RÁÐGJAFARSTOFA UM FJÁRMÁL HEIMILANNA

### ALDURSDREIFING HJÁ VIÐSKIPTAVINUM RÁÐGJAFARÞJÓNUSTU UM FJÁRMÁL HEIMILANNA

| Aldur | Fjöldi 2007 | Hlutfall 2006 | 2005 | |
|---|---|---|---|---|
| <20 | 2 | 0,3% | 0,4% | 0,2% |
| 21-30 | 221 | 29,5% | 31,1% | 30,6% |
| 31-40 | 232 | 31,0% | 31,8% | 29,1% |
| 41-50 | 151 | 20,2% | 23,1% | 25,2% |
| 51-60 | 103 | 13,8% | 8,3% | 10,1% |
| 61-70 | 28 | 3,7% | 3,4% | 3,3% |
| >71 | 11 | 1,5% | 1,9% | 1,5% |
| **Samtals** | **748** | **100%** | **100%** | **100%** |

### FJÖLSKYLDUSTAÐA UMSÆKJENDA 2004-2007




HEIMILD: RÁÐGJAFARSTOFA UM FJÁRMÁL HEIMILANNA

### DÆMI UM ÁHRIF GENGISLÆKKUNAR KRÓNUNNAR Á AFBORGANIR LÁNA

**Myntkörfulán vegna bílasamnings Lýsingar. Helmingur greiddur í íslenskum krónum, 1/4 í japönsku jeni og 1/4 í svissneskum franka.**

| | Febrúar 2008 | Síðustu mánaðamót |
|---|---|---|
| Höfuðstóll | 1.460.019 | 1.906.212 |
| Afborgun | 20.974 | 28.203 |

**Tölur í íslenskum krónum.**
**Heimild: Neytendastofan**






# VERTU MEÐ ALLAR TENGINGAR Í LAGI

## HÚSVAGNATRYGGING VÍS

Húsvagnatrygging VÍS er alhliða trygging fyrir tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi, sem tekur m.a. til áreksturs, veltu, útafaksturs, eldsvoða, skriðufalls og innbús svo eitthvað sé nefnt.

**Hafðu samband við þjónustuver VÍS í síma 560 5000 eða komdu við á næstu þjónustu- skrifstofu og fáðu nánari upplýsingar.**



Þar sem tryggingar snúast um fólk

Vátryggingafélag Íslands   Ármúla 3   108 Reykjavík   Sími 560 5000   vis.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða feðgin syngja nú Sólarsömbu eftir tuttugu ára hlé?*
2. *Á hvaða elliheimili voru í leyfisleysi skráðar upplýsingar um veikindi starfsmanna?*
3. *Hvað heitir höfuðborgin í Simbabve?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Kaup framkvæmdastjóra fyrir milljarð í Glitni endurspegla ekki átök í bankanum:

# Keypti í Glitni án öryggisnets

**VIÐSKIPTI** Átök endurspeglast ekki í kaupum Kristins Þórs Geirssonar, framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs Glitnis, á hlut í bankanum fyrir tæpan milljarð í byrjun vikunnar. „Hvorki í stjórn, né hluthafahópi, þar eru engin átök og skýr sameiginleg markmið allra,“ segir Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður bankans.

Þorsteinn kveðst um leið fagna tækifærinu til að slá á sögusagnir um að kaup Kristins á hlut í bankanum séu dæmi um áhættulaus kaup forsvarsmanna banka sem oft á tíðum séu hluti af launakjörum. „Kristinn keypti í bankanum að eigin frumkvæði í gegnum fyrirtæki sitt sem stendur vel fjárhagslega og leggur fram tryggingar. Því er ekki um það að ræða að þetta sé hluti af hans starfskjörum og hann er ekki með neina sölutryggingu á þessum hlut. Hann hefur bara trú á bankanum og sjálfum sér og ákveður því að kaupa,“ segir Þorsteinn Már og bendir á að kaupin hafi farið fram á markaðsverði og uppfylli allar reglur.

Stjórnarformaður Glitnis kveðst sjálfur þeirrar skoðunar að gott sé að starfsfólk eigi hlut í fyrirtækinu þar sem það starfar og hafi af því hag að reksturinn gangi vel. „En sá hagur þarf þá líka að byggjast á raunverulegum árangri þannig að hagur hluthafa og starfsmanna fari saman. Í þessu hefur verið skekkja hingað til,“ segir hann. **- óká**



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON** Stjórnarformaður Glitnis segir kaup fyrirtækis Kristins Þórs á stórum hlut í Glitni endurspegla trú Kristins á bankanum og sjálfum sér.

Ungur Rúmeni sektaður:

# Blótaði stöðugt í Neyðarlínuna

**RÚMENÍA, AP** Rúmeni nokkur var sektaður fyrir að hafa hringt 6.442 sinnum í neyðarnúmerið 112 í þeim eina tilgangi að brúka blótsyrði við þann sem svaraði.

Læknisskoðun leiddi í ljós að hann var heill á geði en móðir hans segir hann einrænan. Hún sjái hann oft tala í símann, en viti ekki við hvern hann sé að tala.

Evrópusambandið hefur gagnrýnt Rúmeníu fyrir vankanta á neyðarnúmerakerfi landsins. Stjórnvöld í Rúmeníu segja að meira en níutíu prósent allra hringinga í númerið séu símaat eða ástæðulausar hringingar. **- gb**









**FLUGVÉL ICELANDAIR** Flugmenn, flugfreyjur og flugþjónar eru að undirbúa verkfallsaðgerðir. Þetta var samþykkt á fundi í fyrrakvöld. Tilkynna þarf atvinnurekanda verkfallsboðun með sjö daga fyrirvara.

# Flugfólk undirbýr verkfall

**Atvinnuflugmenn, flugfreyjur og flugþjónar undirbúa verkfallsaðgerðir hjá Icelandair. Formenn BSRB taka í dag ákvörðun um það hvort opinberir starfsmenn vilji gera samning til eins árs.**

**KJARAMÁL** Flugmenn og flugfreyjur hjá Icelandair hafa ákveðið að undirbúa verkfallsboðun. Trúnaðarráð, samninganefnd og kjörstjórn hittast hjá flugfreyjum í næstu viku til að fara yfir hvenær áætlað verkfall á að vera og hvernig atkvæðagreiðsla fer fram vegna þess en verkfallsboðun var samþykkt á rúmlega 100 manna félagsfundi í fyrrakvöld.

Sigrún Jónsdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands, segir að tilkynna þurfi atvinnurekanda verkfallsboðun með sjö daga fyrirvara. Aldrei sé að vita hvenær verkfall verði boðað. Samninganefnd Icelandair hafi afboðað samningafund á miðvikudagsmorgun þar sem útreikningar hafi ekki verið tilbúnir. „Við bíðum bara eftir að vera boðaðar á annan fund,“ segir hún.

Flugmenn höfðu þegar ákveðið að undirbúa verkfallsaðgerðir.

Innan SFR-stéttarfélags í almannaþjónustu er nú rætt um að semja til eins árs. Fjallað verður um málið á fundi stjórnar og allra formanna innan BSRB í dag. Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, segir að í þessu árferði nú sé skynsamlegt að gera samning til árs og láta efnahagsóvissuna ganga yfir.

„Væntanlega væri gott fyrir alla aðila að semja til eins árs. Ríkisstjórn fær þá frið til að koma þjóðarskútunni á réttan kjöl og við værum að leggja fram okkar skerf til þess að ríkisstjórnin þyrfti ekki að hafa áhyggjur af kjarasamningum.“

Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir „hóflegri“ endurskoðun kjarasamninga hjá ríkisstarfsmönnum. Sigurður Guðmundsson sérfræðingur segir að gert sé ráð fyrir samningum á svipuðum nótum og gerðir voru á almennum markaði í vetur.

Árni Stefán segir að það sé óskastaða fjármálaráðuneytisins en ekki sé víst að ríkisstarfsmenn sætti sig við það. „Þess vegna er skynsamlegt að gera skammtímasamning og láta þessa óvissu ganga yfir þannig að menn hafi fast land undir fótum til að gera langtímasamning.“

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segir að þokist í samningaviðræðum við sveitarfélögin. Umræður um launaliði séu hafnar en „við erum ekki komin á þann stað að við séum farin að henda á milli okkar tilboðum eða nokkru svoleiðis“.

Samningaviðræður eru í fullum gangi milli flugumferðarstjóra og SA.

**ghs@frettabladid.is**




# VORIÐ ER TÍMINN FYRIR PAJERO

Pajero er verðlaunajeppinn sem hefur unnið Dakar rallið sex sinnum í röð og nýtur sín alveg jafn vel við íslenskar aðstæður. Við eigum gott úrval nýlegra notaðra Pajero jeppa sem bíða bara eftir að komast út í vorið. **Þeir eru allir 7 manna og dráttarbeisli fylgir þeim öllum**. Verðið er hagstætt, komdu í heimsókn og láttu okkur koma þér á óvart.

Skoðaðu söluskrána á www.bilathing.is eða komdu til okkar á Klettháls, Laugaveg eða til umboðsmanna um land allt og finndu Pajero jeppa sem gleður þig í sumar.

Verð frá: **3.550.000,-**
og allt að: 5.650.000,-




MITSUBISHI MOTORS | HEKLA

Opið 10-18 virka daga og 12-16 laugardaga

Laugavegi 174 | sími 590 5040 | www.bilathing.is
Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*






FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Flugfrakt




Fyrir þá sem vilja vera fyrstir

**Við sækjum og sendum**
Þú getur látið okkur sækja sendinguna í fyrirtækið þitt og koma henni beint til viðtakanda.

**Hagkvæmt verð**
Það er hagstætt að senda með flugfrakt – berðu saman verð á frakt með flugi og bíl.

**Hratt og oft**
Flugfrakt er fljótlegasta leiðin til að flytja vörur og aðrar sendingar. Mikill fjöldi ferða tryggir að allar sendingar berast hratt og örugglega.

**Til/frá Reykjavík**
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag

Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 40824 04/08


Dagforeldrar í Kópavogi:

# Fá 100 þúsund í barnakerrurnar

**FÉLAGSMÁL** Dagforeldrar í Kópavogi fá 100 þúsund króna styrk hver úr bæjarsjóði til að efla starfsemi sína. Þetta samþykkti félagsmálaráð einróma eftir að formaður ráðsins hafði rætt við fulltrúa dagforeldra.

Peningastyrkinn á að nota til kaupa á kerrum eða öðru sem að gagni getur komið við reksturinn hjá dagforeldrum. Styrkurinn er skilyrtur því að viðkomandi dagforeldri starfi í að minnsta kosti eitt ár. Þá var ákveðið að verja 350 þúsund krónum til að bæta leikfangasafn fyrir dagforeldrana. - gar


**Í KÓPAVOGI** Hagur smáfólksins vænkast.


**FULLTRÚI HLUTHAFA** Páll Magnússon útvarpsstjóri ræddi við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra fyrir fundinn. Hún var eini fulltrúi hluthafa á aðalfundi Ríkisútvarpsins ohf. í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Áfram tap hjá Ríkisútvarpi

**Ríkisútvarpið ohf. tapaði 108 milljónum á fimm mánaða tímabili í fyrra. Hefði orðið 38 milljóna hagnaður nema vegna biðlauna segir útvarpsstjóri.**

**FJÖLMIÐLAR** Tap af rekstri Ríkisútvarpsins ohf. á fimm mánaða rekstrartímabili í fyrra nam ríflega 108 milljónum króna. Útvarpsstjóri segir að 38 milljóna króna gróði hefði orðið á starfseminni ef félagið hefði ekki tekið yfir biðlaunaskuldbindingar frá því félagið var ríkisstofnun.

Uppgjörið er vegna tímabilsins 1. janúar 2007, þegar Ríkisútvarpið ohf. varð til, til 31. ágúst 2007, þegar rekstrarári félagsins lauk. Uppgjörið var kynnt á aðalfundi félagsins í útvarpshúsinu við Efstaleiti í gær.

Páll Magnússon útvarpsstjóri sagði niðurstöðuna jákvæða, en líta yrði til þess að sumarmánuðirnir kæmu almennt betur út en vetrarmánuðir. Hann benti á að hið nýja félag hefði ekki byrjað á núlli, það hefði fengið 370 milljóna króna skuld í arf frá ríkisstofnuninni, auk 120 milljóna króna skuldbindingar vegna biðlauna starfsmanna.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi kvaddi sér hljóðs og benti á að alltaf hefði staðið til að Ríkisútvarpið ohf. tæki yfir biðlaunaskuldbindingarnar. Gert hefði verið ráð fyrir því að þær yrðu greiddar af framtíðartekjum félagsins. Staðið hefði verið við það sem lofað hefði verið, að nýja félagið fengi afhent 15% eigið fé.

Á fundinum var ákveðið að greiða eina eiganda félagsins, íslenska ríkinu, engan arð. Einnig var samþykkt að laun stjórnar yrðu óbreytt. Allar tillögur sem bornar voru upp á fundinum voru samþykktar samhljóða, enda aðeins Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra með atkvæðisrétt fyrir hönd íslenska ríkisins. brjann@frettabladid.is

## SKAÐLEGT AÐ GEFA UPP LAUNAKJÖR

Ómar Benediktsson, formaður stjórnar Ríkisútvarpsins, sagði í erindi á aðalfundi félagsins í gær að með því að fella félagið undir upplýsingalög hefði ekki verið hugmyndin að félagið þyrfti að veita upplýsingar um launamál einstakra starfsmanna.

Vefmiðillinn Vísir hefur krafist upplýsinga um laun tveggja yfirmanna hjá félaginu, Þórhalls Gunnarssonar, dagskrárstjóra Sjónvarps og ritstjóra Kastljóss, og Sigrúnar Stefánsdóttur, dagskrárstjóra Rásar 1 og Rásar 2.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál úrskurðaði að upplýsingarnar skyldu afhentar. Nú fjallar nefndin um kröfu starfsmannanna tveggja um að málið verði tekið fyrir að nýju, þar sem þeir voru ekki taldir aðilar málsins við umfjöllun nefndarinnar.

Páll Magnússon útvarpsstjóri sagði í samtali við Fréttablaðið eftir fundinn í gær að hann og aðrir hefðu skilið upplýsingalögin þannig að upplýsingar um launakjör einstakra starfsmanna féllu ekki undir þau.

Það myndi skerða samkeppnisstöðu félagsins þyrfti það að gefa upp launakjör þeirra, segir Páll. Því verði barist gegn úrskurðinum og málinu helst vísað til dómstóla, enda hafi það fordæmisgildi.

Páll sagði vissulega óheppilegt fyrir fyrirtækið að liggja undir ámæli um að kynbundinn launamunur fyndist hjá félaginu, skýrt væri að svo væri ekki.

**VIKA 11**

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Junphen Sriyoha:

### HAFNAÐ VEGNA HRAÐASEKTAR



Junphen sótti um íslenskan ríkisborgararétt og svarið barst henni í síðustu viku. „Þetta voru ægileg vonbrigði; mér var hafnað," segir hún vonsvikin. „Ég fékk svarbréfið síðastliðinn föstudag og þar var mér greint frá því að umsókn minni hefði verið hafnað þar sem ég hefði fengið sekt fyrir of hraðan akstur fyrir ári síðan. Ég man það að ég fékk sektina sem hljóðaði upp á 8.000 krónur. Ég hafði víst mælst á 90 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 70. Ég borgaði sektina strax en mundi þó ekki eftir því að hafa ekið of hratt. Í bréfinu sem fylgdi sektinni var reyndar greint frá því hvar ég hefði mælst en ég þekki ekki staðinn og þar sem ég er mikið á ferðinni gat ég ekki munað hvar þetta gæti verið. Og þetta eru afleiðingarnar. Í svarbréfinu kom fram að ég mætti sækja um að nýju en reyndar getur það ekki orðið fyrr en í október, ég veit ekki af hverju."

Þrátt fyrir vonbrigðin mun hún bregða undir sig betri fætinum á morgun. Þá verður haldin áramótahátíð í Vodafone-höllinni en taílensku áramótin gengu í garð 13. apríl. Junphen tekur þátt í dansatriði á hátíðinni og hefur æft stíft með danshópnum að undanförnu.

Charlotte Ólöf Ferrier:

### ER AÐ BYRJA Í PRÓFUM Í DAG



„Ferðin til New York var frábær en okkur þótti súrt að þurfa að kveðja vini okkar þar og góða veðrið," segir Charlotte. „Vikuna hef ég notað til þess að aðlagast aftur lífinu í Reykjavík og undirbúa mig fyrir prófin sem hefjast í dag. Næstu vikur verður brjálað að gera hjá mér í prófatörninni. Ég ætla svo að fara til Líberíu í lok maí og þarf að safna fyrir miðanum þangað. Ætli ég skipuleggi svo ekki einhverja viðburði næsta mánuðinn svo ég hef nóg að gera."

Rachid Benguella:

### UNDRAST HARKALEG VIÐBRÖGÐ



Rachid finnst nokkuð hart að neita Junphen um íslenskan ríkisborgararétt. „Þó að hún hafi ekið of hratt einu sinni ætti hún að fá íslenskt ríkisfang. Ég þekki mál hennar ekkert og auðvitað á fólk að fara varlega í umferðinni, passa sig á að aka ekki of hratt svo það skapi ekki óþarfa hættu. En mér finnst þetta svolítið hörð viðbrögð. Við sem hingað flytjumst viljum vera hluti af íslensku samfélagi og þar með hafa sömu réttindi og skyldur og íslendingar. Að aka of hratt ætti ekki að vera einhver allsherjar dómur yfir henni því allir gera mistök."

Samgönguráðherra afhentur undirskriftalisti gegn ferjulægi í Bakkafjöru:

# Ráðherra segir listann berast allt of seint

**SAMGÖNGUR** Samgönguráðherra, Kristjáni L. Möller, var í gær afhentur listi með 3.172 undirskriftum gegn ferjulægi í Bakkafjöru. Ráðherra segir að undirskriftirnar komi allt of seint fram.

Magnús Kristinsson, forsprakki undirskriftasöfnunarinnar, segir að þrennt vaki fyrir mönnum. „Okkur hugnast ekki Bakkafjara og viljum frekar fá hraðskreiðan Herjólf. Í öðru lagi viljum við að komið sé upp öflugri stórskipahöfn við Eiðið og í þriðja lagi viljum við spara peninga fyrir íslensku þjóðina."

Samgönguráðherra segir mótmælin allt of seint fram komin. „Málið hefur verið unnið í nánu samráði við heimamenn og verið í undirbúningi í átta ár. Ég legg áherslu á að Landeyjahöfn verði vönduð framkvæmd og veit að það er mikill stuðningur við málið í Vestmannaeyjum."

Magnús segir mótmælin vissulega hefðu mátt koma fyrr fram. Menn hafi bara ekki trúað því að málið gengi svo langt. „En varnaðarorðin eru komin fram og menn hljóta að hafa þau í huga ef tilboð eru yfir kostnaðaráætlun."

Tilboð í nýja ferju voru opnuð í gær, tvö tilboð voru gerð í verkið og var aðeins annað metið gilt. Fundað er um málið. Útboð í gerð Bakkafjöruhafnar og veglagningu hafa verið auglýst og 400 milljónir króna settar til hliðar í lagningu vegarins. **- kóp**



**MÓTMÆLIN AFHENT** Magnús Kristinsson afhendir Kristjáni L. Möller mótmæli gegn Bakkafjöruhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**ÞRIÐJI HÚNNINN** Fjögurra mánaða gamall ísbjarnarhúnn í dýragarðinum í Stuttgart var sýndur almenningi í fyrsta sinn í vikunni. Wilbaer heitir hann, og leikur sér þarna við mömmu sína, hana Corinnu, en á undan honum hafa þau Knútur í Berlín og Flyksa í Nürnberg vakið heimsathygli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Formaður Félags bæklunarlækna segist fagna en furða sig í senn:

# Skilur ekki verkefnaval nefndarinnar

**HEILBRIGÐISMÁL** „Íslenska bæklunarlæknafélagið fagnar því að það eigi að bæta þjónustuna í bæklunarlækningum á Íslandi," segir Ragnar Jónsson, formaður félags bæklunarlækna, um ákvörðun samninganefndar heilbrigðisráðherra um að skrifa undir samninga við sjúkrahúsið á Akureyri. Hann segist þó illa skilja verkefnaval nefndarinnar.

Steingrímur Ari Arason, formaður samninganefndarinnar segir samningana tvíþætta. Annars vegar sé verið að styrkja bæklunardeild sjúkrahússins til þess að þar geti farið fram fleiri gerviliðaaðgerðir, en slíkar aðgerðir aðeins farið fram inni á sjúkrahúsi. Hins vegar sé verið að bregðast við því að samingar hafi ekki tekist milli samninganefndarinnar og sjálfstætt starfandi bæklunarlækna. Því verði stefnt að því að krossbandaaðgerðir, sem aðeins hafa verið gerðar hjá sjálfstætt starfandi læknum síðustu ár, verði gerðar á sjúkrahúsinu.

Ragnar segir gleðilegt að vita til þess að fjölga eigi gerviliðaaðgerðum enda telji hann að í þær hafi verið alltof löng bið og ekki hafi sjálfstætt starfandi bæklunarlæknar getað brugðist við því. Hins vegar skilji hann ekki að krossbandaaðgerðir eigi einnig að vera gerðar á sjúkrahúsinu. „Það er í gildi samningur milli bæklunarlækna sem hafa sérhæft sig í krossbandaaðgerðum og Tryggingastofnunar. Honum hefur ekki verið sagt upp," segir hann. - kdk



**KROSSBANDAAÐGERÐIR AFTUR INN Á SPÍTALA** Ragnar Jónsson, formaður Félags Íslenskra bæklunarlækna, segist undrandi á verkefnavali samninganefndar heilbrigðisráðherra.

Þingmaður Sjálfstæðisflokks:

# Ráðherra fari ekki til Peking

**STJÓRNMÁL** Erla Ósk Ásgeirsdóttir, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, er andvíg því að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra verði við setningu og slit Ólympíuleikanna í Peking í sumar.



**ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR**

Lýsti hún skoðun sinni á Alþingi í gær. Þorgerður Katrín sagðist fara á leikana að öllu óbreyttu til þess að sýna íslensku keppendunum samstöðu. Með því væri ekki hvikað frá þeirri stefnu að mótmæla mannréttindabrotum. - bþs

Diana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins, á málfundi:

# Aðildarviðræður tækju innan við ár

**EVRÓPUMÁL** Fastlega má búast við því að ákveði Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu myndu hinar eiginlegu aðildarviðræður og fullgilding aðildarsamnings af hálfu aðildarríkja ESB taka innan við eitt ár. Þetta sagði Diana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins, í svari við fyrirspurn á málfundi sem hún talaði á í Háskóla Íslands í gær.

Á fundinum, sem Alþjóðamálastofnun HÍ og Samtök iðnaðarins stóðu að, flutti Wallis erindi um þau áhrif sem þær breytingar sem Evrópusambandið er að ganga í gegnum um þessar mundir, einkum og sér í lagi með gildistöku Lissabon-sáttmálans, munu hafa á Ísland og EES-samstarfið. Wallis þekkir vel til þeirra mála þar sem hún var lengi formaður tengslanefndar Evrópuþingsins gagnvart EFTA-ríkjunum.

Wallis vakti athygli á því að með gildistöku Lissabon-sáttmálans á næsta ári fá þjóðþing ESB-ríkjanna nýtt og aukið hlutverk í löggjafarferli sambandsins (svonefnt „gula-spjalds"-vald). Með auknu hlutverki bæði þjóðþinganna og Evrópuþingsins minnkuðu enn möguleikar Íslands til að hafa áhrif á lög og reglur sem það er síðan skuldbundið til að innleiða í gegn um EES-samninginn. - aa



**MÓTMÆLT VIÐ KRISTJÁNSBORGARHÖLL** Þúsundir hjúkrunarfræðinga mótmæltu fyrir framan Kristjánsborgarhöll í gær. MYND/ÓLAFUR RAFNAR ÓLAFSSON

# Íslendingar eru í dönsku verkfalli

**Tugir íslenskra hjúkrunarfræðinga taka þátt í verkfalli hjúkrunarfræðinga í Danmörku. „Mikil samstaða og fólk er bjartsýnt," segir Ingibjörg Björnsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Rigshospitalet.**

**DANMÖRK** Hjúkrunarfræðingar efndu til kröfugöngu, mótmæla og skemmtiatriða við Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn í gær en tugir þúsunda hjúkrunarfræðinga eru nú í verkfalli í Danmörku. Talið var að hátt í 30 þúsund manns væru á staðnum þegar mest var.

Hjúkrunarfræðingarnir krefjast þess að laun þeirra hækki um fimmtán prósent næstu þrjú árin og að stofnuð verði jafnlaunanefnd sem fái nægt fé til umráða til að geta leiðrétt ójafnrétti í launum. Þeir byrjuðu í verkfalli á miðvikudaginn.

Tæplega 200 félagsmenn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, FÍH, eru búsettir erlendis. Búast má við að stór hluti þeirra starfi við hjúkrun á hinum Norðurlöndunum, þar af minnst tugir og jafnvel hátt í hundrað í Danmörku.

Ingibjörg Hrefna Björnsdóttir er hjúkrunarfræðingur á blóðmeinadeild Rigshospitalet í Kaupmannahöfn. Hún tók þátt í kröfugöngunni í gær og sagði að í henni væru fleiri kvennastéttir, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfarar, meinafræðingar, ljósmæður og aðstoðarfólk á leikskólum. Talið er að samtals séu um 100 þúsund starfsmenn í verkfalli.

„Stemningin er rosa fín," sagði Ingibjörg Hrefna þar sem hún var fyrir framan Kristjánsborgarhöll. „Allir eru mjög jákvæðir og viljugir til að halda verkfallinu áfram. Það er mikil samstaða og fólk er bjartsýnt á að laun kvennastétta hækki."

Hjúkrunarfræðingar á öllum Norðurlöndum nema í Finnlandi eiga nú í kjaraviðræðum. Bæði í Noregi og Svíþjóð stefnir í verkfall. Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) segir að kjaraviðræður íslensku hjúkrunarfræðinganna þokist en ekki hafi fengist skýrar línur frá vinnuveitendum fyrr en á þriðjudaginn. Hjúkrunarfræðingarnir vilja gera samning til ellefu mánaða.

„Það er komin pínu hreyfing á málin," segir Elsa. „Við höfum talað um að gera stuttan samning vegna efnahagsástandsins. Miðað við verðbólguspár og horfur þá er mjög óráðlegt fyrir báða aðila að gera langan samning því að lengri samningur felur í sér þeim mun meiri kröfur. Við teljum að það sé ábyrg afstaða að fleyta okkur fram yfir þetta ástand sem er og miða við að taka langtímasamninginn í mars á næsta ári. Á þeim tíma vinnum við að framhaldinu sem tekur við þegar fer að róast í efnahagsmálunum. Þetta er vont umhverfi nú að að semja í," segir Elsa. ghs@frettabladid.is



**Í MÓTMÆLUM** Hjúkrunarfræðingarnir Elisabeth, Vibe, Maiken, Anne D., Anne F., Astrid, Lisbeth, Hildur, Sabine og Ingibjörg fyrir framan Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn. Í vagninum situr Úlfur Snorri. MYND/ÓLAFUR RAFNAR ÓLAFSSON

www.volkswagen.is

7

Sparakstur með Volkswagen

Skildu tengdó eftir heima!

Tengdamömmubox og skíðagrindur á þaki bifreiða auka loftmótstöðuna og þar með eldsneytiseyðsluna meira en þig grunar. Þess vegna er best að skilja tengdó sem oftast eftir heima.



Námskeiðin eru haldin í HEKLU við Laugaveg.
Lau. 19. apríl, kl. 10:00
Sun. 27. apríl, kl. 10:00
Lau. 3. maí, kl. 10:00
Lau. 10. maí, kl. 10:00

Skráðu þig á námskeið í sparakstri á volkswagen.is.
Aðgangur ókeypis, takmarkaður fjöldi sæta í boði!
Skráðu þig núna!

Das Auto.

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

Fíton/SÍA




## Lenovo ThinkPad fartölvur

Þann 13. febrúar 2007 var Lenovo ThinkPad fartölvu fleygt úr 8 metra hæð. Eftir fallið var hægt að kveikja á tölvunni og öll gögn héldust óskemmd. Lenovo ThinkPad fartölvur búa yfir innbyggðri magnesíum veltigrind sem ver vélbúnað og skjá tölvunnar. Þessi tækni sér til þess að þótt fartölvan verði fyrir miklu höggi haldast öll gögn óskemmd.

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja, í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni, og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherja samstæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samstæðunnar í fjórum löndum.

NÝHERJI

NÝHERJI hf. sími 569 7700 www.nyherji.is



Vertu með í Holta
MAX RAFTÆKI
habitat
HAGKAUP
Eymundsson
LÍF
Jói Fel
STUB BASM IÐJAN
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# görðum um helgina!

Klukkan eitt næstkomandi laugardag opnum við verslunarmiðstöðina Holtagarða með veglegri hátíð sem stendur yfir alla helgina.

**Komdu með fjölskylduna, skoðaðu úrvalið og eigðu ánægjulega helgi!**



Íslenskt frímerki á frímerkjauppboði í New York:

# Metið á milljónir

Uppboðsfyrirtækið Spink Shreves Galleries í New York mun hinn 16. maí næstkomandi bjóða upp safn sjaldgæfra norrænna frímerkja. Á meðal þeirra er íslenskt frímerki frá árinu 1897, sem metið er á andvirði 1,5 til 2,2 milljóna króna. Heildarandvirði frímerkjanna 110 í safninu er talið nema minnst 111 milljónum króna.

Eigandi safnsins er bandarískur auðkýfingur, Bill Gross að nafni, en hann hyggst ánafna það sem fæst fyrir safnið til þróunarhjálparverkefnisins Millennium Villages Project sem rekið er af Earth Institute-stofnuninni við Columbia-háskóla. - aa



**AURAMERKI FRÁ 1897** Verðmæta íslenska frímerkið úr safni Gross. MYND/AP

**FBL-GREINING:** VERÐBÓLGUMARKMIÐ SEÐLABANKANS

# *Höfuðglíman er stigin við verðbólguna*

Fram kemur á heimasíðu Seðlabankans að meginmarkmið í starfsemi hans er stöðugt verðlag. Það er skilgreint sem hækkun neysluverðs um tvö og hálft prósent á tólf mánaða tímabili.

**Hver eru verðbólgumarkmiðin?**
Seðlabankinn reynir að hafa áhrif á verðbólgu. Það er stefnt að því að verðbólgan haldist sem næst markmiðinu, það er um tvö og hálft prósent. Ef verðbólgan verður undir einu prósenti, eða fer yfir fjögur prósent skal Seðlabankinn gera ríkisstjórninni opinberlega grein fyrir ástæðum þess. Þá skal Seðlabankinn jafnframt gera grein fyrir leiðum til úrbóta til þess að verðbólgan haldist innan viðmiða.




**Hvaða tæki hefur Seðlabankinn?**
Helsta tæki bankans til að ná aftur verðbólgumarkmiðinu er hækkun og lækkun stýrivaxta. Stýrivextir eru vextir á sérstökum lánum gegn veði til lánastofnana. Með hækkun stýrivaxta hækka vextir á inn- og útlánum bankanna. Þannig er gert ráð fyrir að með hækkun stýrivaxta sé hagstæðara að spara, en dýrara að skulda. Slíkt dragi úr neyslu og dragi þar með úr verðbólgu. Að sama skapi er reynt að hvetja til neyslu með lækkun stýrivaxta fari verðbólga undir eitt prósent og verði í raun verðhjöðnun. Annað tæki Seðlabankans, telji bankinn ástæðu til, er að eiga viðskipti með gjaldeyri á millibankamarkaði. Seðlabankinn kaupir og selur gjaldeyri til að hafa áhrif á gengi krónunnar og þar með verðlag í landinu.

**Hvað annað gerir Seðlabankinn?**
Þótt verðbólgumarkmið Seðlabankans hafi forgang ber bankanum þó að stuðla að framgangi stefnu stjórnvalda að því marki sem hún brýtur ekki í bága við verðbólgumarkmiðið. Enfremur á bankinn að sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, til dæmis að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi að meðtöldu greiðslukerfi í landinu og við útlönd.
„Fleiri verkefni mætti upp telja, svo sem útgáfu seðla og myntar, framkvæmd gengismála og fleira,“ segir á heimasíðu Seðlabankans. **Heimild: Seðlabanki Íslands**

Fatamarkaður
RAUÐA KROSSINS
18. & 19. apríl



Kópavogsdeild Rauða krossins heldur fata- og nytjamarkað **föstudaginn 18. apríl kl. 14-18** og **laugardaginn 19. apríl kl. 11-17** í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð. Seld verða notuð föt á konur, karla, ungmenni og börn, ásamt alls kyns varningi. **Verð 300 til 1.500 kr.**

**Allur ágóði rennur til að styrkja ungmenni í Mósambík til mennta.**
Nemendur MK í áfanga um sjálfboðið Rauða kross starf sjá um markaðinn.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

**FRÉTTASKÝRING:** Fjármálakreppa


**SKJÓL Í EVRUNNI** Gros segir evruvæðingu vera augljósustu langtímaleiðina út úr vanda íslenzka fjármálakerfisins.

# Bankarnir of stórir til að vera bjargað í þrautum?

**Þrautalánveitandi stóru íslenzku bankanna þriggja væri ekki fær um að bjarga svo mikið sem einum þeirra, ef afskriftir erlendra eigna myndu koma einum þeirra í þrot. Þetta er meginniðurstaða í nýrri úttekt á vanda íslenzka fjármálakerfisins eftir Daniel Gros, forstöðumann rannsókna- og ráðgjafarstofnunarinnar Centre for European Policy Studies (CEPS) í Brussel.**

Í niðurlagi skýrslu sinnar skrifar Daniel Gros: „Höfuðáhættan fyrir Ísland liggur í því að erlendar eignir bankanna, sem voru keyptar með mikilli skuldsetningu, kunni að falla í verði niður fyrir það sem þeir borguðu fyrir þær. Færi svo ykist erlend skuldabyrði landsins enn frekar og íslenzk stjórnvöld yrðu væntanlega að gera það sem í þeirra valdi stæði til að forða bönkunum frá lausafjárþurrð. Þar sem þetta myndi augsýnilega vera ríkissjóði og Seðlabanka Íslands fjárhagslega um megn væri bezta lausnin á þessu yfirvofandi vandamáli að selja bankana, sem eru „of stórir til að vera bjargað“, erlendum bankasamsteypum.“

**Hæpnar ályktanir**
Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir þessar ályktanir Gros hæpnar enda virðist frekar grunn greining liggja að baki þeim; til að mynda verði ekki greint að hann hafi skoðað nánar eignir eða ársreikninga íslenzku bankanna. Stærstu erlendu einingarnar sem bæði Kaupþing og hinir íslenzku bankarnir eiga erlendis hafi aðgang að fleiri þrautalánveitendum en hérlendum og þær sé jafnframt hægt að selja með fremur hægum hætti eða í hlutum, ef þannig ber undir. Þannig sé til dæmis danski fjárfestingarbankinn FIH, sem er stærsta einingin sem Kaupþing hefur yfirtekið erlendis, á fyrirtækjaskrá í Danmörku og á sem slíkur aðgang að þrautalánum hjá danska seðlabankanum. Það sé þannig fjarstæðukennt að reikna saman allar skuldbindingar bankanna erlendis og halda því fram að sú staða gæti komið upp að Seðlabanki Íslands og íslenzki ríkissjóðurinn þyrftu að axla ábyrgðir á þeim öllum.

Ásgeir segir ennfremur að sú gagnrýni hafi enn ekki komið fram í allri þeirri umfjöllun sem íslenzku bankarnir hafa fengið að undanförnu í alþjóðlegu fjármálapressunni og hjá greiningardeildum erlendra fjármálastofnana að erlendar eignir þeirra væru vafasamar. Þvert á móti væru þær taldar mjög traustar. „Enda eru umsvif bankanna erlendis viss vörn fyrir þá gegn íslenzkum hagsveiflum,“ bætir Ásgeir við.


**ÁSGEIR JÓNSSON**

Þá bendir Ásgeir einnig á að tap vegna erlendra dótturfélaga myndi fyrst og fremst lenda á hluthöfum bankanna. Þeir hefðu margir hverjir, svo sem lífeyrissjóðir, ágæta burði til að leggja bönkunum til nýtt eigið fé. Það sé mjög erfitt að sjá að bankarnir gætu tapað svo miklu fé á erlendum starfsstöðvum að það réttlætti að útmála það sem eins mikla ógn við þjóðarhagsmuni og Gros gerir.

**Eitraður kokkteill**
Í skýrslu sinni, sem ber yfirskriftina „Iceland on the brink? Options for a Small, Financially Active Economy in the Current Financial Crisis Environment“ og er birt sem svokallað „Policy Brief“ í ritröð sem margir stjórnendur í Evrópusambandslöndunum eru áskrifendur að, skrifar Gros að íslenzka bankakerfið hafi svo að segja vaxið landinu yfir höfuð. Þessi þróun hafi í reynd „umbreytt landinu í vogunarsjóð“. Hann ber Ísland saman við þrjú önnur Evrópulönd með umsvifamikla fjármálastarfsemi, Lúxemborg, Kýpur og Sviss. Hann bendir á að stjórnvöld í Lúxemborg hafi forðazt að axla hlutverk þrautalánveitanda og í Sviss hafi seðlabankinn ávallt séð til þess að hann byggi yfir nógu digrum sjóðum í öllum helztu viðskiptamyntum og erlendum eignum til að geta veitt svissnesku bönkunum nægileg þrautalán ef í harðbakkann slægi.

Gros heldur því ennfremur fram að þenslan á húsnæðismarkaðnum hérlendis, sem sé hlutfallslega meiri en bólan sem nú er sprungin bæði á Spáni og í Bandaríkjunum, bæti gráu ofan á svart; samverkun húsnæðisbólu, mikillar erlendrar skuldsetningar, gengisfalls gjaldmiðilsins og bankakreppu skapi eitraðan kokkteil sem geri að verkum að landið eigi á hættu að fara sérstaklega illa út úr alþjóðlegu fjármálakreppunni.

**Evruvæðing**
Gros rekur hvernig hinar miklu gengissveiflur íslenzku krónunnar valda öllu hagkerfinu vandræðum. Sérstakt áhyggjuefni sé hið nána samhengi sveiflna á gengi krónunnar og hlutabréfa í íslenzku kauphöllinni. Þetta komi ekki sízt til af því að við gengisfall krónunnar eiga íslenzk fyrirtæki erfiðara með að þjónusta lán sem þau hafa tekið í erlendri mynt (í gegn um íslenzku bankana). Augljósasta leiðin til að losna við þennan skaðlega óstöðugleika væri evruvæðing, og þá með fullri aðild að Efnahags- og myntbandalaginu (sem ekki fæst nema með fullri aðild að Evrópusambandinu). Núverandi vandi myndi að mestu leysast við að fá Seðlabanka Evrópu sem bakhjarl íslenzka fjármálakerfisins. Gengissveiflur krónunnar yllu því reyndar, að erfitt væri að ákvarða „rétt“ gengi hennar gagnvart evrunni þegar Ísland gengi inn í hana. En hvort sem litið væri á vöru- eða fjármálaviðskipti myndi evruaðild koma Íslandi vel og stuðla bæði að stöðugleika, hækkuðu hlutfalli utanríkisviðskipta af þjóðarframleiðslu og hagvexti til lengri tíma.


FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

## EVRÓPUHUGVEITAN CEPS

Centre for European Policy Studies, CEPS, er rannsókna- og ráðgjafarstofnun í Brussel, „hugveita“, sem vinnur að rannsóknum sem „leiða til lausna á áskorunum sem Evrópa stendur frammi fyrir“, eins og segir í kynningu á heimasíðu stofnunarinnar.


**DANIEL GROS**

CEPS er ein þekktasta óháða stofnunin sem sérhæfir sig í rannsóknum á Evrópumálum. Hún var stofnuð árið 1983 og nýtur fjárstuðnings frá stofnunum ESB, ríkisstjórnum ýmissa Evrópuríkja, óháðum sjóðum, einkasamtökum, eigin útgáfu, skipulagningu viðburða á borð við málfundi, og aðildargjöld. Á vegum CEPS starfar bæði fastráðið starfsfólk, rannsóknafélagar við samstarfsstofnanir við háskóla í ýmsum Evrópulöndum og starfsþjálfunarnemar.

Þýski hagfræðingurinn Daniel Gros hefur starfað við stofnunina frá árinu 1990 og veitt henni forstöðu undanfarin ár. Helstu rannsóknasvið hans eru áhrif evrunnar á fjármála- og vinnumarkaði og alþjóðleg áhrif evrunnar, einkum og sér í lagi í nýjustu aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Fréttablaðið birti viðtal um evrumál við Gros 9. júlí 2006 og hann fjallaði um þau einnig á fundi á vegum Samtaka atvinnulífsins í janúar sl.






# MOLTEX M SELECTION

EGG kynnir nýja og spennandi línu frá sænska hönnunarfyrirtækinu Moltex.

Helsti styrkur þeirra liggur m.a. í fjölbreytileika og fágun.

Tímaleysi hönnunarinnar birtist best í sérstæðri línu Moltex, M-Selection, þar sem áhersla er lögð á glæsileika.

Sérvaldir litirnir undirstrika gæðin og fágað yfirbragð hlutanna. Silkigljáinn er áberandi og fínleg bómullin virðist enn mýkri.



Innréttingar Húsgögn Hreinlætistæki Parket Flísar Ljós Raftæki Gjafavara Heimilistæki Búsáhöld Hurðir Hönnunarsetur

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG
SMÁRATORGI

EGG Smáratorgi Sími 525 3400 www.egg.is egg@egg.is Opið virka daga 10 - 18 Laugardaga 11 - 18 Sunnudaga 12 - 17

**BLAÐBERINN:** Endurvinnslutaska Fréttablaðsins

## HVATT TIL ENDURVINNSLU

Herferð Fréttablaðsins sem snýr að því að hvetja landsmenn til endurvinnslu á dagblaðapappír hófst formlega í gær. Fréttablaðið mun gefa landsmönnum þrjátíu þúsund eintök af sérhannaðri tösku, Blaðberanum, eftir Tinnu Gunnarsdóttur hönnuð. Taskan mun einfalda fólki utanumhald á dagblöðum og er hentug til að grípa með sér að næsta endurvinnslugámi.

Herferðinni var formlega ýtt úr vör með því að gefa fyrstu töskurnar á þekktasta blaðsöluhorni landsins, gatnamótum Austurstrætis og Pósthússtrætis. Dreifing töskunnar fer fram í dag klukkan 16.30 til 19 og á laugardag frá klukkan 11 til 18 á eftirfarandi stöðum: Kringlunni, Smáralind, Bónus Fiskislóð, Bónus Holtagörðum og Hagkaupum Eiðistorgi. Einnig verður hægt að nálgast töskuna í afgreiðslu 365 miðla í Skaftahlíð 24 sem opin er milli 8 og 17 alla virka daga.



## SKILAR ÞÚ DAGBLÖÐUM Í ENDURVINNSLU?



**GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR, KENNARI** *Já, það geri ég og finnst það sjálfsagt mál út frá umhverfisþættinum.*



**BÖRKUR EIRÍKSSON, Á EFTIRLAUNUM** *Já, alltaf hreint. Mér finnst hryllilegt að fara með þennan haug niður í tunnu en ekkert mál að fara með þetta í Sorpu.*



**TANJA DÖGG GUÐJÓNSDÓTTIR, HÓTELSTARFSMAÐUR** *Nei, ekki ég sjálf. Ég bý heima hjá mömmu og pabba í Vestmannaeyjum og gæti trúað að blöð séu flokkuð á heimilinu, en ég er ekki viss.*



**JÓN GUNNAR ÞÓRHALLSSON, STARFSMAÐUR HINS OPINBERA** *Nei, ég fæ engin dagblöð þar sem ég bý, en ef svo væri myndi ég hugsanlega endurvinna þau. Maður reynir að vera meðvitaður um umhverfið.*



**EMIL HJARTARSON, FYRRVERANDI KENNARI** *Já, ég skila dagblöðum í endurvinnslu daglega. Það er hægt að nota þessi blöð í ýmislegt annað, ekki satt?*



**HÖNNUN** Tinna Gunnarsdóttir á heiðurinn af hönnun Blaðberans. Við hönnunina hafði hún hringrás náttúrunnar í huga og valdi efni sem er slitsterkt og umhverfisvænt. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Mynstrið vísar í hringrás náttúrunnar

Blaðberinn kallast poki sem lesendur Fréttablaðsins geta safnað blöðum í og farið með í endurvinnslu. **Tinna Gunnarsdóttir** vöruhönnuður hafði hringrás náttúrunnar í huga við hönnun pokans.

„Það var aðallega tvennt sem ég lagði upp með; annars vegar að pokinn gæti staðið sem blaðakarfa á gólfinu og verið til prýði og hins vegar að auðvelt væri að bera hann,“ segir vöruhönnuðurinn Tinna Gunnarsdóttir um leið og hún bendir á hálffullan Blaðbera á eldhúsgólfinu heima hjá sér sem er þegar komin í notkun.

Tinna hefur getið sér gott orð fyrir hönnun sína undanfarin ár og var ánægð þegar hún var beðin um að hanna endurvinnslupokann fyrir Fréttablaðið. „Mér fannst þetta spennandi og skemmtilegt verkefni enda markmiðið afar jákvætt. Hugmyndin er auðvitað sú að fólk verði duglegra að fara með blöðin í endurvinnsluna og ég vona svo sannarlega að svo verði,“ segir Tinna.

Þótt pokinn virðist ósköp einfaldur þurfti Tinna að hafa ýmislegt í huga við hönnun hans. Þannig skipti máli að hann væri ekki of stór og eins að hann gæti sómt sér vel á sem flestum heimilum. „Ég vildi hafa hann frekar hlutlausan og þess vegna varð grái liturinn fyrir valinu,“ útskýrir Tinna og bætir við að efnið sem pokinn er gerður úr sé afar slitsterkt og bæði umhverfisvænt og endurvinnanlegt. Pokinn er nettur og fyrirferðarlítill og dagblöðin smellpassa ofan í hann.

„Það sem skipti síðan hvað mestu máli var að pokinn væri meðfærilegur. Ég kaus að setja á hann langar ólar svo þægilegt væri að bera hann á öxlinni. Helst ætti fólk að geta rölt í næsta endurvinnslugám með pokann,“ segir Tinna, sem lagðist sjálf í hálfgerða endurvinnslu í hönnunarferlinu.

„Það má eiginlega segja að ég sé að endurvinna hugmyndir því munstrið á blaðberanum er ekki alveg nýtt,“ útskýrir hún og bendir á línurnar á pokanum, sem virðast í fyrstu óreglulegar. Munstrið er tekið úr verkefni sem Tinna kallar Haustblóm en þar vinnur hún með rotnandi blóm.

**VISSIR ÞÚ** að endurvinnsla á einu tonni af pappír sparar 900 kíló af koltvíoxíði?

„Mér þótti tilvalið að vinna áfram með þessar hugmyndir enda hentuðu þær vel fyrir verkefnið. Á haustin þegar laufblöðin falla og blómin sölna er hringrás náttúrunnar svo áberandi og með því að hvetja fólk til að endurvinna dagblöðin erum við líka að fjalla um ákveðna hringrás,“ segir Tinna en mynstrið á blaðberanum sýnir útlínur fölnaðrar sírenu.

„Ég ákvað að vinna bara með útlínurnar í þetta sinn og prenta þær aftur og aftur hvað ofan í annað svo úr yrði óreglulegt munstur, svipað og þegar laufblöðin liggja í hrúgum á haustin og maður getur ekki greint hvar eitt laufblað endar og það næsta byrjar,“ segir Tinna, sem er ánægð með útkomuna. „Mér finnst þetta bara þrælsmart taska og sé jafnvel fyrir mér að í henni megi bera ýmislegt. En auðvitað vona ég að hún verði alltaf tilbúin undir blöðin,“ segir hún og hlær. - **þo**

# Umhverfisvernd og nýting verðmæta

Útgáfufélag Fréttablaðsins, 365, hefur látið hanna og framleiða sérstaka endurvinnslutösku fyrir dagblöð. Taskan er kölluð Blaðberinn. Hún er ætluð fyrir heimili landsins og er ókeypis í anda Fréttablaðins.

Jón Kaldal, ritstjóri Fréttablaðins, segir að hugmyndin að baki framtakinu sé að efla vitund um umhverfisvernd og nýtingu verðmæta. „Það er nánast skylda okkar, sem stöndum að útgáfu Fréttablaðsins, að vera í fararbroddi þeirra sem hvetja til þess að dagblöð rati í endurvinnslu í stað þess að vera hent með almennu heimilissorpi. Allt of mikið af pappír er urðað eins og staðan er núna. Þetta er neikvætt á að minnsta kosti tvo vegu. Í fyrsta lagi ber þetta ekki vott um góða umgengni við umhverfið, og í öðru lagi fara mikil verðmæti til spillis þegar pappír er grafinn í jörðu,“ segir Jón.

Fimm dagblöð eru gefin út hér á landi, þar ef tvö sem eru borin út á stóran hluta heimila. „Það er mikið magn af dagblaðapappír sem kemur inn um lúguna hjá manni í hverri viku auk alls kyns auglýsingapésa. Á vissan hátt erum við að taka þennan slag fyrir alla útgefendurna, því Blaðberinn er að sjálfsögðu ekki aðeins ætlaður til að hjálpa við endurvinnslu á Fréttablaðinu, heldur líka Morgunblaðinu, DV, 24 stundum og Viðskiptablaðinu.“

Að sögn Jóns hafa verið framleiddir þrjátíu þúsund Blaðberar og ef þeir klárast hratt verða umsvifalaust fleiri pantaðir.



**ÞRJÁTÍU ÞÚSUND BLAÐBERAR** Jón Kaldal innan um stæður af Blaðberum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**BLAÐBERINN:** Endurvinnslutaska Fréttablaðsins

# Betur má ef duga skal

Það er tvímælalaust hagkvæmt að endurvinna pappír að mati **Björns H. Halldórssonar** framkvæmdastjóra Sorpu. Hann segir Íslendinga duglega að endurvinna en telur að þeir gætu engu að síður staðið sig betur.

Með tilkomu Sorpu á höfuðborgarsvæðinu fór viðhorf almennings til flokkunar á úrgangi að breytast og ekki þótti lengur sjálfsagt að henda hverju sem er á ruslahauga. Sorpa veitir ákveðnar lausnir í úrgangsmálum enda er það skylda fyrirtækisins að uppfylla þá lagaskyldu sem lögð er á sveitarfélögin að sjá til þess að fyrir hendi séu lausnir í úrgangsmálum.

„Þær lausnir þurfa að vera í sátt við umhverfið, skila umhverfislegum ávinningi og vera sem hagkvæmastar fyrir eigendur fyrirtækisins, sem eru allur almenningur á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu. Hann segir Íslendinga vera duglega við að endurvinna, en endurvinnsluhlutfall þess úrgangs sem um Sorpu fer er á bilinu 35 til 40 prósent, sem telst nokkuð gott. „En betur má ef duga skal,“ segir Björn.

Spurður hvort endurvinna megi nánast hvað sem er segir Björn það alltaf spurningu um hve miklu megi til kosta. „Það má endurvinna nánast allt, annað hvort til efnisendurvinnslu eins og pappír eða pappa eða til orkuvinnslu. Spurningin snýst því um kostnað og ekki síður hvaða umhverfislegum ávinningi hægt er að ná fyrir þann kostnað.“

Hann segir það jafnframt tvímælalaust hagkvæmt að endurvinna pappír, en samkvæmt gjaldskrá Sorpu er kostnaður við móttöku og urðun á almennum úrgangi, til dæmis heimilisúrgangi, 11,27 krónur á hvert kíló en fyrir dagblöð og tímarit er móttökugjaldið 3,00 krónur fyrir hvert kíló. „Magn dagblaðapappírs um endurvinnslustöðvarnar og grenndargáma hefur verið um 2.000 til 3.000 tonn undanfarin ár. Um fjörutíu prósent úrgangs koma frá heimilunum og samkvæmt könnunum sem hafa verið framkvæmdar hjá Sorpu undanfarin ár er magn dagblaða, tímarita og dreifipósts um 21 til 27 prósent af þeim heimilisúrgangi sem safnað er á höfuðborgarsvæðinu,“ segir hann. **- keþ**

**VISSIR ÞÚ**
að talið er að hver meðalfjölskylda á Íslandi hendi árlega pappír sem gerður er úr um það bil sex trjám?



**ÍSLENDINGAR DUGLEGIR AÐ ENDURVINNA** Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, segir Íslendinga duglega að endurvinna sorp en þó megi alltaf gera betur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Prentað á umhverfisvænan pappír

Pappírinn sem Fréttablaðið er prentað á kemur allur úr nytjaskógum og er að fjórðungi endurunninn pappír. Ísafoldarprentsmiðja sem prentar Fréttablaðið notar aðeins pappír sem unninn er samkvæmt ströngustu náttúruverndarstöðlum að sögn Kjartans Kjartanssonar, prentsmiðjustjóra Ísafoldarprentsmiðju.

„Trén sem notuð eru í pappírinn sem við prentum Fréttablaðið á eru sérstaklega ræktuð til notkunar á pappírsframleiðslu, sem þýðir að ekki er gengið á villta skóga við framleiðsluna,“ segir Kjartan.

Pappírinn er framleiddur í pappírsmyllum í Kanada og Noregi sem nota eingöngu tré úr nytjaskógum. Eins og gefur að skilja eru nytjaskógarnir gríðarlega stórir og segir Kjartan að áhersla sé lögð á að viðhalda náttúrulegu vistkerfi skógarins.

„Hluti af skóginum er brenndur, eins og gerist eðlilega í náttúrunni til að viðhalda náttúrulegri bakteríuflóru. Það að auki er skógurinn aðeins grisjaður eins mikið og hann þolir án þess að skaða hann og er fimmta til tíunda tré skilið eftir þegar verið er að höggva skóginn og nýjum trjám plantað reglulega,“ segir Kjartan.

Pappírsframleiðendur hafa verið gagnrýndir fyrir að menga vatnið sem þeir nota við framleiðsluna, en Kjartan segir að það sé liðin tíð. Nú orðið hreinsi pappírsmyllurnar vatnið og sé það í drykkjarhæfu ástandi þegar því sé skilað frá verksmiðjunni.

„Pappírsmyllan Norske Skog, sem við kaupum pappír af, stendur við flóa og þar hreinsa þeir allt vatnið. Og nú kvarta menn í bæjarfélaginu ekki lengur undan menguðu vatni heldur of hreinu,“ segir Kjartan og hlær.



**UMHVERFISVERND** „Við kaupum ekki pappír nema hann fylgir ströngustu umhverfisstöðlum og helst strangari en hefðbundnir umhverfisstaðlar kveða á um,“ segir Kjartan Kjartansson prentsmiðjustjóri Ísafoldarprentsmiðju sem prentar Fréttablaðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Norske Skog er pappírsframleiðandi sem er leiðandi í náttúruvænni framleiðslu á pappír. Fyrirtækið var meðal stofnanda Svansmerkisins sem er umhverfismerki Norðurlandanna og uppfyllir því alla umhverfisstaðla merkisins og gott betur. Norskeskog hefur lagt sig fram við að stíga skrefinu lengra og mæta harðari kröfum um náttúruvernd en helstu umhverfismerki kveða á um. Fyrirtækið hefur jafnframt sett sér það markmið að draga úr gróðurhúsalosandi efnum um 25 prósent fyrir árið 2020.

„Við kaupum ekki pappír nema hann fylgi ströngustu umhverfisstöðlum og helst strangari en hefðbundnir umhverfisstaðlar kveða á um,“ segir Kjartan. Spurður um blekið sem notað er við prentunina segir hann: „Farvinn er að hluta til unninn úr jurtaolíu, og sá sem við notum kemur frá Svíþjóð. Allt sem fellur til af honum sendum við til baka til endurvinnslu. Eins er með allan úrgang frá okkur, við sendum allt til endurvinnslu. Allur afgangur af Fréttablaðinu, bæði afskurður hér í prentsmiðjunni og þau blöð sem send eru til baka, er baggaður og sendur til endurvinnslu til Hollands. Hér er engu hent.“ **- keþ**

## EITT OG ANNAÐ



### Þægindi við flokkun úrgangs alltaf að aukast

Óþægindi eru talin ein helsta ástæða þess að fólk kemur ekki úrgangi til endurvinnslu. Á síðustu árum hefur fólki verið gert auðveldara fyrir að flokka úrgang til endurvinnslu með tilkomu bláu og grænu tunnunnar og allra þeirra endurvinnslugáma sem hefur verið komið víða fyrir. Helsta hvatningin er þó að vera vel upplýstur um mikilvægi endurvinnslu. Gagnlegar upplýsingar má finna á þessum vefsíðum:

**SORPA.IS ● NATTURAN.IS ● GREEN-NETWORLD.COM ● BLUEEGG.COM ● NRDC.ORG/GREENLIVING**

### Ég er ekki plastpoki




I'm not a plastic bag, eða ég er ekki plastpoki, var áletrunin á taupoka sem fólk stóð í allt að þrjá klukkutíma í biðröðum til að eignast síðasta sumar. Anya Hindmarch er þekktur tískuhönnuður í London og er meðal annars þekkt fyrir töskur sem hún kallar Be a bag eða vertu taska með áprentuðum ljósmyndum úr fjölskyldualbúmum.

Ljósmyndir náðust af frægu fólki úti á götum með töskuna I'm not a plastic bag, sem jók töluvert á vinsældirnar.

Markmiðið var að fá fólk til umhugsunar um notkun sína á plastpokum og hvetja það til að nota poka, tuðrur eða töskur sem hægt er að nota aftur við innkaup. Olíu þarf til að framleiða plastpoka og eru þeir mjög lengi að brotna niður í náttúrunni. Kæmi minnkandi notkun á þeim umhverfinu því til góða.

Taskan var framleidd í takmörkuðu upplagi og seldist fljótt upp. Aftur á móti tóku menn fljótt við sér þegar þeir sáu hversu vinsæl taskan var og hófu að framleiða eftirlíkingar sem fást meðal annars hjá götusölum í London. Verslanir sem sérhæfa sig í sölu á lífrænni matvöru hafa þó lengi selt taupoka sem hægt er að nota við innkaup og má til dæmis fá einn slíkan í versluninni Yggdrasil.

Frekari upplýsingar um kosti þess að nota endurnýtanlega poka í stað plastpoka má fá á þessari vefsíðu: www.reusablebags.com.

### Flokkun heimilissorps

SORPA framkvæmir rannsóknarverkefni sem kallast flokkun heimilissorps í nóvember á hverju ári. Starfsmenn Sorpu fara þá í gegnum 100 kíló af húsasorpi úr hverju póstnúmeri á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið með verkefninu er að skoða samsetningu heimilissorpsins og þróun í mismunandi efnisflokkum milli ára. Niðurstöður þessarar könnunar gefa fyrirtækinu nákvæmustu hugmynd um magn hvers flokks heimilissorps. Matarleifar hafa til dæmis verið stærsti flokkurinn síðustu ár en árið 2006 tóku dagblöð, tímarit og auglýsingapóstur forystuna og voru þá 26,6 prósent af heimilissorpi. Árið 2007 voru þau komin niður í 21 prósent. Í ársskýrslu SORPU sem er að finna á heimasíðu fyrirtækisins er greint frá verkefninu. Sjá www.sorpa.is/user/publication/19.



**BLAÐBERINN:** Endurvinnslutaska Fréttablaðsins

# Hvað verður um pappírinn?



**BLAÐBERI** Þegar Blaðberinn er orðinn fullur af blöðum er tími til að koma honum í endurvinnslu. Er þá um nokkrar leiðir að velja.



**GRENNDARGÁMUR** Hægt er að fara með pappírinn í grenndargáma Sorpu sem eru í öllum hverfum á höfuðborgarsvæðinu.



**ENDURVINNSLUSTÖÐ** Pappírinn er hægt að fara með á endurvinnslustöðvar Sorpu, í sérmerkta gáma; annars vegar græna gáma sem eru undir sléttan pappa og hins vegar bláa gáma sem eru undir laus blöð og tímarit.



**TUNNUR** Hægt er að panta bláa tunnu hjá Reykjavíkurborg, græna tunnu hjá Íslenska gámafélaginu og endurvinnslutunnuna hjá Gámaþjónustunni sem má setja pappírinn í. Pappír úr bláu tunnunni er fluttur til Sorpu.



**FLUTNINGUR** Pappír sem endar hjá Sorpu er fluttur til móttöku- og flokkunarstöðvar Sorpu í Gufunesi þar sem hann er pressaður saman og vírbundinn í 500 kílóa bagga. Pappírinn er síðan sendur til Svíþjóðar í fjörutíu feta gámum þar sem fyrirtækið Il recycling tekur við honum.



**AFURÐ** Il recycling sendir pappírinn meðal annars áfram til SCA í Lille Edet, þar sem framleiddur er salernispappír og eldhúspappír undir vörumerkjunum Edet og Tork.

# Hvert á að fara með dagblöð í endurvinnslu?

Göngutúrar með blaðberann, endurvinnslupoka Fréttablaðsins, geta bæði verið örstuttir í blaðatunnuna heima, eða lengri til heilsubóta í næsta grenndargám.

Þegar blaðberinn er orðinn fullur af vel lesnum dagblöðum er komið að því að koma blöðunum í endurvinnslu. Til þess eru ýmsar leiðir, sem allar miðast að því endurvinna pappírinn sem er afar verðmætt hráefni, en á árinu 2007 voru send utan til endurvinnslu 6.884 tonn af pappír, en það magn dugar til framleiðslu á yfir þrjátíu milljón klósettrúllum!

Á höfuðborgarsvæðinu finnast í öllum hverfum grenndargámar Sorpu, en einnig má skila pappír á endurvinnslustöðvar Sorpu, í sérmerkta gáma.

Grenndarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu eru um áttatíu talsins, en á hverri stöð eru tveir gámar sem í má setja flokkaðan úrgang: Laus dagblöð og tímarit í þann bláa, en umbúðir úr sléttum pappa í þann græna.




**ENDURVINNSLUSTÖÐ** Blaðagámur á endurvinnslustöð Sorpu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þá er hægt að panta endurvinnslutunnur í sorpgeymsluna heima, en slíkar tunnur útvega þrír aðilar gegn vægu mánaðargjaldi. Það eru Reykjavíkurborg með Bláu tunnunna (eingöngu fyrir pappír), Íslenska gámafélagið með Grænu tunnuna og Gámaþjónustan með Endurvinnslutunnuna, en í þær tvær síðastnefndu má setja sjö flokka endurnýtanlegs úrgangs. Sjá www.sorpu.is, gamur.is og www.gamar.is

- þlg

## Fræðsla mikilvægur þáttur

Umhverfismál eru afar mikilvægur liður í fræðslustarfi Sorpu. Fyrirtækið býður meðal annars upp á vettvangsferðir grunnskólabarna, fræðslu fyrir nemendur vinnuskóla á eigendasvæði Sorpu, heimsóknir leikskólabarna, almannatengsl og náms- og fræðsluefni til að dýpka skilning barna og ungmenna á umhverfismálum og endurvinnslu. Að sögn Rögnu Halldórsdóttur, deildarstjóra gæða- og þjónustusviðs Sorpu, sækja árlega 2.500 til 3.000 manns slíka fræðslu til Sorpu.

„Í svokölluðu Turnherbergi í höfuðstöðvum Sorpu í Gufunesi er tekið á móti leikskóla- og grunnskólahópum. Þar fer fram fræðsla eftir þörfum og getu hvers aldursstigs. Um er að ræða fjörutíu mínútna fyrirlestra og svo er hópnum ekið í rútu í gegnum endurvinnslustöðina. Þannig fá hóparnir að sjá hvernig endurvinnslan á sér stað og farið er í leiki þar sem flokkun er kynnt," segir Ragna, til að ítreka hversu mikið fyrirtækið leggur upp úr umhverfisjónarmiðum við úrgangsmeðhöndlun.



**UMHVERFISVITUND** Börn fá fræðslu hjá Sorpu. NORDICPHOTOS/GETTY

„Sorpa hefur að sama skapi sent fræðsluefni til leikskóla þar sem leiðbeinendur og leikskólakennarar eru uppfræddir um hvernig hægt sé að miðla endurvinnsluferli til barnanna," bendir Ragna jafnframt á og bætir við að starfsmenn fyrirtækisins hafi einnig flutt fyrirlestra um umhverfismál fyrir nemendur á hönnunarbraut við Listaháskóla Íslands.

„Markmið fræðslunnar gengur út á að sýna að úrgangur þurfi ekki alltaf að enda í ruslinu heldur megi hæglega endurnýta hann. Verið er að vekja fólk til vitundar um umhverfi sitt og brýna fyrir því mikilvægi endurvinnslu. Skoðað er hvernig hægt er að lágmarka úrgang sem verður til á heimilunum og nýta frekar hráefni með því að flokka og skila."

-mmr




## Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

**Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.**

**Blaðberinn...**



**...góðar fréttir fyrir umhverfið**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KJÖTMARKAÐUR UM HELGINA




**Bónus ferskir blandaðir kjúklingabitar**
**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.

Holta-kjúklingur

**FERSKUR KJÚKLINGUR**
**40% AFSLÁTTUR**




**Holta fersk kjúklingalæri m/legg**
**449 kr./kg.** MERKT VERÐ 748 KR./KG.




**Holta fersk hálfúrbeinðu kjúklingalæri**
**641 kr./kg.** MERKT VERÐ 1069 KR./KG.




**Holta ferskir kjúklingavængir**
**239 kr./kg.** MERKT VERÐ 399 KR./KG.




**Holta eldaðir kjúklingavængir**
**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 599 KR./KG.

# LAMBIÐ BREGST EKKI




**KS frosin lambasvið 50% afsláttur**
**199 kr./kg.** MERKT VERÐ 399 KR./KG.




**KS frosinn lambabógur 30% aflsáttur**
**489 kr./kg.** MERKT VERÐ 698 KR./KG.




**KF frosnar T-bone-lambakótilettur**
**1.flokkur 1598 kr./kg.**




**KF frosnar lambalærisneiðar**
**úr miðlæri 1798 kr./kg.**




**KS ferskt lambaprime 1499 kr./kg.**




**KS frosnar lamba-sirlonsneiðar**
**Góðar á grillið aðeins 998 kr./kg.**

Með fyrirvara um prentvillur
og eða uppseldar vörur.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KJÖTMARKAÐUR UM HELGINA





40% AFSLÁTTUR

Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

Ali

FERSKT SVÍNAKJÖT
30-40% AFSLÁTTUR



30% AFSLÁTTUR

Ali ferskar lúxus úrbeinaðar svínakótilettur
1399 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.



30% AFSLÁTTUR

Ali ferskur svínahnakki í sneiðum
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.



499

Ali ferskur svínabógur
aðeins 499 kr./kg.



30% AFSLÁTTUR

Ali fersk kjötmikil svínarif
769 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

## ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT Á GÓÐU VERÐI



798

Nautaat ferskt íslenskt ungnautahakk
798 kr./kg.

Nautaat

100% ÍSLENSKT NAUTAKJÖT



489

Nautaat ferskir ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði 489 kr pakkinn.



499

Bónus íspinnar 24 stk. 499 kr.



199

Bónus brauð 1 kg 119 kr



49

Egils orka 250 ml 49 kr. fl.




98

Toppur 2 lítar 98 kr.



198

Bónus ís 2 ltr. 198 kr boxið.
Vanilla & Súkkulaði.



198

Bónus fetaostur 250g 198 kr.



998

NF Laxabitar bein og roðlausir
998 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur og eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.224 **+-0,40%**

**Fjöldi viðskipta:** 496
**Velta:** 8.415 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC AIRWAYS** | 1,52% | **TEYMI** | 4,34% |
| **LANDSBANKINN** | 1,48% | **SPRON** | 3,64% |
| **FLAGA** | 1,39% | **FL GROUP** | 1,63% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,38 +0,00% ... Bakkavör 42,40 -1,51% ... Eimskipafélagið 23,15 +0,22% ... Exista 11,92 -0,33% ... FL Group 6,64 -1,63% ... Glitnir 17,00 -0,59% ... Icelandair Group 24,20 -0,41% ... Kaupþing 831,00 -0,95% ... Landsbankinn 30,90 +1,48% ... Marel 89,70 -0,44% ... SPRON 5,29 -3,64% ... Straumur-Burðarás 12,26 +0,00% ... Teymi 4,19 -4,34% ... Össur 91,60 -0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Icelandic afskráð

Hluthafar í Icelandic Group greiða um það atkvæði á aðalfundi í dag hvort afskrá eigi félagið. Flestir eru sammála um að það sé ágætt skref að taka í núverandi stöðu. Hins vegar fara hagsmunir einstakra hluthafa og félagsins í heild ekki alltaf saman. Það er vont að vera fastur með stóran eignarhlut í óskráðu félagi. Spennandi verður að sjá hvort einhver hafi kjark til að stíga fram og gagnrýna þessa tillögu stjórnarinnar í því ljósi. Gefa á út skuldabréf sem hægt verður að breyta í hlutabréf að lánstíma liðnum. Allir hafa möguleika á að kaupa skuldabréfið en áhugi á félaginu er lítill. Verði skuldabréfinu breytt í hutabréf mun eigandi eða eigendur eignast um 60 prósenta hlut í Icelandic á genginu 1. Allir verða að færa fórnir í neyðaraðgerðinni og líklegt að Björgólfsfeðgar ráði öllu að lokum. Þeir leggja líka meira að veði.



### Bólubúðir

Tímasetningar skipta miklu máli í viðskiptum. Frábærar hugmyndir í uppsveiflu efnahagslífsins virka ekki alltaf vel í niðursveiflunni. Þannig er hugmyndin um búð sem selur dót fyrir fullorðið fólk, Hobby Room, mjög góð. Hins vegar er ólíklegt að margir séu að innrétta frístundaherbergi núna þegar athyglin fer í halda fjármálum heimila og fyrirtækja réttu megin við núllið. Eins fannst mörgum heldur bratt farið þegar Björn Leifsson í World Class tók upp á því að opna líkamsræktarstöðvar nánast í hverju sveitarfélagi. Stöðin í Laugardalnum var alltaf smekkfull af fólki. Hins vegar telur Björn að fólk muni áfram hafa efni á því að rækta líkamann þó það hætti við utanlandsferðirnar. Hann hafi alls 19 þúsund meðlimi í stöðvum sínum og nú þegar hafi tvö þúsund skráð sig í stöðina á Seltjarnarnesi.

## SA-fundur í dag

„Út úr umrótinu – inn í framtíðina," er yfirskrift aðalfundar Samtaka atvinnulífsins (SA) sem haldinn verður í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsinu – síðdegis í dag.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa halda ræður þeir Ingimundur Sigurpálsson, fráfarandi formaður SA, og Geir H. Haarde forsætisráðherra. Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums, Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, og Ólöf Nordal alþingismaður horfa svo til framtíðar í pallborði og gestir fá nýtt rit SA um alþjóðavæðingu vinnumarkaðarins.

Í lok aðalfundar heldur svo nýr formaður SA, væntanlega Þór Sigfússon sem einn er í kjöri, stutta ræðu. **- óká**

# Enn aukast afskriftir

Afkoma bandarísku fjárfestingarbankanna Merrill Lynch og JP Morgan Chase versnaði verulega á fyrsta fjórðungi ársins samanborið við sama tíma í fyrra.

Merrill Lynch tapaði tveimur milljörðum dala, jafnvirði um 150 milljarða íslenskra króna, á tímabilinu samanborið við 2,1 milljarðs í hagnað í fyrra. Bankinn áætlar að segja upp fjögur þúsund starfsmönnum í hagræðingarskyni.

JP Morgan kom öllu betur undan fjórðungnum með 2,4 milljarða dala hagnað sem er um helmingi minna en bankinn skilaði í fyrra.

**AFKOMA BANKANNA**

| Banki | Afskriftir* | Hagnaður/-tap á hlut* |
|---|---|---|
| JP Morgan | 2,6 ma | 0,68 |
| Merrill Lynch | 6,5 ma | -2,19 |

* í Bandaríkjadölum

Afskriftir bankanna námu 9,1 milljarði dala á tímabilinu. Það jafngildir rúmum 680 milljörðum íslenskra króna.

Forstjórar beggja banka segja grunnreksturinn góðan. **- jab**

# Selja búsetalán í Noregi

Glitnir seldi norska bankanum DnB Nor fasteignalán úr lánabók sinni sem tengjast ekki kjarnastarfsemi fyrirtækisins í febrúar. Lánalínan líkist íslenskum búsetalánum og vextirnir eru afar lágir, að sögn Más Mássonar, forstöðumanns kynningarmála hjá Glitni.

Verðmæti fasteignalánasafns Glitnis í Noregi nemur 5,8 milljörðum evra, jafnvirði 684,8 milljarða íslenskra króna, að því er fram kemur í tilkynningu frá Glitni.

Fréttastofa Reuters og norskir fjölmiðlar bentu á það í gær að matsfyrirtækið Fitch hafi lækkað lánshæfismat íslensku bankanna. Hafi þeir leitað leiða til þess að laga til í rekstrinum og bæta fjárhagsstöðuna eftir fall krónunnar upp á síðkastið.

Reuters tæpir á því að alþjóðlegur óróleiki á fjármálamörkuðum hafi lent harkalega á íslensku bönkunum. Hafi menn áhyggjur af skuldsetningu þeirra í kjölfar mikillar útrásar síðustu ár. **- jab**

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í síðustu viku var fjallað um skortstöðu tiltekinna vogunarsjóða í skuldatryggingum íslensku bankanna og mögulega markaðsmisnotkun. Blaðinu er nú kunnugt um að Lansdowne, sem nefndur var í þessu sambandi af Kaupþingi, er ekki einn þessara sjóða og hefur Kaupþing dregið til baka fullyrðingar í þá veru.

# Lánshæfi ríkisins færist niður um flokk hjá S&P

**Niðurfærsla Standard & Poors's á lánshæfi ríkisins hafði í gær ekki áhrif til hins verra á skuldatryggingar. Krónan veiktist og hlutabréf lækkuðu. Skuldatryggingarálag (CDS) hefur lækkað hratt síðustu daga.**

Lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins var lækkuð hjá matsfyrirtækinu Standard & Poor's (S&P) í gær. Fréttirnar höfðu neikvæð áhrif á þróun mála á mörkuðum hér heima. Krónan veiktist um rúmt prósent innan dagsins og hlutabréf lækkuðu. Veiking úrvalsvísitölunnar nam 0,4 prósentum.

Breyttar lánshæfiseinkunnir höfðu hins vegar hvorki áhrif á skuldatryggingarálag(CDS)ríkisins, né bankanna, en það hefur lækkað hratt undanfarna daga. Í gær nam álag á skuldabréfaútgáfu ríkisins til fimm ára 280 punktum (2,8 prósentustig ofan á millibankavexti), en það fór fyrir skömmu yfir 400 punkta. Þá hefur álag á skuldatryggingar bankanna lækkað í vikunni um 40 til 100 punkta. Við lok markaða í gær var skuldatryggingarálag Glitnis hæst 715 punktar, Kaupþings 700 punktar og Landsbankans 525 punktar. Lítil sem engin breyting varð við tilkynningu S&P, en samkvæmt heimildum blaðsins gætu neikvæð áhrif þó átt eftir að skila sér í dag, því alla jafna er mest breyting á tilboðum í skuldatryggingar að morgni dags.

Lægri lánshæfiseinkunn S&P endurspeglar að mati fyrirtækisins breyttar aðstæður í íslensku efnahagslífi, gengisfall krónunnar, verðrýrnun á fasteignamarkaði og erfiðara aðgengi íslensku viðskiptabankana að erlendri fjármögnun. „S&P telur að samdráttur í íslenska hagkerfinu verði meiri og varanlegri en áður var talið," segir í umfjöllun greiningardeildar Kaupþings. Þá kemur fram í umsögn matsfyrirtækisins að lánshæfismatshorfurnar gætu orðið stöðugar (í stað neikvæðra eins og nú) ef ríkið eða bankarnir gripu til aðgerða sem efla traust á þeim á markaði.

**olikr@markadurinn.is**

**ÚR UMSÖGN S&P**

**Lánshæfiseinkunn ríkisins**

| | **er** | **var** | |
|---|---|---|---|
| Skuldb. í krónum | AA | AA- | |
| Skuldb. í erl. mynt | A | A+ | |
| Skammtímaskuldbindingar | óbreyttar | | |
| Horfur neikvæðar | | | |

| **Hagvöxtur** | **2008** | **2009** | **2010** | **2011** |
|---|---|---|---|---|
| Spá S&P | 1,0% | -1,9% | -1,5% | 1,6% |

**CDS-ÁLAG BANKANNA**

| Banki | Í gær* | Á föstudag | Punktar |
|---|---|---|---|
| Glitnir | 715 | 800 | -85 |
| Kaupþing | 700 | 800 | -100 |
| Landsbank. | 525 | 565 | -40 |

**KL. 16.35, FIMMTUDAGINN 17. APRÍL 2008.*



**Í SEÐLABANKANUM** Aðalhagfræðingur og bankastjórar Seðlabankans við kynningu á ákvörðun um hækkaða stýrivexti í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Tækniskólinn
## skóli atvinnulífsins

Tæknimenntaskólinn
Tækniskólinn

Hönnunar-og handverksskólinn
Tækniskólinn

Skipstjórnarskólinn
Tækniskólinn

Endurmenntunarskólinn
Tækniskólinn

Hársnyrtiskólinn
Tækniskólinn

Upplýsingatækniskólinn
Tækniskólinn

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

Byggingartækniskólinn
Tækniskólinn

Raftækniskólinn
Tækniskólinn

Fjölmenningarskólinn
Tækniskólinn

Véltækniskólinn
Tækniskólinn

---

Tækniskólinn er nýr skóli sem verður til við sameiningu Fjöltækniskóli Íslands og Iðnskólans í Reykjavík og tekur til starfa 1. Júlí 2008. Skólinn verður einkarekinn og gerir þjónustusamning við menntamálaráðuneytið.

---

Eigendur rekstrarfélags skólans eru Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök Iðnaðarins, Samorka, Samband íslenskra kaupskipaútgerða og Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík.

SI Samtök iðnaðarins

SAMORKA Samtök orku- og veitufyrirtækja

SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA
ICELANDIC SHIPOWNERS´ ASSOCIATION




**498** kr/kg. áður 830 kr/kg.
Goða grísabógur - 1/2




**99** kr/kg. áður 199 kr/kg.
X-tra franskar kart. í ofn - 1 kg.



**99** kr/pk. áður 159 kr/pk.
X-tra hvítlauksbrauð 2 stk.




**39** kr/stk. áður 79 kr/stk.
X-tra maískorn 300 gr.




**99** kr/pk. áður 139 kr/pk.
X-tra hveiti - 2 kg




**99** kr/stk. áður 198 kr/stk.
X-tra appelsínusafi 1,5 ltr.




**99** kr/stk. áður 198 kr/stk.
X-tra eplasafi 1,5 ltr.

H.N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 17. apríl til 20. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**489** kr/pk. áður 699 kr/pk.
Freschetta brick oven italiano classic




**398** kr/pk. áður 568 kr/pk.
Goða alvöru hamborgarar




**599** kr/kg. áður 937 kr/kg.
Netó nautahakk




**299** kr/kg. áður 498 kr/kg.
Ísfugl veisluvængir

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ekki má fórna REI vegna innanflokksátaka.

## Uppreisn á fölskum forsendum

JÓN KALDAL SKRIFAR

Hringlandaháttur borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna í málefnum REI er illskiljanlegur. Á sama tíma og sjálfstæðismenn eru ríkismegin á fleygiferð við stofnun dótturfélaga opinberra orkufyrirtækja um útrásarverkefni vilja samherjar þeirra í borgarstjórn selja REI, útrásarfélag Orkuveitunnar, á þeim forsendum að ekki megi standa í áhætturekstri með peninga skattgreiðenda utan landsteinanna.

Hvað er eiginlega í gangi? Getur verið að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins séu komnir í allsherjar uppreisn gegn stefnu flokksins í málefnum útrásar orkufyrirtækjanna?

Aðeins er rétt vika liðin frá því að Rarik stofnaði félagið Rarik orkuþróun ehf. sem er ætlað að halda utan um útrásarverkefni félagsins. Landsvirkjun stofnaði í desember félagið Landsvirkjun Power í sama tilgangi og á að auki í gegnum það félag HydroKraft Invest, til helminga á móti Landsbankanum vatnsafli. HydroKraft er fjárfestingarfélag og er yfirlýstur tilgangur þess að leita verkefna á orkusviði, einkum í Austur-Evrópu til að byrja með. Leggur Landsvirkjun þar til fimm milljarða í hlutafé.

Til upprifjunar er rétt að minna á að áhrifamiklir sjálfstæðismenn fara með tögl og haldir bæði í Rarik og Landsvirkjun. Annars vegar fer Árni Mathiesen fjármálaráðherra með hlut ríkisins í Rarik og hins vegar situr Friðrik Sophusson, fyrrverandi varaformaður flokksins og ráðherra, í stól forstjóra Landsvirkjunar. Líka er rétt að minna á að þessi fyrirtæki framfylgja stefnu sem fer fyllilega saman við ársgamla landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins um útrás orkufyrirtækjanna og mögulega aðkomu einkafyrirtækja að henni. Og þá stefnu er orðrétt að finna í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Við skulum ekki heldur gleyma því að REI er skilgetið afkvæmi Sjálfstæðisflokksins. Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar, hafði frumkvæði að stofnun félagsins á sínum tíma og yfirlýst markmið þess var útrás í orkumálum.

Hvað er þá á seyði með REI og sjálfstæðismenn í borgarstjórn? Af hverju enn og aftur þessi vandræðagangur og óbeit á félaginu? Nærtækasta skýringin er sú að uppreisn sexmenninganna gegn Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni í haust snerist í raun og veru aldrei um prinsippin á bak við REI; um það hvort opinbert fyrirtæki ætti að standa í útrás, eitt og sér eða í samfloti við einkaaðila, nema ef til hvaða aðila þá. Uppreisnin gegn Vilhjálmi var fyrst og fremst uppreisn gegn foringja sem var búinn að tapa tiltrú síns liðs vegna fjölmargra axarskafta. Hvernig Vilhjálmur hélt á málum í aðdraganda sameiningar REI og Geysis Green Energy var einfaldlega kornið sem fyllti mælinn.

Svo óheppilega vildi hins vegar til að málið sem borgarfulltrúarnir völdu sér til að láta brjóta á var í grunninn mikið framfaraskref fyrir Orkuveituna. Sameining REI og Geysis Green Energy var góð hugmynd sem var klúðrað út af sjúski við framkvæmdina.

Eftir stendur REI með mikla möguleika, en sexmenningarnir sitja uppi með að hafa fordæmt grundvallartilgang þess. Þeir máluðu sig út í horn og vilja því leysa málið með sölu félagsins. Það yrði sorglegt ef svo færi. Það má ekki fórna REI vegna forystukreppu og innanflokksátaka Sjálfstæðisflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ljót á háum hælum

Á miðvikudaginn héldu Reykjavíkurborg og Vegagerðin í samstarfi við Hverfisráð Hlíða opinn íbúafund vegna fyrirhugaðra framkvæmda á gatnamótum Kringlumýrar- og Miklubrautar. Þar er meðal annars áætlað að setja Miklubrautina í niðurgrafinn stokk á stórum hluta en á fundinum komu fram athugasemdir um að op á stokkunum yrðu herfilega ljót. Var spurt hvort eitthvað yrði gert til að flikka upp á þessi „hlið helvítis“. Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi svaraði þessu með því að vitna til ummæla arkitekts sem hann þekkir og segja að þótt akfeit kona væri sett á háa hæla væri hún samt sem áður ljót.



### Orðheppnin

Fleiri stjórnmálamenn hafa áður reynt að einfalda útskýringar sínar á tvíræðan hátt. Er skemmst að minnast orða Geirs H. Haarde forsætisráðherra, sem sagði að menn gætu ekki alltaf farið með sætustu stelpunni heim af ballinu en færu þess í stað heim með „einhverju“ sem „gerði sama gagn“.



### Fallegar konur

Konur eru stjórnmálamönnum greinilega hugleiknar þegar kemur að líkingamáli en fáir hafa þó talað jafn hreint út og ítalski auðmaðurinn Silvio Berlusconi, sem brátt tekur aftur við stjórnartaumum á Ítalíu. Hann sagði að konur sem væru hægra megin í stjórnmálum væru miklum mun fallegri en þær sem væru til vinstri. Þeir væru því góðir á balli þrír saman, Gísli, Geir og Silvio, þar sem sá síðastnefndi myndi velja sér þær hægra megin, Gísli þær sem ekki væru feitar og Geir þær sem gerðu sama gagn og sú sætasta.

olav@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




## Gore-áhrifin



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Loftslagsmál

Það var sól og sunnanvindur, þegar Gore reið í garð mánudagskvöldið 7. apríl. Þegar hann kvaddi sólarhring síðar, snjóaði í Reykjavík. Gárungarnir kalla þetta Gore-áhrifin, því að hvarvetna, þar sem þessi farandprédikari hefur komið við á einkaþotu sinni í því skyni að vara við hlýnun jarðar, kólnar snögglega. Hvað sem því líður, hefur Gore fjörugt ímyndunarafl. Hann fræddi íslenska fréttamenn á því, að Ólafur Ragnar Grímsson hefði fundið upp hitaveituna. Sjálfur kveðst hann hafa fundið upp netið sem frægt er og telur, að skáldsagan Love Story eftir Erich Segal sé um þau Tipper Gore (en Segal hefur leiðrétt það). Skoðum þó málstaðinn fremur en manninn.

Á Íslandi talaði Gore í boði Háskóla Íslands, enda fjölmenntu háskólamenn á fyrirlestur hans. Enginn minntist á það, að í nýlegu dómsmáli í Bretlandi hafði fjöldi missagna hans verið leiðréttur, en hann endurtók þær flestar hér í fyrirlestrinum. Ein er sú, að snjóhettan á Kilimanjaro-fjalli í Blálandi hinu mikla sé að hverfa vegna hlýnunar jarðar. Það er rangt. Hún hóf að minnka fyrir röskri öld af allt öðrum ástæðum. Önnur missögn er, að Chad-vatn í sömu álfu sé að hverfa vegna hlýnunar jarðar. Það er líka rangt. Vatnið hefur aðallega minnkað vegna áveituframkvæmda. Raunar hefur það horfið nokkrum sinnum áður. Þriðja missögnin er, að eyjaskeggjar í Kyrrahafi séu að flytjast á brott vegna sjávarhækkunar. Fyrir því er enginn fótur. Gore sýnir einnig yfirgefna ísbirni á glærum sínum. En engin gögn styðja það, að ísbirnir hafi lent í erfiðleikum vegna hlýnunar jarðar. Þeim fjölgar fremur en fækkar um þessar mundir.

Ein mesta missögn Gore er, að yfirborð sjávar eigi líklega eftir að hækka um 6 metra sökum hlýnunar jarðar. Samkvæmt útreikningum loftslagsnefndar SÞ gæti hugsanleg bráðnun jökla hækkað sjávarmál um 6 sm á næstu áratugum. Breski dómarinn, sem þurfti að meta gögn Gores, segir einnig, að honum takist ekki að sýna fram á, að samband koltvísýrings í andrúmsloftinu og hlýnunar jarðar sé á þann veg, sem hann vill vera láta. Raunar er athyglisvert, að vart hefur hlýnað á jörðinni frá 1998, þótt losun koltvísýrings hafi aukist. Þeir, sem heittrúaðastir eru á hugsanlegan heimsendi, svara því til, að horfa verði á lengra tímabil og segja að hafstraumar hafi kælt jörðina. Ef til vill er það rétt hjá þeim. En það jafngildir viðurkenningu á því, að miklu breytir, við hvaða tímabil er miðað, og einnig á hinu, að málið er miklu flóknara en svo, að einn áhrifaþáttur ráði úrslitum.

Sjálfur efast ég ekki um þær niðurstöður vísindaheimsins, að jörðin hafi hlýnað um tæpt eitt stig síðustu 100 árin, að koltvísýringur í andrúmslofti hafi aukist um 30% á sama tímabili og að eitthvert samband sé á milli þessa. En heimsendir er ekki í nánd.

Þegar sannleikurinn missir stjórn á sér. Á það ekki við um boðskap Als Gores? Aðalatriðið er, hvað skynsamlegast er að gera. Það er háskalegur misskilningur, að við getum stjórnað veðurfari. Við mennirnir búum hins vegar yfir mikilli aðlögunarhæfni. Þess vegna eigum við að laga okkur að nýjum aðstæðum, ekki gerbreyta lífsháttum okkar eða reyna að endurskapa heiminn. Það má Gore hins vegar eiga, að hann skilur, hversu nauðsynlegt okkur Íslendingum er að virkja hér vatnsafl og jarðvarma, enda eru orkugjafar okkar miklu umhverfisvænni en annars staðar. Þess vegna var heimsókn hans ekki til einskis.












Ódýrt og gott

í hádeginu

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Crépes, samlokur, pizzur, súpubar, nýbökuð brauð og gómsætan salatbar. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur og tertur.

Við Perluna eru **næg ókeypis bílastæði**.

Belgískar vöfflur

Láttu það eftir þér, þær eru algjörlega þess virði.



PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Ragnheiður er óhrædd við að prófa sig áfram í matargerð þó að hún sé alltaf hrifin af hefðbundnum sveitamat.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Bragðgóður og framandi

***Ragnheiður Birgisdóttir, skrifstofustjóri hjá fasteignasölunni Remax, er mikill sælkeri og þykir fátt skemmtilegra en að elda og borða góðan mat.***

Ragnheiður er ófeimin við að prófa nýja hluti en er mikill aðdáandi gamla góða sveitamatarins enda uppalin í sveit. Uppáhaldsrétt sinn smakkaði Ragnheiður fyrst hjá móður sinni.

„Mamma eldaði þennan rétt einu sinni og bauð mér í mat. Ég varð um leið mjög hrifin af honum og elda hann mjög oft og vekur hann mikla lukku í hvert skipti. Innihaldið er ekki mikið en þó er rétturinn bragðgóður og framandi. Í hann þarf tvö flök af ýsu, tvo þroskaða banana, átta til tíu ferska sveppi, hálfan rauðlauk, sítrónupipar, heilhveiti og aromat,“ lýsir Ragnheiður.

Þegar þessu öllu hefur verið safnað saman er ekki annað í stöðunni en að skella sér í að elda réttinn. „Aðferðin er einföld og er þannig að ég byrja á því að skera fiskinn í hæfilega stóra bita. Í skál blanda ég saman heilhveiti, sítrónupipar og aromat og velti fiskbitunum upp úr því. Fiskurinn er síðan steiktur á pönnu upp úr olíu í þrjár mínútur á hvorri hlið. Þá sker ég bananana eftir endilöngu og svo í tvennt og sveppina í sneiðar. Saxa síðan rauðlaukinn og steiki þetta allt á pönnu með fisknum í um það bil fimm mínútur. Set svo lok á pönnuna og læt þetta liggja í fimm til tíu mínútur,“ segir Ragnheiður.

Með þessum fiskrétti ber Ragnheiður fram hrísgrjón, ferskt salat og mjög vinsælt er að hafa kalda grillpiparsósu með. Ragnheiður hvetur alla til að prófa þennan bragðgóða og sérstæða rétt.

*mikael@frettabladid.is*


nýr matseðill

...og kroppurinn blómstrar

SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI

**Barnamatseðill**

206. Eggjanúðlur með grænmeti og 2 kjúklingaspjót Teriyaki.
207. Kjúklingaleggir með soðnum hrísgrjónum.
208. Tröllagrjón fyrir þá allra sterkustu, lífrænt ræktuð brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti.
209. Djúpsteiktur fiskur með hrísgrjónum, karrýsósu eða súrsætri sósu.



MSG
LO SALT
TRANS FITA

NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899


**Hjólatúrar** eiga vel við í blíðviðrinu um helgina. Smyrðu ryðgaðar keðjur og hjól og smyrðu svo nesti.





allt atvinna
Alla sunnudaga


# Vöfflukaffi og vídeó

*Opið hús verður í Myndlistaskólanum í Reykjavík á morgun frá klukkan 14 til 17.*

Nemendur Myndlistaskólans í Reykjavík sýna afrakstur vetrarins á opnu húsi skólans sem verður á morgun frá klukkan 14 til 17. Boðið verður upp á vöfflukaffi og gestir fá að spreyta sig á hreyfimyndagerð, skuggaleikhúsi og leirrennslu á rennibekk.

Kennarar og nemendur verða á staðnum og veita upplýsingar um fullt nám og stök námskeið við skólann.

*- eö*


Gestir fá meðal annars að spreyta sig á hreyfimyndagerð og leirrennslu á morgun.


Sunna Kristín Óladóttir, sem er hér önnur frá vinstri, segir sjálfboðastörf mjög gefandi og hefur gaman af vinnunni í kringum fatamarkaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Unglingar styrkja aðra unglinga

***Nemendur í MK standa fyrir fatamarkaði í samstarfi við Rauða krossinn til styrktar nauðstöddum í Mósambík.***

Nemendur í áfanganum Sjálfboðið starf í Menntaskólanum í Kópavogi verða með fatamarkað í samstarfi við Kópavogsdeild Rauða kross Íslands í dag og á morgun. Allur ágóði af fatasölunni rennur til nauðstaddra barna og unglinga í Mósambík.

Fatamarkaðurinn, sem er til húsa í sjálfboðamiðstöð Kópavogsdeildar Rauða krossins í Hamraborg 11, verður opinn frá 14 til 18 í dag og 11 til 17 á morgun. Þar verða barna-, unglinga- og fullorðinsföt til sölu og kosta flíkurnar frá 300 til 1.500 krónur.

Fatamarkaðurinn er einn af mörgum liðum í áfanganum en auk þess að sjá um hann fá nemendur fræðslu um sjálfboðið starf og starfa til dæmis með ungum innflytjendum, öldruðum eða geðfötluðum.

Sunna Kristín Óladóttir er ein þeirra sem völdu áfangann og segist hún nú hafa betri hugmynd um það hvað felist í sjálfboðastarfi. Henni finnst vinnan í kringum fatamarkaðinn skemmtilegust en segir fyrirlestra og fræðslu um ástandið í þróunarlöndunum einnig mjög fræðandi. „Ég gæti jafnvel hugsað mér að vinna sjálfboðastörf í framtíðinni. Ég held að það sé mjög gefandi," segir Sunna Kristín.

Að markaðnum koma allir nemendur í áfanganum og byrja þeir á því að flokka föt frá Rauða krossinum. Þeir sjá síðan um kynningu, uppsetningu og frágang á markaðnum sem og alla afgreiðslu.


Töff kúrekaskyrta.


Á markaðnum má meðal annars finna þessar flottu gallabuxur.


Smart kápa.


Sætt púffpils úr þægilegu teygjuefni.


Sætir barnaskór.


Bindi í úrvali.


Mjúk barnaflíspeysa


Allir til Grindarvíkur í Menningar og sögutengda 1-2 tíma gönguferð
frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna
Ekkert þátttökugjald

FJÖLSKYLDUSTEMNING · VEITINGAR · FJÖLBREYTTAR GÖNGULEIÐIR · SALTFISKSETUR ÍSLANDS




Laugardaginn 19 apríl.
Gangan hefst við Staðarkirkjugarð kl: 11:00

Gangan er í tengslun við vígslu á nýju söguskilti fyrir Staðarhverfi.
Við endum gönguna í fjárhúsunum þar sem krakkarnir fá að fylgjast með þegar kindunum er gefið.
Heitt á könnunni.
Saltfisksetrið er opið alla daga frá 11- 18

GRINDAVÍK
Grindavík góður bær...

www.saltfisksetur.is Saltfisksetur Íslands/Upplýsingamiðstöð Grindavíkur sími 4201190 og 6607303

**Vín** er gott að fá sér með kvöldmatnum eftir erfiða vinnuviku. Grillaðar nautalundir renna ljúflega niður með rauðvíni og svo má fá sér súkkulaði á eftir.





Fjölskyldufyrirtæki Anjali var stofnað af afa hennar og ömmu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Matarástin í blóðinu

***Anjali Pathak, barnabarn stofnanda Patak's, er stödd hér á landi til þess að kynna indverska matargerð.***

Patak's framleiðir sósur og kryddblöndur fyrir indverska matargerð og hafa vörur þess verið seldar hér á landi í mörg ár. Anjali er yfir vöruþróun og nýjungum fyrirtækisins og hefur hún ferðast um allan heim til að kynna vörurnar og indverska matargerðarlist. „Mig langar að sýna fram á að indversk matargerð er ekki flókin," útskýrir Anjali. Námskeiðin sem hún heldur eru, eins og er, ekki í boði fyrir almenning. Hún er vön að bjóða til sín sölufólki og blaðamönnum og fræða um mismunandi kryddblöndur sem notaðar eru í matargerðina og hvernig elda eigi með vörum fyrirtækisins.

Saga fyrirtækisins er skemmtileg. Patak's var stofnað fyrir fimmtíu og einu ári af móðurafa Anjali, sem flúði frá Kenía til Englands árið 1957. Nokkrum dögum síðar kom kona hans til Englands með börnin þeirra sex, en eitt þeirra átti eftir að verða faðir Anjali. Hjónakornin voru peningalaus og því tók kona hans upp á því að elda hina ýmsu indversku rétti heima fyrir og fljótlega spurðist ágæti þeirra út. Á þessum tíma var mikið um að Indverjar kæmu til Englands til að stunda nám í læknisfræði og verkfræði. Fljótlega fór stór hópur námsmanna að sækja í heimagerða matinn hjá ömmu Anjali, enda söknuðu eflaust margir ekta heimatilbúins indversks matar. Eftirspurnin var svo mikil að brátt var farið að taka gjald fyrir matinn. Eftir stuttan tíma höfðu þau hjónin eignast næga peninga til þess að opna litla búð sem fljótlega stækkaði í verksmiðju sem framleiddi sósur, kryddblöndur og ýmislegt sem tengdist indverskri matarmenningu og matargerð. „Þannig byrjaði fyrirtækið og í dag eru vörur okkar til sölu víðs vegar um heiminn. Við erum einstaklega stolt af því hvernig fyrirtækið hefur vaxið og dafnað," segir Anjali.

Í tilefni hálfrar aldar afmælis fyrirtækisins í fyrra gáfu Anjali og móðir hennar út matreiðslubók þar sem Anjali kynnti nútímalegri indverska matargerð en móðir hennar kynnti hefðbundnari rétti.

*klara@frettabladid.is*

TIKKA MASALA-KJÚKLINGUR MEÐ FERSKU SALATI

4 kjúklingabringur
6 tsk. jógúrt
10 tsk. Patak´s Tikka Masala Curry Paste

Í SALATIÐ:
1 rauð paprika, niðurskorin
2 sellerístönglar, niðurskornir
8 kirsuberjatómatar skornir í tvennt
1 tsk. mynta
100-150 g salatblöð

Blandið saman jógúrt og Patak´s Tandoori Paste og marinerið kjúklinginn í blöndunni í eina klst. í ísskáp. Setjið kjúklinginn á grillið og eldið þar til hann er steiktur í gegn. Berið síðan fram með salatinu og gott er að grilla naan-brauð og hafa með.



hádegi / kvöld

GÓÐUR STAÐUR Á GÓÐUM STAÐ



ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

DOMO

ENGIN AUKAEFNI + NÁTTÚRULEGAR VINNSLUAÐFERÐIR = HREIN GÆÐAVARA!










**MALDON SJÁVARSALT Þekkja allir:**
*frábært í alla matargerð!*

**MALDON LÍFRÆNN SVARTUR PIPAR:**
*ferskleikinn og bragðgæðin svíkja engan!*

**MALSON REYKT SALT:**
*lúmskt reykt bragð bætir fágun við þinn uppáhalds rétt*

# FÖSTUDAGUR

18. APRÍL 2008
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS



## THELMA BJÖRK FRIÐRIKSDÓTTIR INNANHÚSSARKITEKT

Heimili þurfa fyrst og fremst að vera praktísk

## BEVERLY HILLS ÍSLANDS?

Stjörnufans hreiðrar um sig á Melhaganum

## HAUTE COUTURE HÁR Í SUMAR

Simbi leggur línurnar fyrir íslenska makka

## Unnur Birna Vilhjálmsdóttir

# Fjölhæfur töffari

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, ritstjóri á Nýju lífi.*



„Í kvöld kíki ég sennilega á tískusýningu útskriftarnemenda í fatahönnun í LHÍ. Og ég ætla á sjálfa útskriftarsýninguna á Kjarvalsstöðum einhvern tíma um helgina. Á laugardaginn fer ég með einkasoninn í leikhúsið að sjá Skoppu og Skrýtlu og í barnaafmæli í Ævintýralandi. Um kvöldið langar mig svo að hafa það huggulegt með þeim feðgum. Sunnudeginum ætla ég svo að eyða með kærri vinkonu sem ég hitti allt of sjaldan, spjalla um allt og ekkert eins og maður gerir með góðu fólki, kíkja á kaffihús, fletta tímaritum og smjatta á kræsingum.“

## Borgin mín: REYKJAVÍK

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON þáttastjórnandi og leikari



**BORGIN:** Reykjavík er eina borgin sem kemur til greina. París er frábær en hún er ekki beinlínis mín.

**MORGUNMATURINN:** Morgunmatur á Borginni er fínn, var það að minnsta kosti síðast þegar ég tékkaði.

**SKYNDIBITINN:** Culiocans er langbesti skyndibitinn, honum fylgir heldur ekki plagandi samviskubit.

**UPPÁHALDSVERSLUN:** Held ég verð að segja Mál og menning á Laugaveginum. Ég er fíkill í ritfangaverslanir og það líður yfir mig ef ég sé fallega reglustiku.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Nordica Spa er eina líkamsræktin sem ég finn mig í. Kannski af því að þar get ég þóst vera útlendingur.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Tapasbarinn er nógu fínn fyrir mig. Einn af fáum stöðum með skemmtilegan mat.

**BEST VIÐ BORGINA:** Hún er full af góðu fólki sem langar að hún verði betri.



## fréttir

### DAVÍÐ KOMINN AFTUR Á ATKINSKÚRINN?

Fastakúnnar Gráa kattarins hafa verið heiðraðir með nærveru seðlabankastjórans Davíðs Oddssonar upp á síðkastið en þar snæðir hann morgunmatinn á meðan stýrivextir bankans hækka. Kaffihúsið selur hinn atkinsvæna morgunverð sem samanstendur af beikoni og eggjum en eins og alþjóð veit var Davíð á Atkinskúrnum á sínum tíma. Ætla mætti að Davíð væri kominn aftur í aðhaldið, ekki síst í ljósi þess að hann hefur verið duglegur við að hvetja til aðhalds í neyslu- og efnahagsmálum.



### EGILL BESTI VINUR BARNANNA

Þáttarstjórnandinn Egill Helgason sýndi á sér nýja hlið í þætti sínum Kiljan fyrr í vikunni. Egill heimsótti leikskólabörn á leikskólanum Sæborg og ræddi við þau um bækur þeirra. Slík voru tilþrifin að gárungar velta nú fyrir sér hvort þarna hafi ekki skapast grundvöllur fyrir nýju innslagi þáttarins „Egill spjallar við börnin“.



FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Forsíðumynd** Stefán Karlsson
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Sigríður Dagný
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

*Yohanna lítur dagsins ljós eftir margra ára vinnu*

# Mikill léttir að platan sé tilbúin

Yohanna, fyrsta plata söngkonunnar Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur í mörg ár, kom út í gær. Að baki henni liggur margra ára vinna.

„Ég er búin að vera að vinna í þessari plötu alveg frá því að ég var tólf, þrettán ára. Það hefur verið mikil vinna og það eru miklar pælingar sem liggja þarna að baki,“ segir Jóhanna Guðrún. „Það er eiginlega bara mikill léttir að hún sé loksins tilbúin og komin út,“ bætir hún við.

Jóhanna Guðrún vann meðal annars með Lee Horrock, lagahöfundi og pródúsenti, við gerð plötunnar, en hann samdi meðal annars lögin ásamt Jóhönnu Guðrúnu. Horrock er enginn nýgræðingur í bransanum, því hann hefur áður unnið með stjörnum á borð við Celine Dion, Lindsay Lohan og Enrique Iglesias. Upptökustjóri var hins vegar Grammy-verðlaunahafinn Husky Höskulds, sem á að baki samstarf með ekki ófrægara fólki en Tom Waits, Sheryl Crow og Noruh Jones.

Jóhanna Guðrún segir lögin á plötunni eðlilega hafa breyst með tímanum. „Þau sem ég hef verið að vinna lengi með hafa breyst og þroskast með mér. Maður gerir þau náttúrlega ekki eins þegar maður er þrettán og sautján,“ segir hún brosandi. Jóhanna Guðrún segir það einnig hafa verið meðvitaða ákvörðun að bíða með útgáfu plötu þar til hún hefði náð sautján ára aldri. „Við vildum frekar að ég kæmi fram sem fullorðin manneskja, í staðinn fyrir að koma fram sem unglingastjarna. Það er líka mjög erfitt að losna við barnastjörnunafnið, ef fólk festist í því,“ útskýrir hún.

Plötuna Yohanna segir Jóhanna Guðrún vera mjög fjölbreytta. „Þar er að finna áhrif frá mörgum tónlistarmönnum sem ég hef hlustað á í gegnum tíðina, eins og Eagles, Queen, Alanis Morrissette og Sheryl Crow. Þetta hefur allt haft sín áhrif. Lögin eru líka þannig að maður þarf að taka sér tíma í að hlusta á lögin og textana og velta þeim fyrir sér. Það er mikil dýpt í þeim,“ segir Jóhanna.

Hún flýgur til Danmerkur í dag, þar sem hún hefur verið við söngnám í Complete Vocal Institute síðustu mánuði, en lýkur því í maí. „Ég á örugglega eftir að fljúga eitthvað heim og fylgja plötunni eftir. Við byrjum hérna heima og tökum eitt skref í einu,“ segir Jóhanna Guðrún. Hún segir ekkert ákveðið um hvort Bandaríkin eða Bretland verði næst á dagskrá. „Við sjáum bara til með það. Það kemur bara í ljós ef og þegar það gerist,“ segir Jóhanna.

*sunna@frettabladid.is*



Jóhanna Guðrún segir að á nýrri plötu sinni, Yohanna, sé að finna fjölbreytni og dýpt.

### HAFSTEINN JÚLÍUSSON, NEMI Í VÖRUHÖNNUN VIÐ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

# Ræktar skartgripi í gróðurhúsi

„Útskriftarverkefnið mitt, Growing Jewelry Store eða hreinræktaðir skartgripir eins og það þýðist yfir á góðri íslensku er sería af handskartgripum þar sem íslenskur mosi spilar stórt hlutverk“ segir Hafsteinn Júlíusson þriðja árs nemi í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands en á morgun opnar hin árlega útskriftarsýning skólans á Kjarvalsstöðum. „Þetta er í raun endurskilgreining á verðmætum samtímans, fyrir mér er náttúran og heilbrigði hin raunverulegu verðmæti. Verkefnið er tilraun til að færa náttúruna nær okkur, enda er hún forsenda alls lífs,“ bætir Hafsteinn við en skartgripirnir eru óvenjulegir að því leitinu að eigandi þeirra verður að hugsa um þá eins og lifandi plöntu og vökva þá reglulega. „Það verður því í hlutverki eigandans að sjá til að skartgripurinn skarti sínu fegursta og á sama tíma segir það eitthvað um eigandann sinn.“ Hafsteinn setur upp gróðurhús á sýningunni þar sem þessum framandi og lífrænu skartgripum verður raðað upp svo úr verður skemmtilegur samruni skratgripaverslunar og gróðurhúss. „Þetta eru hreinræktaðir íslenskir skartgripir sem gefa okkur tækifæri á að bera náttúruna með okkur hvert sem við förum,“ segir Hafsteinn að lokum.

*bergthora@frettabladid.is*



Íslenski mosinn gegnir stóru hlutverki í hönnun Hafsteins.





Hafsteinn Júlíusson, nemi á þriðja ári í vöruhönnun, vökvar hér hönnun sína.

*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*

# *Flott í sumar...*

## *stinnari líkami á aðeins 4 vikum*

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...




*pakki 1*

Slendertone belti
+ buxur eða pils
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 33.900.-

*pakki 2*

Slendertone belti
+ armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

*pakki 3*

Slendertone buxur
eða pils + armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 33.900 .-

*pakki 4*

Tilboðsverð fyrir dömur
- alhliða pakki
Slendertone belti
+ buxur eða pils + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 39.900.-

*nuddtæki*

6 nuddkerfi

- Kneading Massage
- Swedish Massage
- Shiatsu Massage
- Deep Tissue Massage
- Athletes Massage
- Power Massage

Slökun - vellíðan - innri ró

verð kr. 16.990



SLENDERTONE™
System belti
fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 22.980,-
eða 7.660 á mán.
í 3 mán.




**Eitt stjórntæki** með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

SLENDERTONE® System

*Tími til að líta vel út ...!*

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sendum í póstkröfu

K O R T E R . I S



# Naglalakk vikunnar

Hver segir að naglalakkið þurfi alltaf allt að vera í sama lit? Hugsaðu út fyrir rammann og prófaðu að blanda litunum saman. Einn litur á hverja nögl og þaðan koll af kolli. Leiktu þér með litina áður en þú ferð á bar í kvöld. Þú munt pottþétt fá mikla athygli út á þetta.

*Hið íslenska Beverly Hills.*

# Stjörnufans á Melhaga

Frægt fólk hefur löngum haft tilhneigingu til þess að hópa sig saman og leggja undir sig ákveðin hverfi. Frægasta dæmið um þetta er sjálfsagt Beverly Hills í Hollywood þar sem moldríkar poppstjörnur og kvikmyndaleikarar hreiðra um sig í glæsivillum sem henta þyngd pyngju þeirra. Sauðsvartur almúginn á ekki mikla möguleika á að keppa við nágranna með 30 svefnherbergi og 17 salerni og hrökklast því á braut þannig að fræga fólkið verður ekki fyrir ónæði annarra en jafninga sinna. Vesturbærinn í Reykjavík hefur löngum skartað dýrðarljóma þrátt fyrir hvassviðri og þar hefur vel efnað og vel menntað fólk átt öruggt skjól í gegnum tíðina. Nú eru þeir frægu einnig farnir að hasla sér völl á þessum slóðum og Melhaginn er á góðri leið með að verða íslenskt Beverly Hills. Á Melhaga 16 býr sjónvarpsparið Svanhildur Hólm og eiginmaður hennar, Logi Bergmann Eiðsson, en á hæðinni fyrir ofan þau búa alþingismaðurinn Sigurður Kári Kristjánsson og kærasta hans, Birna Bragadóttir, fyrrum fegurðardrottning. Í sömu húsaröð á Melhaga 12 býr borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson ásamt fjölskyldu sinni og er því ekki langt frá vini sínum Sigurði Kára. Hinum megin við götuna á Melhaga 1 búa þau Róbert Marshall, aðstoðarmaður samgönguráðherra og varaþingmaður Samfylkingarinnar, og kona hans, Brynhildur Kristín Ólafsdóttir, fyrrum fréttamaður Stöðvar 2, en hún er forstöðumaður samskiptasviðs Saga Capital fjárfestingarbankans. Með þessu áframhaldi verður Melhaginn efalaust friðaður og lokað verður fyrir almennan akstur í gegnum götuna. Eitt er víst að götuhátíð Melhagans verður sú eina á landinu þar sem tímaritið Séð og heyrt verður með ljósmyndara á svæðinu.

bergthora@365.is


Melhagi


Brynhildur og Róbert

Sigurður Kári og Birna

Svanhildur og Logi

# Topp 20 SKÍFULISTINN

## Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Listinn gildir 18-24. April 2008

### VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | R.E.M | N | Accelerate |
| 2 | Páll Óskar | – | Allt fyrir ástina |
| 3 | Duffy | N | Rockferry |
| 4 | Hjaltalín | – | Sleepdrunk Seasons |
| 5 | Radiohead | ↑ | In Rainbows |
| 6 | Bloodgroup | ↑ | Sticky Situation |
| 7 | Mugison | ↓ | Mugiboogie |
| 8 | Sprengjuhöllin | ↓ | Tímarnir okkar |
| 9 | Ýmsir | – | Pottþétt 45 |
| 10 | Muse | N | Haarp |
| 11 | Jack Johnson | ↓ | Sleep Through The Static |
| 12 | SigurRós | ↓ | Hvarf / Heima 2cd |
| 13 | Einar Scheving | ↓ | Cycles |
| 14 | Eric Clapton | A | Complete Clapton 2CD |
| 15 | Poetrix | ↑ | Fyrir lengra komna |
| 16 | Bergþóra Árnadóttir | N | Heildarútgáfa |
| 17 | Lay Low | ↓ | Ökutímar - tónlist úr leikriti |
| 18 | Erykah Badu | N | New Amerykah Part One |
| 19 | Adele | N | "19" |
| 20 | Björk | A | Gling Gló |

A Aftur á lista — N Nýtt á lista — ↓ Lækkar frá síðustu viku — ↑ Hækkar frá síðustu viku — – Stendur í stað

### VINSÆLASTA DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Latibær 7 |
| 2 | Ratatouille DVD |
| 3 | Beowulf |
| 4 | Jungle Book 2 |
| 5 | Pressa |
| 6 | Brave One |
| 7 | Sydney White |
| 8 | Michael Clayton |
| 9 | Assassination of Jesse James |
| 10 | 101 Dalmatians |
| 11 | The Ex |
| 12 | Meet the Robinsons DVD |
| 13 | American Gangster |
| 14 | Planet Earth Box |
| 15 | Shoot'em Up |
| 16 | 30 Days of Night |
| 17 | Stardust |
| 18 | Doddi þættir 1-8 |
| 19 | Grey's anatomy Sería 3 |
| 20 | Led Zeppelin Songs Remain sa |




S·K·Í·F·A·N






**FUGLABÚR** 2 saman
519342 verð 3.990



**MOROCCAN LUKTIR**
2 stærðir, tveir litir verð frá 1.290
535649/535625/535632/535656



**PÁFUGL** með perlum, 85cm
464406 verð 7.990

# the PIER

Glæsileg og framandi húsgagna- og gjafavöruverslun

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 / laugardagar 10:00 til 18:00 / sunnudagar 12:00 til 18:00

# fatastíllinn

*Myrra Rós Þrastardóttir, tónlistarmaður og nemi í LHÍ*

**1.** „Úrið fékk ég í gjöf frá besta vini mínum en það er frá tímum Hitlers. Það var í eigu herforingjafrúar og er merkt með talnakóða sem hverjum og einum herforingja var úthlutað.“ **2.** „Meikið frá Kanebo er best og ég nota það mikið.“ **3.** „Ég fer hvergi án augnbrettarans og nota hann daglega.“. **4.** „Þessi jakki er í miklu uppáhaldi hjá mér en ég fékk hann í Kolaportinu fyrir fimm hundruð krónur.“ **5.** „Næluna fékk ég í Góða hirðinum og hún passar við margt sem ég á.“ **6.** „Ég fann þetta hálsmen sömuleiðis í Góða hirðinum og fékk það fyrir slikk.“

## Þolir ekki að versla á síðustu stundu

**Hvaðan sækir þú innblástur þegar kemur að fatastílnum? Áttu þér einhverja fyrirmynd?** „Ég sæki innblástur frá „60's“ tískunni og svo bara svona sitt lítið af hverju. Ég á mér ekki beint neina fyrirmynd þegar kemur að fatavalinu nema þá helst þegar ég tek Marilyn Monroe á þetta, sem ég geri einstaka sinnum.“

**Hvar verslar þú helst?** „Í Vero Moda og Nakta apanum. Dönsku Genbrug-verslanirnar sem selja notuð föt eru líka mjög vinsælar þegar ég heimsæki mömmu mína til Danmerkur en mamma er nauðsynleg ef það á að vera gaman í verslunarferðum.“

**Uppáhaldshönnuður:** „Sara María í Nakta apanum.“

**Bestu kaupin:** „Skyrta sem ég keypti á 200 krónur í Genbrug í Danmörku.“

**Verstu kaupin:** „Pils sem ég keypti mér á síðustu stundu og fór einu sinni í, ég þoli ekki svona „last minute buying“. En líklega verður allt bensínið sem ég kaupi á bílinn að teljast alverstu kaupin, lítrinn á 141 krónu.“

**Fyrir hverju ertu veikust:** „Ég er veik fyrir svo mörgu, kjólum, „vintage“-skartgripum og trylltum hálsmenum. Þegar ég hugsa út fyrir fataskápinn eru það pennar, pappír, hljóðfæri og alls kyns græjur í sambandi við tónlist. Einhverra hluta vegna á ég samt aldrei peninga til að fjármagna lestina mína.“

**Uppáhaldsbúðin:** „Nakti apinn og Eymundsson.“

**Eftirlætisflíkin í fataskápnum:** „Tveir kjólar úr Nakta apanum og appelsínugula kápan mín, ég get eiginlega ekki gert upp á milli þeirra.“

**Nauðsynlegt í fataskápinn:** „Kjólar og aftur kjólar.“

**Hvað finnst þér um íslensku tískuna?** „Mér finnst hún fersk og skemmtileg. Ég fíla hvað allir eru bara þeir sjálfir.“


5


6



2


1


3





4

Rýmingarsala
rýmum til fyrir garðhúsgögnum
20%
afsl. af öllum vörum í versluninni
aðeins í 3 daga







**Opið** virka daga kl.10-18
**Laugard. kl.11-16 - Sunnud. 13-16**

Val húsgögn
Ármúla 8 •108 Reykjavik
Símar 581 2275 • 568 5375

Vertu á réttri hillu

Montana

MONTANA HILLUR
HÖNNUÐUR PETER LASSEN

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal






*Unnur Birna er töffari inn við beinið og ræðst ekki alltaf á garðinn þar sem hann er lægstur. Í viðtali við Ölmu Guðmundsdóttur segir Unnur Birna frá náminu, vinnunni, kærastanum, litlu systur og hvernig það er að vinna með Bubba.*

# Fjölhæfur töffari

Upphaflega fór ég í háskólanám á þrjóskunni til að ná mér í háskólagráðu, því menntun skiptir mig miklu máli," segir Unnur Birna sem byrjaði í mannfræði haustið 2004 en fann fljótt að það átti ekki vel við sig. Áhugi á lögfræði blundaði þó alltaf í henni og í dag hefur hún fundið sig í lögfræðinni, er að ljúka sínu öðru ári við Háskólann í Reykjavík og stefnir ótrauð á áframhaldandi nám. Unnur Birna hefur alltaf haft í mörgu að snúast meðfram náminu, enda fjölhæf með eindæmum en undanfarna mánuði hafa líka orðið skemmtilegar breytingar í einkalífinu.

### Óvænt systkini

Unnur Birna á tvo yngri bræður, Steinar Torfa, 21 árs, og Vilhjálm Skúla, 15 ára, en síðastliðið haust eignaðist hún litla systur. Hún hlaut nafnið Helga Sóley og á þeim er 23 ára aldursmunur. „Það var hálfgert sjokk þegar mamma sagði mér að hún væri ólétt, það kom mér svo á óvart. Þegar hún rétti mér svo sónarmyndirnar tók það mig dágóða stund að meðtaka að þetta væru myndirnar hennar. En um leið og ég áttaði mig, rauk ég auðvitað upp um hálsinn á henni og óskaði henni til hamingju. Ég samgleðst mömmu og Ásgeiri innilega og er í skýjunum yfir þessu enda er Helga Sóley yndisleg viðbót við fjölskylduna. Nú erum við sjö „systkini" í heildina því Ásgeir, maðurinn hennar mömmu, á þrjár dætur frá fyrra hjónabandi. Við eyddum einmitt páskahelginni öll saman í húsi mömmu og Ásgeirs á Stykkishólmi. Til viðbótar vorum við nokkur með maka svo það var frekar lítið pláss, en það var gaman að vera svona mörg og við skemmtum okkur konunglega. Við Reynald, kærastinn minn, förum svo bara í rómantíska göngutúra á kvöldin til að fá smá tíma útaf fyrir okkur."

Spurð um barneignir segist Unnur Birna ekkert vera að flýta sér. „Þegar mamma eignaðist Helgu Sóleyju hefði ég alveg getað verið komin með börn sjálf eða þess vegna verið samferða mömmu. En mér finnst ég hins vegar ekkert þurfa að flýta mér, hef nóg að gera í öðru og fæ mikið út úr því að vera bara með litlu systur. Börnin mín koma þó til með að vera nær Helgu Sóleyju í aldri en ég," segir Unnur Birna brosandi.

**AÐ MATI UNNAR BIRNU**

*Besti tími dagsins:* Klárlega kvöldin, er ekki beint morgunmanneskja.

*Bíllinn minn er:* Skítugur en frábær!

*Uppáhaldsmaturinn:* Indverskur matur.

*Skyndibitinn:* Rizzo Pizza

*Diskurinn í spilaranum:* iPodinn minn er tengdur spilaranum, mjög gott úrval þar.

*Uppáhalds húsgagnið:* Stóri mjúki sófinn okkar í Garðabænum.

*Hvers gætir þú ekki verið án?* Tónlistar og hestanna minna.

*Hvenær varstu hamingjusömust?* Held ég hafi sjaldan verið jafn hamingjusöm og einmitt núna. En ef ég á að velja eitthvað eitt augnablik, kemur upp í hugann,sveitasæla, kyrrð, sólsetur og hestalykt.

*Dekrið:* Nammidagar, sem eru bæði laugardagar og sunnudagar í mínu tilfelli.

*Mesti lúxusinn?* Höfuðnudd er það besta sem ég veit.

### Fór tvisvar sinnum í Miss World-keppnina

Talið berst óhjákvæmilega að fegurðarsamkeppnum og að þeim tíma sem Unnur Birna var Ungfrú heimur. Það sem færri vita er að Unnur Birna fór í fyrsta sinn í keppnina fyrir tæpum 24 árum síðan, en þá tók móðir hennar, Unnur Steinsson, þátt í henni, ólétt af Unni Birnu og komin rúmlega tvo mánuði á leið.

„Mamma lenti í fjórða sæti í Miss World-keppninni 1983 en fáir vissu að hún væri ólétt á þeim tíma. Þegar hún krýndi arftaka sinn í Ungfrú Ísland árið eftir var hún hins vegar það langt gengin að það fór ekkert á milli mála og ég kom svo í heiminn nokkrum dögum síðar. Ég kom samt alveg þrem vikum á undan áætlun og ég held það sé einmitt skemmtilega lýsandi fyrir mig, enda liggur mér yfirleitt mikið á og líður best þegar það er brjálað að gera hjá mér," segir Unnur Birna.

Hún er afslöppuð þegar rætt er um tíma hennar sem Ungfrú heimur og það er ekki að finna á henni að titillinn hafi stigið henni til höfuðs með nokkru móti. „Ég hef einhvern veginn sett Miss World-tímann minn svolítið til hliðar í augnablikinu. Ég kynntist þó mikið af fólki sem ég held enn sambandi við og að sjálfsögðu rifjast oft upp minningar frá þessu tímabili. Ég hef samt ekki enn þá unnið alveg úr þessari reynslu og mig grunar að það taki svolítinn tíma í viðbót enda mjög svo súrrealísk lífsreynsla sem þarf að tækla. Margir héldu að ég hefði grætt margar milljónir á sigrinum en keppnin var, eins og ég hef oft sagt áður, í raun bara eins og mánaðarlangt starfsviðtal og í lokin var það ég sem fékk vinnuna. Í kjölfarið var ég samningsbundin í ár og fékk


**„Fyrsta atriðið á listanum er að sofa hjá og það verður að gerast strax!"**

Hin sextán ára gamla Tessa er langt leidd af ólæknandi sjúkdómi og á aðeins fáeina mánuði ólifaða. Hún ætlar að nota tímann vel og setur saman lista yfir allt sem hún vill gera áður en hún deyr. Fyrsta atriðið á listanum er að sofa hjá og það verður að gerast strax!

En það getur verið erfitt að fá það sem maður vill. Og oft er það sem maður vill alls ekki það sem maður þarfnast mest. Svo reynast óvæntir hlutir allt í einu skipta mestu máli.

Ísak Harðarson þýddi.




„Það skiptir engu máli á hvaða aldri þú ert. Þessari bók gleymirðu aldrei."
*New York Times*

„Downham tekst einstaklega vel að fanga miskunnarleysi hins óumflýjanlega."
*Guardian*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Innri friður - Innri styrkur

Helgarnámskeið í Fljótshlíð 16 - 18 maí, 2008

Námskeið fyrir nútímakonur á öllum aldri

www.liljan.is • Sími 8636669




# námskeið

FÖSTUDAGUR 18. APRÍL 2008

**Helga Dís Sigurðardóttir**

er með námskeið fyrir eldri borgara

BLS. 4






FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


## Námskeið í Förðunarskóla Snyrtiakademiunnar.



**Herdís**
*"nemi í Förðunar-skólanum"*



**Tinna**
*"nemi í Förðunar-skólanum"*



**Marina**
*"nemi í Förðunar-skólanum"*



**Bjarney**
*"nemi í Förðunarskólanum"*

**4 vikna útlitsnámskeið**
fyrir 13-16 ára dömur hefst 13.maí
Kennt verður 2svar í viku,
þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18-20.

**6 og 14 vikna námskeið**
hefjast 19.maí
Kennt verður frá 9-13
mánudaga til fimmtudags.
Nýtt förðunarmerki kynnt!

Nánari upplýsingar í síma 553-7900 og á www.snyrtiakademian.is


Mikil vinna var lögð í búningana á Nemendasýningunni í ár sem fyrr.


Mikið er lagt upp úr tæknivinnu, jafnvægisæfingum og fleiru.


Þótt nemendur væru margir hverjir ungir leyndi einbeitingin sér ekki.

# Dansað inn í vorsins draumalönd

**Vornámskeið eru að hefjast í Ballettskóla Eddu Scheving.**

Ballettskóli Eddu Scheving hefur verið starfræktur frá árinu 1959 og er því að hefja sitt 49. starfsár. Skólinn sérhæfir sig í kennslu í klassískum ballett og er tilgangur starfseminnar að veita nemendum góða þjálfun og kennslu. Áhersla er lögð á fjölbreyttar æfingar, tæknivinnu, jafnvægisæfingar og fleira. Nemendur fá að kynnast alls kyns dansformum og tónlist.

Margt er fram undan hjá skólanum. Má þar nefna fjögurra vikna vornámskeið sem hefst 26. apríl næstkomandi og er ætlað byrjendum sem og þeim sem lengra eru komnir. „Þessa daga stendur skráning einmitt yfir og er þetta upplagt til kynningar fyrir byrjendur," segir Brynja Scheving, skólastjóri Ballettskóla Eddu Scheving.

Þess má jafnframt geta að aðstandendur skólans standa fyrir nemendasýningu í lok hvers skólaárs. Slík sýning fór fram í Borgarleikhúsinu nú á dögunum þar sem nemendur á aldrinum fjögurra til tuttugu ára komu fram. Er óhætt að segja að sýningin hafi verið vel heppnuð í alla staði og ljóst að innan veggja skólans leynast listamenn sem eiga framtíðina fyrir sér. Hrifning áhorfenda leyndi sér að minnsta kosti ekki í lokin þar sem nemendur uppskáru mikið lófatak og blómvendi að launum.


Þessi stúlka fór með hlutverk snjódrottningarinnar í vetrinum. Yngri nemendur léku snjókorn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Forskólabörn dönsuðu árstíðirnar á sýningunni og túlkuðu þessar stúlkur vorið.


Þessi myndarlegi hópur túlkaði haustið.


Kristján Bergmann, forstöðumaður Hússins á Akureyri, segir það forréttindi að vinna með öllu þessu frábæra unga fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

# Hús unga fólksins fyrir norðan

**Ansi margt á milli himins og jarðar fer fram í Húsinu á Akureyri. Þar er upplýsinga- og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára sem blómstrar sem aldrei fyrr.**

Gamli Barnaskólinn á Akureyri sem nú ber nafnið Möguleikamiðstöðin Rósenborg hýsir starfsemi Hússins. Þar fer fram fjölbreytt tómstunda- og símenntunarstarf, meðal annars starfsemi fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára. „Við höfum verið í Rósenborg í tvö ár en undanfari Hússins hét Kompaní og var stofnað fyrir rúmum tíu árum. Nafninu var svo breytt í Húsið árið 2003 og er það nafn í samræmi við stefnu ungmennahúsanna á Íslandi samanber Hitt húsið og Hvíta húsið," segir Kristján Bergmann, forstöðumaður Hússins á Akureyri.

Hann segir að markmiðið sé að bjóða innihaldsríka og uppbyggilega starfsemi á sviði menningar, lista, fræðslu og tómstunda. „Við hjálpum ungu fólki að koma góðum hugmyndum í framkvæmd og veitir aðstöðu fyrir starfsemina. Auk þess sem við skipuleggjum mikið sjálf," segir Kristján og nefnir þar hóp fyrir unga foreldra og ungliðahóp Samtakanna 78 á landsbyggðinni sem var stofnaður í samstarfi við áhugasaman hóp ungmenna. Klúbbastarfsemi er öflug og þar nefnir Kristján meðal annars Dungeons & Dragons hlutverkaspilaklúbb alla miðvikudaga klukkan 14.30 og byrjendahóp alla laugardaga kl. 16.00 og Samtökin 78 á Norðurlandi sem eru með fundi alla fimmtudaga frá kl. 20-22. Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, starfsmaður Hússins, er annar trúnaðarmaður samtakanna og að sögn Kristjáns er hún við í húsinu flesta daga til kl. 22. Einnig er hægt að ná í hana í síma 661 8058. Síðan er ungt fólk með ungana sína í Húsinu alla þriðjudagsmorgna frá kl. 10-12. Sá hópur er opinn öllum ungum foreldrum eða verðandi foreldrum og þar er ekki krafist skráningar, aðeins að mæta. Þau eru í samstarfi við Heilsugæslustöðina á Akureyri. Kristján nefnir einnig hressa hópa sem kalla sig Fjörfiskana og Fjörfugla, sem eru líflegur hópur krakka með fatlanir eða þroskaraskanir sem hittist á þriðjudagskvöldum kl. 19-21 og á miðvikudögum kl. 20-22. Einnig starfar Leikklúbburinn Saga í Húsinu. Þá er Huglist, hópur ungs fólks með geðraskani,r með sinn tíma í Húsinu. Bekkjarkvöld eru líka í boði að sögn Kristjáns og nefnir krakka úr MA sem hittast tvisvar í mánuði. Rokkklúbburinn heldur vímulausa tónleika og þurfa gestir að blása í áfengismæli við inngang. En síðan eru einnig góð ráð fyrir ungt fólk í atvinnuleit. „Við veitum ráð í gerð ferilskráa og upplýsingar um atvinnuviðtöl," segir Kristján sem nefnir einnig tölvuver, leikherbergi, myndavélar og klippiforrit fyrir unga fólkið. Hljómsveitir geta einnig fengið æfingaraðstöðu og frá 21. apríl fram í byrjun maí er ókeypis að æfa að sögn Kristjáns. Húsið er opið alla virka daga frá kl. 14-22, auk laugardaga. Þriðjudags- og fimmtudagskvöld eru þó með lokaða fundi vegna Fjörfiska og Samtakanna 78.

Heimasíða Hússins er http://husid.net/ og http://www.myspace.com/husid

*rh@frettabladid.is*


FuLLT af
flottum krakka- og
barnahjólum
tilvalið í sumagjöfina!
MONGOOSE
Rocadile
AL 24"
28.900
8-12ára
álstell, 21gíra,
dempari
standari
Motomicro
16"
15.990
4-6 ára
Bretti fylgja
(Stelpuhjól með
dúkkusæti)
Magnolia
16"
15.990
Rocadile
AL 20"
24.900
Motomicro
12"
13.990
2-4 ára
Bretti fylgja
(Stelpuhjól með
dúkkusæti)
6-8ára
álstell, 7 gíra,
dempari
standari
Twinkle
12"
13.990
GAP
WWW.GAP.IS
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-16
ALVÖRU FJALLAHJÓL
VARIST
EFTIRLÍKINGAR



Helga Dís Sigurðardóttir, MA í uppeldis- og menntunarfræðum, stendur fyrir yfirgripsmiklum og metnaðarfullum námskeiðum fyrir eldri borgara í Reykholti í Borgarfirði í enda maí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Leikið og lært í yl borgfiskrar náttúru

**Metnaðarfull námskeið fyrir eldri borgara fara fram í fagurri náttúruumgjörð Borgarfjarðar í maí, en þar verður boðið upp á námskeið í Snorrasögu, leikrænni tjáningu og jóga.**

„Ég ákvað að bjóða upp á þessa nýjung því þótt úrval námskeiða fyrir eldri borgara sé bæði fjölbreytt og skemmtilegt finnst sumum að fræðileg námskeið þar sem farið er djúpt ofan í hlutina hafi skort,“ segir Helga Dís Sigurðardóttir, MA í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands, en fyrirtæki hennar, Hugleiðir, býður eldri borgurum upp á yfirgripsmikil og metnaðarfull námskeið í Reykholti í Borgarfirði vikuna 19. til 23. maí. Þátttakendur velja sér eitt þriggja námskeiða og innifalið er fullt fæði og gisting á Fosshóteli, auk tveggja kvöldvaka.

„Í bókinni „Árin eftir sextugt“ talar Þórir Guðbergsson meðal annars um menntagarða, sem kunnir eru og vinsælir í nágrannalöndunum. Þá fer fólk í eins konar heimavistarskóla þar sem lagt er upp úr metnaðarfullu námsefni sem kennt er af háskólakennurum, og með námskeiðunum í Reykholti er ég dálítið að fara eftir sömu hugmyndafræði og fæ til liðs við mig mjög færa kennara,“ segir Helga Dís sem hefur mikla reynslu af kennslu í Námsflokkum Reykjavíkur, Símenntun Mímis og hefur sinnt kennslu félagsliða sem starfa með eldri borgurum.

„Í samvinnu við Snorrastofu verður námskeið um Snorra Sturluson, þar sem farið verður ítarlega í sögu hans í tengslum við Reykholt, sagt frá rannsóknum, gengið um svæðið og fleira. Námskeiðið verður í umsjá Óskars Guðmundssonar, sagnfræðings og rithöfundar, og aðrir fyrirlesarar verða séra Geir Waage, Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu, og Evy Beate Tveter verkefnastjóri. Þá verður námskeið í leikrænni tjáningu í umsjá Margrétar Ákadóttur, leikkonu og MA í leiklistarmeðferð. Byggt verður á sagnahefð Íslendinga og endað á leiksýningu. Síðast en ekki síst verður Aanika Chopra með námskeið í jóga og þar verður farið í fræði jógaiðkunar, mataræði, lífsstíl og kenndar ýmsar æfingar,“ segir Helga Dís sem hefur að markmiði að bjóða upp á spennandi námskeið fyrir eldri borgara einu sinni í mánuði yfir vetrartímann.

„Viðtökurnar eru góðar og ég vonast til að þetta sé rétt svo byrjunin því ég hef margar hugmyndir sem falla vel að áhugasviði eldri borgara, og sem gaman væri að rættust í framtíðinni. Það er dásamlegt að umgangast eldra fólk því það er að upplagi jákvætt, hresst og tilbúið að takast á við ný og spennandi verkefni. Kynslóðabil finnst því bara í hugum fólks.“

Nánari upplýsingar og skráning er í síma 562 5575, á www.hugleidir.is eða á netfanginu hugleidir@simnet.is.

*- þlg*




## Aukin lífsgæði

Maður lifandi stendur fyrir ýmiss konar námskeiðum þar sem almenningur er fræddur um mikilvægi hollrar næringar og innihald matvöru og bætiefna. Í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði verður í boði fjölbreytt fræðsla fyrir þá sem vilja tileinka sér heilsusamlegt líferni og auka lífsgæði sín. Fram undan eru námskeið eins og Heilsukostur – kökur og eftirréttir, haldið hinn 22. apríl, Heilsukostur – matreiðslunámskeið, 29. apríl, og Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?, 30. apríl. Hægt er að afla sér nánari upplýsinga á vefsíðunni www.madurlifandi.is eða í síma 58 58700.



**Maður lifandi býður upp á námskeið tengd hollum mat og heilsusamlegum lífsstíl.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

SCHOOL OF ICELANDIC
50% Off summer prices
Icelandic for foreigners
Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 28/4, 26/5.
Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 14/4, 14/7.
Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 29/4, 7/7.
Level IV: 20 weeks; Sund 10-11:30 start 4/5, 21/9.
Ármúli 5 S. 588 1169 www.icetrans.is/ice

Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is



eitthvað alveg
einstakt



# brúðkaup

FÖSTUDAGUR 18. APRÍL 2008

## Silfruð tryggðartákn

**Demantsskreyttir hvítagullshringar eru orðnir vinsælir giftingarhringar.** BLS. 2





FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY

Verslunin Augnakonfekt
býður ykkur velkomin

Fyrir verðandi brúðhjón bjóðum við upp á persónulega þjónustu.
Þið getið pantað tíma þegar ykkur hentar og t.d eytt kvöldstund í að útbúa brúðkaupsgjafalistann í rólegheitum.

Verslunin hefur nýtekið við umboðum, söfnunar & brúðkaupslistum frá verslununum Kristall&Postulín -Decorette. Þar ber fyrst & fremst að nefna hin glæsilegu söfnunarstell, kristallsglös ofl frá Mikasa.

Gjafir sem gleðja við öll tækifæri

Verslunin Augnakonfekt
Bæjarlind 16 • 201 Kópavogi • Sími: 578-1133
www.kolbrun.is • www.augnakonfekt.is
Áður verslunin Hann-Hún & Heimilið.

MIKASA



Brúðkaups&Söfnunarlistar, Söfnunarstell, Mikasa, Miracle Dynasty, Kristalsglös, hnífapör, kertastjakar, kristalskrónur, málverk&myndir, húsgögn, postulín, englar ofl



Dísætt brúðarterta fyllt trú, von og kærleika. MYND/GETTY

# Hamingjubitar

Brúðarterta hefur þótt ómissandi við brúðkaup allt frá tímum Rómverja þegar þunn hveitikaka var mulin yfir höfuð brúðarinnar til að tryggja henni frjósemi.

Í dag erum við of siðmenntuð til að leika þann sið eftir, en í stað þess skera brúðhjón fyrstu tertusneiðina saman, auk þess að geyma topp tertunnar þar til á eins árs brúðkaupsafmælinu.

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Aldurstakamark 20 ára. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 844 7589. www.cafeoliver.is

**Vélslípun ehf**
Óskar eftir vönum mönnum í niðurlagningu á steypu, vélslípun og demantsslípun. Mikil vinna framundan.
Uppl. Í síma
**891 9193 & 892 5309.**

**Vaktstjórar í sumar**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra í sumarafleysingar á Select Vesturlandsvegi, Shell Hraunbæ, Skógarhlíð og Gylfaflöt. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu í skemmtilegu og líflegu umhverfi. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.**
**Nánari upplýsingar veitir Heiða í síma 444 3056 eða á starf@skeljungur.is.**

**Vaktstjóri á Pizza Hut**
Laus staða vaktstjóra á Pizza Hut Sprengisandi. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Þórey veitingastjóra í síma 822 3642.

**Bakarí í Breiðholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára.**
**Uppl. í s. 820 7370, Ragga.**

**Bakarí í Breiðholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti. Vinnutími frá kl. 10-17 og aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára.**
**Uppl. í s. 820 7370, Ragga.**

**Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa**
**Starfsmaður óskast strax til afgreiðslustarfa frá 10 - 18 virka daga í verslunina Litir og Föndur Skólavörðustíg 12 Viðkomandi þarf að hafa einhverja myndlistar eða tómstundaþekkingu vera röskur, áræðanlegur, framkvæmdasamur og hafa góða þjónustulund. Umsóknareyðublöð í verslunum okkar eða á litirogfondur@simnet.is**

Granítsmiðjan

Granítsmiðjan ehf óskar eftir mönnum í vinnu sem hafa reynslu af smíðivinnu. Vinsamlegast sendið umsókn á starf@granit.is eða hringið í síma s: 822-4777 á milli 9-17

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Sif / Helga gefur uppl. í síma 696 0939 & 699 5423.

Blikksmiðja Austurbæjar ehf óskar eftir blikksmið eða vönum aðstoðarmanni. Uppl. í síma 660 2930.

Gróðrastöðin Lambhagi í Reykjavík vantar fólk til starfa. S. 587 1447 & 895 4141.

Barinn, Laugavegi 22, óskar eftir starfsfólki á bar, í dyravörðslu og afgreiðlsustörf. Umsóknir sendist með mynd á elmar@icarus.is Uppl. í s. 869 5835.

Vantar mannskap, menn vana málningu eða múrverki. Uppl. í s. 770 6563.

Óskum eftir vönum smiði. Einnig vantar járnsmíðameistara. Stálfélagið S. 564 4499.

Bonita snyrtistofa óskar eftir menntuðum snyrtifræðingi í 50% starf . Uppl. í síma 866 1867, Ingibjörg.

Snyrtifræðinemi eða snyrtifræðingur óskast á snyrtistofu í maí. Uppl. í s. 862 8257 eftir kl. 18.

Starfsfólk óskast í ísbúð í miðborginni. Gísli í s. 893 7090.

Óska eftir bílstjóra með meirapróf eða gamla prófið til afleysinga ofl. Uppl. í s. 825 2123.

**Sólbaðstofa**
Óskum eftir starfsfólki í hlutastarf og fullt starf. Upplýsingar á staðnum. Sólbaðstofan Sælan, Bæjarlind 1. S. 544 2424.

**Sjómenn**
Traust útgerðarfyrirtæki á höfuðb.sv. óskar eftir kokk í afleysingar frá og með 1 mai. Uppl. í s. 843 5640.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.

**HENDUR.IS**
Fjöldi nýrra starfa í boði á vefnum. Hagkvæm og fagleg ráðningarþjónusta.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, bilstjórar, gröfumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S.8457158

**Eldri iðnaðarmaður**
Eldri múrari óskar eftir múrverki td. múra bílskúra, kjallara, ýmsar viðgerðir, hlaða veggi og pússa, einnig flísalögn. Uppl. í s. 866 3175.

## Viðskiptatækifæri

Gefðu þér gjöf. Fjárfestu í 10 tímum í viku og hafðu +5 m. á ari eftir 2 ár. Einar s. 662 5599.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta**

**Spjalldömur**

**S. 908 6666**

**Opið allan sólarhringinn.**

Pía að leita af þeim rétta. Ég 32 ára pía í leit að strák, með samband í huga. Alltaf til í að prófa eitthvað nýtt. Ert þú sá rétti? Hafðu samband, ég er notandi „Yndisleg4u" á einkamal.is

Par á fimmtugsaldri vill kynnast konu á svipuðum aldri. Auglýsing þeirra er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), augl.nr. 8157.

Kona vill fá SMS skilaboð frá körlum eldri en 47 ára. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), augl.nr. 8545.

Sögur fyrir karlmenn, ný upptaka, sú „innilegasta" í manna minnum, alveg hreint frábær út í gegn. (Hafið í huga: upptakan er 5 mín 40 sek á lengd.) Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905 2002 (símatorg) og 535 9930 (kreditkort), upptökunr. 8571.



# Stuttárbotnar

Húsafell
Glæsilegur heilsárbústaður

**Stærð: 116,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2006**
**Brunabótamat: 23.940.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Skeifan








**Opið hús lau og sun kl. 14:00-16:00**

**Verð: 37.900.000**

Glæsilegt bjálkahús með gestahúsi með einstöku útsýni á besta stað við Stuttárbotna í landi Húsafells. Allt innbú í báðum húsum fylgir. Bústaðurinn er heilsársbústaður og er rétt við þjónustumiðstöðina, sundlaugina og golfvöllinn. Einstaklega vandaður bústaður þar sem öll vinna er unnin af fagmönnum. Leiðarlýsing: Keyrt inn í Húsafell, framhjá sjoppunni og tjaldstæðum. Beygt inn afleggjara fyrir Stuttárbotna og þar er bústaðurinn á hægri hönd.



Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
**863 0402**
asdis@remax.is

# Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

**Kraftafl ehf**

# Uppsláttarteymi

5 manna uppsláttarteymi óskar eftir vinnu.
Eru þrælvanir.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

# VÉLAMAÐUR

Seltjarnarneskaupstaður óskar eftir að ráða laghentann starfsmann til þess að annast minniháttar viðgerðir á smávélum við áhaldahús Seltjarnanes.

**Upplýsingar gefur yfirverkstjóri Óskar Einarsson í síma 822 9119.**

VERKTAKAR MAGNI

## Verkstjóri

Vantar vanan verkstjóra við jarðvinnuframkvæmdir til starfa strax .

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

## Lausar stöður í leikskólum

**Álfaberg** (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Leikskóli fyrir 5 ára börn
Leikskólakennari og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Stuðningsfulltrúi

**Álfasteinn** (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Starfsfólk vantar í afleysingar. Starfsreynsla æskileg.

**Hlíðarberg** (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Hlíðarendi** (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Starfsmann í ræstingu (frá 1. maí)

**Hraunvallaskóli** (664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Leikskólakennara/starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Hörðuvellir** (555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi (75 - 100%)

**Stekkjarás** (517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Deildarstjórar
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun.
Um er að ræða heilsdagsstörf og hlutastörf.
Starfsfólk í afleysingar

**Vesturkot** (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða annað uppeldismenntað starfsfólk

**Víðivellir** (555 3599 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Matreiðslumeistari/matráður (tímabundið)

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

## Hallveigarstígur 1 – 101 Reykjavík



Frum

Einn þekktasti veitingasalur í miðbænum er til leigu. Um er að ræða 872,1 fm mikið endurnýjaðan veitingasal í kjallara. Tveir inngangar. Húsnæðið skiptist í, móttöku, forsal, tvo veitingasali sem henta vel fyrir ráðstefnur, salerni, eldhús og geymslur. Lyfta og vörulyfta er í húsinu. Góð loftræsting er í húsnæðinu. Lofthæð er ca 3,30 metrar.

***Allar frekari upplýsingar veitir Leifur Aðalsteinsson, löggiltur fasteignasali.***

*Leifur Aðalsteinsson Löggildur fasteignasali.*


GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## AUGLÝSING UM TILLÖGU AÐ BREYTINGU AÐALSKIPULAGS GARÐABÆJAR 2004-2016

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 samkvæmt skv.1.mgr.21.greinar skipulags- og byggingarlaga nr.73/1997 m.s.br.

Breytingartillagan nær til svæðis í norðanverðu Garðaholti frá hraunjaðri Gálgahrauns norðan við Garðastekk að landi jarðarinnar Selsskarðs.
Tillagan gerir gerir ráð fyrir því að lega fyrirhugaðrar stofnbrautar, Álftanesvegar, færist til suðurs frá því sem núgildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir inn á svæði sem skilgreint er fyrir blandaða byggð. Mest færist vegurinn um 150 metra til suðurs og tilfærslan nær til alls um 1,5 kílómetra kafla á veginum. Með breytingunni mun vegurinn á þessum kafla liggja í sama vegstæði og núverandi vegur á um þriðjungi leiðarinnar. Það svæði sem vegstæðið og svæði fyrir blandaða byggð náði til og verður norðan vegarins breytist í blandaða lágreista byggð fyrir íbúðir og þjónustustofnanir.

Tillagan um breytingu á aðalskipulaginu felur í sér framkvæmd við gerð stofnbrautarinnar Álftanesvegar sem fellur undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.br. og er því háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Álftanesvegur ásamt lengingu Vífilstaðavegar fór í gegnum mat á umhverfisáhrifum árin 2001-2002. Því er umhverfisskýrsla sem unnin hefur verið af verkfræðistofunni Mannviti kynnt ásamt breytingartillögunni.

Breytingartillagan kallar einnig á breytingu á svæðisskipulagi höfuborgarsvæðisins og hefur bæjarstjórn samþykkt hana sem óverulega skv. 2.mgr.14.greinar Skipulags-og byggingarlaga. Svæðisskipulagsbreytingin ásamt umhverfisskýrslu er kynntar samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu og matsskýrslu Álftanesvegar frá 2002 liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 18.apríl til og með 30.maí 2008 og eru ennfremur aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 30.maí 2008. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**Skipulagsstjóri Garðabæjar**

**Tækni- og umhverfissvið**

Skipulags stofnun

# Mat á umhverfisáhrifum

## - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

- **Efnistaka úr Núpanámu, Sveitarfélaginu Ölfusi.**
- **Bráðabirgðavegur neðan Kárahnjúkastíflu, við Fremri - Kárahnjúk, Fljótsdalshéraði.**

Jafnframt hefur Skipulagsstofnun tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

- **Austurleið um Hrafnkelsdal, Fljótsdalshéraði.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **16. maí 2008.**

**Skipulagsstofnun**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## AUGLÝSING UM TILLÖGU AÐ ÓVERULEGRI BREYTINGU SVÆÐISSKIPULAGS HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2001-2024 Í LANDI GARÐABÆJAR

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að óverulegri breytingu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins samkvæmt 2.mgr.14.greinar Skipulags- og byggingarlaga nr.73/1997 m.s.br. sem nær til legu Álftanesvegar í norðanverðu Garðaholti. Tillagan um breytingu á svæðisskipulaginu felur í sér framkvæmd við gerð stofnbrautarinnar Álftanesvegar sem fellur undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.br. og er því háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Kynning á tillögu að breytingu svæðisskipulagsins og meðfylgjandi umhverfisskýrslu er hér með auglýst samkvæmt 7.grein laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Breytingartillagan nær til svæðis í norðanverðu Garðaholti frá hraunjaðri Gálgahrauns norðan við Garðastekk að landi jarðarinnar Selsskarðs.
Tillagan gerir gerir ráð fyrir því að lega fyrirhugaðrar stofnbrautar, Álftanesvegar, færist til suðurs frá því sem núgildandi svæðisskipulag gerir ráð fyrir og færist inn á byggðareit fyrir blandaða byggð í Garðaholti.

Að öðru leyti skal vísað í tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 ásamt meðfylgjandi umhverfisskýrslu sem kynnt er samhliða breytingu svæðisskipulags og meðfylgjandi umhverfisskýrslu.
Tillagan ásamt umhverfisskýrslu mun liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 18.apríl til og með 30.maí 2008 og eru þær einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 30.maí 2008. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**Skipulagsstjóri Garðabæjar**

**Tækni- og umhverfissvið**

*Nýtt kortatímabil!*

# Útsölum

bækur o




**DVD 799 kr. stk.**

**DVD 999 kr. stk.**

Gildir til 25. apríl eða á meðan birgðir endast.

# arkaður

og DVD myndir

OPIÐ til 20 alla daga

Fáanlegt í Skeifu, Kringlu, Akureyri, Smáralind og Holtagörðum




1.990 kr
Bókatíðindaverð 4.280,-




1.490 kr
Bókatíðindaverð 4.490,-




990 kr
Bókatíðindaverð 1.989,-




590 kr
Bókatíðindaverð 3.079,-




2.290 kr
Bókatíðindaverð 4.690,-




990 kr
Bókatíðindaverð 1.399,-




2.480 kr
Bókatíðindaverð 4.480,-




5.990 kr
Bókatíðindaverð 8.489,-




990 kr
Bókatíðindaverð 2.789,-




790 kr
Bókatíðindaverð 2.380,-




790 kr
Bókatíðindaverð 1.790,-




1.290 kr
Bókatíðindaverð 2.290,-




1.990 kr
Bókatíðindaverð 4.900,-




890 kr
Bókatíðindaverð 2.490,-

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Ein á báti – með korktappa



Eftir Valgerði Bjarnadóttur

Kostir og gallar við aðild að Evrópusambandinu. Ég hlýt að segja eins og er að þetta upplegg á umræðunni hefur aldrei höfðað til mín. Væntanlega er það vegna þess að þegar talað er um kosti og galla í þessu samhengi þá finnst mér það snúast um hvað kostar þetta og hvað fáum við á móti. Debet- og kredit-aðferðin til að nálgast viðfangsefnið sem ég tel fyrst og fremst pólitískt finnst mér þess vegna ekki vera hin rétta. Það þýðir auðvitað ekki að sú leið að niðurstöðu geti ekki verið sjálfsögð, eðlileg og upplögð fyrir aðra og kannski flesta, ég á hins vegar svolítið bágt með að taka þátt í umræðunni á þeim nótum og ætla að láta það eftir mér að sinni.

**Markmiðið var friður**

Nokkrar staðreyndir um félagsskapinn skipta máli og teljast tvímælalaust til kosta þess að vera í honum. Evrópusambandið er samkomulag um samstarf lýðræðisþjóða í Evrópu, núna árið 2008 erum við eina þjóðin í Vestur- og Mið-Evrópu utan Sviss, Noregs, Liechtenstein, Mónakó og Andorra sem ekki eru í Evrópusambandinu. Upphaf Evrópusambandsins er bandalag sex Evrópuþjóða sett á stofn með það markmið fyrst og fremst að tryggja frið í álfunni í kjölfarið á tveim styrjöldum á hálfri öld sem áttu upptök sín þar og urðu síðan fyrri og síðari heimsstyrjöldin. Upphafsmennirnir trúðu því að hægt væri að tryggja frið með því að binda efnahagsleg bönd. Efnahagssamstarfið skilaði svo miklum árangri að heimsveldið Bretland sem í millitíðinni hafði blásið til EFTA-samstarfs bankaði upp á bara fáum árum síðar. Núna fimmtíu árum síðar vitum við að tilraunin til friðar hefur tekist – a.m.k. í meira en hálfa öld.

Þegar Berlínarmúrinn hrundi í nóvember árið 1989 breyttist Evrópa öll. Líklegast var það tilviljun að þetta var einmitt sama árið og kennt var við innri markaðinn svokallaða. Innri markaðurinn var í raun ekki annað en að koma upphaflegum markmiðum Efnahagsbandalagsins, eins og það þá hét, í framkvæmd – meira en þrjátíu ára markmiðum! (Svo kannski er okkur vorkunn).

Væntingarnar sem innri markaðurinn olli blés miklum krafti í alla efnahagsstarfsemi í Evrópu. Þegar kalda stríðinu lauk sóttu ríkin sem við unnum með að gerð EES-samningsins um fulla aðild að samstarfinu. En ekki við. Við – Íslendingar – erum svo lítil, sæt og sniðug að við þurftum ekki að vera í þessum pælingum og misstum þess vegna af strætó. Þegar Norðmenn felldu samninginn þóttust íslenskir stjórnmálamenn, ekki þurfa að ræða frekar þetta mikla hagsmunamál okkar allra. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið mikil stjórnmálaleg mistök.

**Spurningin um fullveldið**

Hugtakið fullveldi er allt annað í dag en það var fyrir áratugum síðan. Alheimsvæðingin hefur það í för með sér að þjóðir ráða sér lítt sjálfar. Frelsi og hagsæld þjóða er betur borgið í samfloti við aðrar þjóðir en ef þær reyna að standa einar og sér. Þetta á ekki síst við um litlar þjóðir sem hafa lítið bolmagn, áhrif þeirra og kraftur verður meiri í samfloti við aðrar þjóðir. Þetta á ekki síst við í viðskiptum við stórþjóðir, þar skiptir samstaðan miklu máli. Það er ástæða þess að ég tel að við eigum að vera fullgildir aðilar að Evrópusambandinu.



Stundum finnst mér svolítið skondið að eymd krónunnar hefur orðið til þess að æ fleiri krefjast þess að aðild að Evrópusambandinu verði tekin til alvarlegrar umræðu. Það þótti mikið fullveldisafsal þjóðanna í Evrópusambandinu að afsala sér gjaldmiðlinum. Það er af fullveldis- og þjóðarstoltsástæðum sem Danir og Svíar hafa ekki tekið upp evru. En það er auðvitað sitthvað að vera dönsk eða sænsk króna eða bara íslensk.

**Í skipalest eða ein á árabáti**

Hvað er til ráða er spurt. Mætti ég ráða yrði lögð inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu svo fljótt sem auðið er. Ég trúi því að samningaviðræður tækju ekki langan tíma. Þjóðin yrði síðan að segja sitt. Ef þetta yrði nú allt gert í grænum hvelli myndi ég veðja á að það sem seinkaði inngöngu okkar í Evrópusambandið mest yrði sá tími sem það mun taka að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnskipuninni. Því þær verða ekki gerðar nema að þing sé rofið og efnt til kosninga.

Enginn má halda að aðild að ESB lagi efnahagsástandið eins og skot. En ég er sammála þeim sem segja að yfirlýsing um að við stefnum þangað mundi lægja einhverjar öldur. Innan eða utan ESB munum við þurfa að bera ábyrgð á okkur sjálf. Innan þess erum við í skipalest með stuðning og skjól af stóru skipunum, utan þess erum við ein á árabáti, sumir segja korktappa, það er ekki gott þegar hvessir.

*Höfundur er varaþingmaður Samfylkingarinnar.*

**EVRÓPUSAMBANDIÐ – Hvað er til ráða?**

**1.** Hverjir eru helstu kostir við Evrópusambandsaðild?
**2.** Hverjir eru helstu gallar við Evrópusambandsaðild?
**3.** Hvað er til ráða?
**3.1.** Á að hafna aðild umsvifalaust?
**3.2.** Á að bíða og sjá til?
**3.3.** Á að sækja um aðild umsvifalaust?
**3.4.** Á að gera efnahagslegar og stjórnskipulegar ráðstafanir með það að markmiði að taka ákvörðun af eða á um aðildarumsókn eftir tiltekinn tíma, til dæmis innan þriggja ára?

# *Hvaða bull er þetta, Þorvaldur?*

**UMRÆÐAN**
Jöfnuður



RAGNAR ÁRNASON

Þorvaldur Gylfason ritar reglulega dálka í þetta blað. Í þeim kemur frumleg sýn hans á staðreyndir ósjaldan á óvart. Er óhætt að fullyrða að í þessu efni komist fáir blaðaskríbentar hér á landi þangað sem Þorvaldur hefur hælana.

Á fimmtudag tókst Þorvaldi óvenju vel upp. Honum tókst þá að tvinna saman svo margar furðusögur um tekjudreifingu á Íslandi í eina grein að undrun sætir.

Þorvaldur fullyrðir m.a. að Hagstofa Íslands hafi ekki hirt um að kortleggja tekjuskiptinu á Íslandi. Þetta er fjarri sanni. Hagstofan heldur til haga umfangsmiklum gögnum um tekjudreifingu. Þessi gögn eru aðgengileg hverjum sem hafa vill og mörg útgefin í skýrslum stofnunarinnar. Auk annars hefur Hagstofan tekið þátt í alþjóðlegum samanburðarrannsóknum á tekjudreifingu einmitt af því tagi sem Þorvaldi er tíðrætt um.

*Vandaðasta samræmda rannsóknin á tekjudreifingu sem fram hefur farið í Evrópu staðfestir að tekjudreifing á Íslandi er með því jafnasta sem um getur í Evrópu og fátækt hvað minnst.*

Niðurstöður mjög viðamikillar og vandaðrar samevrópskrar rannsóknar á tekjudreifingu voru t.d. birtar í sérstakri útgáfu Hagstofunnar (Hagtíðindi: Laun tekjur og vinnumarkaður árg. 92 nr. 8 2007.1). Þar kemur fram, þveröfugt við það sem Þorvaldur heldur fram, að dreifing ráðstöfunartekna (eftir skatt og bætur) á Íslandi sé með því jafnasta sem um getur í Evrópu. Nánar tiltekið var svonefndur Gini-stuðull, sem Þorvaldur ræðir um, sá þriðji lægsti á Íslandi. Þetta merkir að tekjudreifing á þennan mælikvarða var sú þriðja jafnasta á Íslandi af 31 Evrópuþjóð sem þátt tók í rannsókninni. Miðað við Norðurlandaþjóðirnar var Gini-mælikvarðinn hærri bæði í Noregi og Finnlandi en eilítið lægri í Danmörku og Svíþjóð. Það er umhugsunarvert að hinn samræmdi mældi Gini-stuðull fyrir Ísland samkvæmt þessari rannsókn reyndist 0,25, sem er ekki einu sinni í námunda við töluna 0,36 sem Þorvaldur setur fram. (Raunar segir Þorvaldur að Gini-stuðullinn hafi verið 36, en það hlýtur að vera yfirsjón þar sem Gini-stuðullinn er skýrgreindur á bilinu frá núlli og upp í einn).

**Svipaðar niðurstöður**

Aðrir mælikvarðar á tekjudreifingu (og þeir eru margir) gefa svipaða niðurstöðu. Til dæmis reyndist svokallað lágtekjuhlutfall, sem skoða má sem vísbendingu um hlutfallslega fátækt, næst lægst á Íslandi miðað við hinar Evrópuþjóðirnar. Það var aðeins í Svíþjóð sem það var lægra, en talsvert hærra í Danmörku, Noregi og Finnlandi.

Í fáum orðum sagt: Vandaðasta samræmda rannsóknin á tekjudreifingu sem fram hefur farið í Evrópu staðfestir að tekjudreifing á Íslandi er með því jafnasta sem um getur í Evrópu og fátækt hvað minnst. Þetta er ekki einungis í ósamræmi við heldur þveröfugt við þá mynd sem Þorvaldur dregur upp.

Þá er ekki sjáanlegt af fyrirliggjandi gögnum að staða Íslands hvað tekjudreifingu snertir hafi breyst umtalsvert í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir í a.m.k. tvo til þrjá áratugi. Það er því ekki um það að ræða að hér á landi hafi tekjudreifing orðið ójafnari í samanburði við aðrar Evrópu- eða Norðurlandaþjóðir eins og Þorvaldur gefur í skyn.

**Villandi framsetning**

Það liggur þá í hlutarins eðli að þær pólitísku samsæriskenningar sem Þorvaldur sýður upp til að útskýra hina ímynduðu þróun hafa lítið gildi annað en til skemmtunar. Úr því að forsendurnar ganga þvert á staðreyndir verður raunar ekki annað séð en þær snúist fremur upp í andstæðu sína og lofgjörð um Sjálfstæðis- og Framsóknarflokk, sé á annað borð eitthvað rökrænt samhengi í grein Þorvaldar.

Þorvaldur talar um að ríkisskattstjóraembættið hafi hlaupið í skarðið fyrir Hagstofuna og lagt fram tölur um tekjuskiptingu. Þetta er ekki rétt. Embætti ríkisskattstjóra hefur ekki gefið út neina slíka reikninga a.m.k. ekki opinberlega. Það er jafnframt ekki rétt að ríkisskattstjóri hafi reiknað eða sent frá sér nýjar tölur sem sýni vaxandi ójöfnuð á árinu 2006. Það er því villandi, svo ekki sé meira sagt, að bera þetta ágæta embætti fyrir útreikningum á Gini-stuðlum, sem augljóslega eru komnir úr allt öðrum húsum.

Fyrir framtíð lands og þjóðar skiptir miklu máli að hafa augun á raunveruleikanum og mistúlka ekki staðreyndir. Vera kann að með skáldskap um þjóðhagsstærðir sé unnt að framkalla úlfúð og slá pólitískar keilur. Sem þjóð erum við hins vegar engu bættari með því að ímynda okkur einhverja aðra dreifingu tekna en til staðar er í landinu. Það sama gildir auðvitað um aðrar staðreyndir okkar lífs.

*Höfundur er prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Traustur fjárhagur og góð afkoma

**UMRÆÐAN**
Bæjarmál í Hafnarfirði



LÚÐVÍK GEIRSSON

Það hefur að vonum vakið athygli að á sama tíma og stærstu viðskiptabankar landsins og aðrir stórir lántakendur eiga ekki kost á að taka erlend lán nema með hærra skuldatryggingarálagi en áður hefur þekkst, eða allt upp undir 1.000 punkta, var Hafnarfjarðarbæ boðið upp á lánskjör sem eru langtum hagstæðari, eða upp á um 80 punkta álag að meðaltali á Libor-vexti.

*Það er því afar mikilvægt að við þessar aðstæður hefur Hafnarfjarðarbær náð að tryggja sér framkvæmdafé til næstu ára á afar góðum kjörum.*

Þessi kjör eru staðfesting á því trausti sem borið er til bæjarins, en fjárhagur Hafnarfjarðarbæjar hefur tekið miklum umskiptum á allra síðustu árum, eins og ársreikningar bæjarfélagsins sýna með skýrum hætti.

Einn helsti mælikvarði á fjárhagslega afkomu hverju sinni er veltufé frá rekstri. Á síðustu árum hefur sú framlegð sem nýtist til afborgunar lána eða nýrra framkvæmda aukist stórum og er nú hátt í tveir milljarðar króna. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum bæjarins hefur aukist úr liðlega 4% á árinu 2002 í 12% á sl. ári og mun samkvæmt langtímaáætlun sem bæjarstjórn hefur nýlega samþykkt hækka í 14% á næstu tveimur árum. Samkvæmt sömu áætlun er gert ráð fyrir að eignir bæjarfélagsins aukist um liðlega 3 milljarða og eigið fé um liðlega fjóra milljarða á þessum tíma. Langtímalán samstæðureiknings bæjarins munu hækka um rúma 2,7 milljarða en heildarskuldir bæjarfélagsins á sama tíma lækka um nær 1 milljarð króna.

Á síðustu árum hafa framkvæmdir í bæjarfélaginu verið meiri en nokkru sinni áður samhliða mikilli fjölgun íbúa. Þrátt fyrir þessa miklu uppbyggingu hefur Hafnarfjarðarbær ekki þurft að nýta sér fyrirliggjandi lánsheimildir heldur nýtt til fullnustu þá tekjuveltu í sjóðsstreyminu sem hröð uppbygging hefur skapað.

Á sama tíma hefur einnig verið hægt að greiða niður erlendar skuldir bæjarfélagsins. Á þessu ári er ráðgert að nýframkvæmdir í skólum, leikskólum, íþróttamannvirkjum og nýjum íbúða- og atvinnusvæðum verði fyrir liðlega 6 milljarða króna og í nýrri þriggja ára áætlun fram til ársins 2011 er ráðgert að nýframkvæmdir verði upp á liðlega 15 milljarða króna.

Þessar miklu fjárfestingar í mannvirkjum kalla á tímabundna skuldsetningu, enda fyrirséð að jafn viðamiklar framkvæmdir eru fjárfrekar. Mikil samstaða hefur verið innan bæjarstjórnar um þessi verkefni, en nú á 100 ára kaupstaðarafmæli bæjarins verða mörg þeirra fullkláruð og áfram verður fjárfest í frekari uppbyggingu nýrra grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, bókasafns og íþróttamannvirkja.

Ljóst er að aðstæður á lánamörkuðum og hjá útlánsstofnunum eru afar þröngar og erfiðar um þessar mundir og jafnt fyrirtæki sem einstaklingar hafa fundið fyrir þeirri kreppu. Það er því afar mikilvægt að við þessar aðstæður hefur Hafnarfjarðarbær náð að tryggja sér framkvæmdafé til næstu ára á afar góðum kjörum.

Þessi staðreynd sýnir best hvaða traust bæjarfélagið nýtur meðal lánveitenda og staðfestir um leið þann mikla árangur sem náðst hefur í fjármálum og rekstri bæjarins á síðustu árum.

*Höfundur er bæjarstjóri í Hafnarfirði.*




## Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

**Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.**

**Blaðberinn...**



**...góðar fréttir fyrir umhverfið**



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Vilhelmína Arngrímsdóttir**

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður til heimilis að Skúlaskeiði 18,

sem lést þriðjudaginn 8. apríl, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði í dag, 18. apríl, kl. 11.00.

**Sigurfljóð Erlendsdóttir**
**Anna Erlendsdóttir** **Kristján J. Ásgeirsson**
**Davíð V. Erlendsson**
**Vignir Erlendsson** **Inga Áróra Guðjónsdóttir**
**Steinar R. Erlendsson** **Dagrún Erla Ólafsdóttir**
**Arngrímur I. Erlendsson**
**Erla M. Erlendsdóttir** **Ólafur Ö. Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brynhildur Haraldsdóttir**

Mýrargötu 20, Neskaupstað,

lést á hjúkrunarheimili FSN Neskaupstað, miðvikudaginn 16. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**María Hjálmarsdóttir**
**Konráð Hjálmarsson** **Anna Arndís Kristinsdóttir**
**Ragnheiður Hjálmarsdóttir** **Benedikt Sigurðsson**
**börn og barnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ingibjörg Árnadóttir**

frá Odda, Borgarfirði eystri,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi mánudaginn 14. apríl, verður jarðsungin frá Útskálakirkju mánudaginn 21. apríl kl. 14.00.

**Halldór Guðfinnsson**
**Sigríður Halldórsdóttir** **Jón Hjálmarsson**
**Árni Þór Halldórsson**
**Jón Már Halldórsson** **Kristín Jónsdóttir**
**Karl Vilhelm Halldórsson** **Ásgerður Þorsteinsdóttir**
**Inga Dóra Halldórsdóttir** **Örn Arnarsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



*Okkar ástkæri*

**Páll Lýðsson**

bóndi og sagnfræðingur, Litlu-Sandvík,

sem lést 8. apríl, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 19. apríl kl. 13.30.

**Elínborg Guðmundsdóttir**
**Sigríður Pálsdóttir**
**Aldís Pálsdóttir** **Sigurður Arvid Nielsen**
**Lýður Pálsson** **Guðríður Bjarney Kristinsdóttir**
**Guðmundur Pálsson**
**og barnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hafdís Hanna Moldoff**

Klapparhlíð 28, Mosfellsbæ,

andaðist mánudaginn 14. apríl.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**María Ragnarsdóttir** **Óskar Árni Hilmarsson**
**Guðbjörg Rósa Ragnarsdóttir** **Gunnar George Gray**
**Sigurður Páll Ragnarsson**
**Jóhanna Ragnarsdóttir** **Ólafur Steinbergsson**
**Lárus Kristinn Ragnarsson** **Björg Ragnarsdóttir**
**barnabörn og langömmubarn.**

**ALBERT EINSTEIN VÍSINDAMAÐUR LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1955.**

*„Þeir sem aldrei hafa gert mistök hafa aldrei prófað neitt nýtt.“*

***Albert Einstein var einn þekktasti vísindamaður 20. aldar. Hann fékk Nóbelsverðlaun í eðlisfræði árið 1921.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. APRÍL 1906

## *San Francisco skelfur*

Fyrir rúmlega hundrað árum reið gríðarlegur jarðskjálfti yfir San Francisco í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Skjálftanum, sem var 7,8 á Richter-kvarða, fylgdu miklir brunar og eyðilagðist stærsti hluti borgarinnar í kjölfarið.

Sökum nálægðar borgarinnar við San Andreas-misgengið eru jarðskjálftar þar tíðir. Árið 1989 kom jarðskjálftinn Loma Prieta og er hann síðasti stóri skjálftinn á svæðinu. Hann var 7,1 á Richter og fylgdu honum miklar skemmdir á mannvirkjum, sérstaklega á samgöngumannvirkjum.

Borgin liggur á norðurodda San Francisco-skagans, sem myndar San Francisco-flóa. Borgarmörkin af-



markast í norðri af Golden Gatebrúnni, í vestri af Kyrrahafinu og í austri af San Francisco-flóanum.

San Francisco er einnig þekkt fyrir samtals 42 hæðir sínar. Þær eru allt að þrjátíu metra háar, flestar mjög brattar og eru ástæða þess að sporvagnakerfi var tekið í notkun í borginni árið 1873.




**HOLLUSTA FRAM UNDAN** Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, ætlar að leiða Ölgerðina inn í framtíðina með hollari drykkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÖLGERÐ EGILS SKALLAGRÍMSSONAR: NÍUTÍU OG FIMM ÁR FRÁ STOFNUN

# Byrjuðu í Templarasundi

Óhætt er að segja að saga Ölgerð Egils Skallagrímssonar sé samtvinnuð íslensku þjóðinni en Ölgerðin fagnar um þessar mundir níutíu og fimm ára afmæli sínu.

Ölgerðin er stofnuð 17. apríl 1913 af Tómasi Tómassyni. Hann var einkaeigandi til 1932 og stærsti hluthafi og forstjóri fyrirtækisins til æviloka. Í fyrstu fór starfsemi Ölgerðarinnar fram í tveimur herbergjum í kjallara Þórshamarshússins við Templarasund í Reykjavík. Í dag standa yfir byggingaframkvæmdir og að þeim loknum mun 12.500 fm bygging hýsa alla starfsemina. „Ölgerðin er með starfsemi á sjö stöðum í Reykjavík í dag. Með tilkomu nýja hússins verður starfsemin komin undir tvö þök. Við reiknum með að hefja einhverja starfsemi í nýju byggingunni í nóvember og í mars á næsta ári verður hún síðan komin í allt húsið,“ segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri og einn eigenda.

Hann segir þróun síðustu ár birtast í starfsmannafjöldanum sem hafi tvöfaldast síðustu ár.

Ölgerðin hefur tekið miklum breytingum síðustu ár. Andri Þór nefnir þar ný vörumerki sem keypt hafa verið og um síðustu áramót sameinaðist Ölgerðin Danól, sem Andri Þór telur mikil tímamót í rekstrinum. „Fyrirtækið er allt annað í dag en fyrir nokkrum árum. Inn komu fleiri stoðir undir reksturinn og nú erum við með mat, sérvörur, drykki, umbúðir og hráefni,“ útskýrir Andri Þór nefnir einnig nýtt brugghús sem komið var fyrir uppi á Grjóthálsi fyrir átta árum. „Brugghúsið var mikil viðbót. Önnur breyting sem hafði mikið að segja fyrir okkur var nýr vélbúnaður sem gerði Ölgerðinni kleift að auka framleiðslugetu til muna, fyrir fjórum árum,“ segir Andri Þór.

Á þessu ári er reiknað með að framleitt verði fjörutíu milljónir lítra af drykkjarvörum og sá drykkur sem sé hvað mest framleiddur hjá Ölgerðinni í dag sé Pepsi Max. Þó sé Kristal plús í mikilli sókn og er nú næstvinsælasti drykkurinn sem kemur í hálfs lítra umbúðum.

Andri Þór segir einnig að tilraunir með útflutning hafi verið gerðar með ágætisárangri. „Við fluttum tvær bjórtegundir til Þýskalands og sjö hundruð gáma af vatni til Danmerkur. Vatnið var síðan notað til að tappa á Pepsi Max fyrir samstarfsfélaga þarlendis.“

Andri Þór er ekki í vafa um hvaða drykkur stendur næst hjarta Íslendingsins. „Maltið og appelsínið er enn mjög mikilvægt hjá Ölgerðinni og nýtur alltaf mikilla vinsælda hjá landanum um hátíðirnar,“ segir Andri Þór.

Nú er að hefjast hjá Ölgerðinni heilmikil vöruþróun þar sem leitað er að hollum og bragðgóðum drykkjum til að bæta í úrval Ölgerðarinnar.

**mikael@frettabladid.is**



*Elskuð eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Unnur Kjartansdóttir**

Álftamýri 6, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 10. apríl á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 21. apríl kl. 13.00.

**Garðar Ingvarsson**
**Karen, Sigríður Anna, Ingvar og Ingibjörg Elísabet Garðarsbörn.**
**Tengdabörn, fósturbörn og barnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún S. Franklín**

hjúkrunarkona,

verður jarðsungin frá Aðventkirkjunni, Ingólfsstræti 19, mánudaginn 21. apríl kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Systrafélagið Alfa.

**Jens Valur Franklín**
**Erna G. Franklín** **Örn Steinsen**
**Esther Franklín**
**Stefán D. Franklín** **Vilhelmína Þorvarðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Frábært verð

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

### Dantax 20" LCD sjónvarp

20LCDV7

- 20" 4:3 LCD sjónvarp
- Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
- Skerpa: 700:1 og 500cd/m2
- 12v og 220v
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp með 7 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring
- Borðstandur og veggfesting fylgja
- Mál í cm (bxhxd): 52,3x43,5x7,9 og þyngd: 9kg



**39.990kr**
Verð áður 44.990.-

### United 19" LCD sjónvarp

TVD7056

- Upplausn: 1440x900 punktar
- Innbyggður DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Sjónsvið (h/v): 150/130° og birtustig: 300 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms
- 12v og 220v, 12v snúra fylgir
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi, textavarp
- Borðstandur fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 46x35x8 og þyngd: 7kg



**54.990kr**
Verð áður 59.990.-

### Dantax 15" LCD sjónvarp

15LCDDVDP1

- Upplausn: 1440x900 punktar
- Progressive Scan • HD Ready
- Innbyggður DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD, CD, CD-R/RW og JPEG
- Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2, skerpa: 500:1
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi, VGA tengi
- Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp, svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 38,3x30,9x6,5



**39.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

### Philips DVD ferðaspilari

PET716

- Fjölkerfa DVD spilari
- 7" LCD breiðtjaldsskjár með 480x234 pixela upplausn
- Hristivörn
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir sem endist í allt að 2 klukkutíma
- Spennir fyrir 110-240V - 50/60Hz og tengi í bíl fylgja
- Fjarstýring fylgir



**26.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

### United DVD ferðaspilari

DVP7046

- Fjölkerfa DVD spilari - Svartur
- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW, og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, DivX 4.x, DivX 5.x), MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir fylgir
- Taska og bílhleðslutæki fylgir



**14.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ



### Philips ferðaútvarp

AZ1022

- Útvarp FM/MB
- Dynamic Bass Boost
- Vandaður geislaspilari
- Spilar CD, CD-R/RW
- Segulband
- Góðir hátalarar

**6.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ



### Lenco ferðaútvarp

SCD20R

- FM útvarp
- Vandaður geislaspilari
- Spilar CD, CD-R/RW
- Góðir hátalarar

**5.490kr**
FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 25. apríl eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




# STUÐ MILLI STRÍÐA Alvitur þjóð sem ekkert er heilagt

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** HEFUR FENGIÐ NÓG AF BLOGGÓÐUM SAMLÖNDUM SÍNUM



Íslendingar eru öfgakennd þjóð. Lítið þarf til að koma af stað allsherjaræði hér á landi og þá hleypur öll hjörðin af stað. Hér fyrr á árum var enginn maður með mönnum nema að eiga sodastream-tæki eða fótanuddtæki. Nokkrum árum síðar var það bumbubaninn sem allir urðu að eignast. Núna er það bloggið.

Ég hef stundum á tilfinningunni að sumir samlandar mínir telji sig vart fullgilda þjóðfélagsþegna nema að vera með bloggsíðu. Í þessu sáu fréttaveiturnar mbl.is og visir.is sér mikið sóknarfæri. Með því að leiða hjörðina inn á vefi sína gátu þær komið teljaratraffík upp úr öllu valdi, enda snýst blaðamennska samtímans ekki um gæði efnis heldur fjölda flettinga.

Í raun er mér slétt sama um bloggarana sem tala af fullkominni fáfræði um ákvarðanir stjórnmálamanna, barneignir Britney Spears eða nýja Eurovisionlagið, eins og þeir viti allt sem vitað verður um þau mál. Það sem mér blöskrar er hinn skelfilegi dómstóll götunnar, sem hefur með tilkomu netsins fengið alveg nýjan vettvang.

Að mínu viti eru sumir hlutir sem engin ástæða er til að blogga um. Ég sé til að mynda ekki tilgang þess að vefmiðlar sem vilja láta taka sig alvarlega bjóði fólki upp á að blogga um fréttir af nauðgunum. Fólk felur sig bak við skjáinn og dæmir mann og annan. Staðreyndin er samt sú að þeir sem ganga hvað harðast fram eru oftast þeir sem minnst vita. Fjöldi fólks var tilbúinn að drepa einhvern strák sem það vissi ekkert um, enda var það þess fullvisst að hann hefði drepið hund sem reyndist þó sprelllifandi á fjöllum. Þessi fólki hefur sennilega ekki dottið í hug í eina sekúndu að hann kynni að vera saklaus. Hlutirnir eru nefnilega ekki alltaf jafn augljósir og þeir kunna að virðast og það er þess vegna sem hinn hvatvísi dómstóll götunnar er kannski ekki eins frábær og hann telur sig vera.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TÆMUM BÚÐIRNAR

## NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

# 40-70%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

## MÆTIÐ Á STAÐINN ÁÐUR EN ALLT KLÁRAST

GILDIR Í VERSLUNUM OKKAR
Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND



DÓTABÚÐIN
Leikbær

**!** **Kl. 12.15**
*Júlían M. D'Arcy, prófessor í enskum bókmenntum, flytur fyrirlestur um amerískar fótboltabókmenntir tuttugustu aldarinnar í dag kl. 12.15. Hann mun fjalla um skáldsögur frá því um aldamótin 1900 allt til sjónvarpsþátta eins og Friday Night Lights og Heroes sem nutu mikilla vinsælda nýverið. Fyrirlesturinn, sem verður fluttur á ensku, fer fram í stofu 207 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Grínast með efnishyggju

Leikarinn Bjarni Haukur Þórsson og leikstjórinn Sigurður Sigurjónsson hafa á undanförnum árum slegið í gegn með hnyttnum einleikjum þar sem tekist er á við íslenskan nútíma. Fyrsta verk þeirra sem sló í gegn var Hellisbúinn, en í því var fjallað um samskipti kynjanna í ljósi breyttra kynjahlutverka. Í rökréttu framhaldi kom svo Pabbinn þar sem föðurhlutverkið var krufið til mergjar. Sýningarnar nutu báðar mikilla vinsælda og mæddi því mikið á Bjarna Hauki, sem stóð einn á sviðinu og brá sér í allra handa hlutverk. Þannig reyndi hann bæði á eigin leikhæfileika og kitlaði hláturtaugar áhorfenda í leiðinni. Í kvöld verður svo frumsýnt þriðja verkið sem þeir Bjarni og Sigurður hafa unnið saman, en stykkið hefur að þessi sinni hlotið nafnið Hvers virði er ég?

Sem fyrr er viðfangsefni sýningarinnar fengið úr íslenskum samtíma. Umræða um fjármál Íslendinga hefur sjaldan eða aldrei verið umfangsmeiri hér á landi en á síðustu misserum. Þessi nýi veruleiki fjármagnsins hlýtur að teljast verðugt viðfangsefni fyrir metnaðarfull gamanskáld og rúmlega það.

Það þarf því ekki að koma á óvart að þeir Bjarni Haukur og Sigurður skoði í nýjustu grínsýningu sinni þá bráðsmitandi efnishyggju sem hrjáir íslensku þjóðina um þessar mundir og hlífa engum, hvorki almenningi né auðmönnum í þeim spéspegli af samtímanum sem sýningin bregður upp.

Þessa athyglisverðu nálgun tvinna þeir svo saman við þá vaxandi áherslu á heilsusamlegt líferni sem dynur á almenningi öllum stundum, svo að úr verður ærslafull rannsókn á þeim gildum sem skipta okkur raunverulega máli varðandi fjármál okkar og heilsu.

- vþ



**FJÁRMÁLAHJAL** Bjarni Haukur Þórsson í leikritinu Hvers virði er ég?

## Danssmiðja leiðrétt

**Þau leiðu mistök áttu sér stað í Fréttablaðinu í gær að rangt var farið með dagsetningar á sýningum danssmiðju Íslenska dansflokksins þar sem dansað verður til styrktar ABC barnahjálp. Í grein sem birtist á menningarsíðum blaðsins var því haldið fram að sýningarnar færu fram kl. 20 annað kvöld og á sunnudagskvöld. Hið rétta í málinu er hins vegar að sýningarnar fara fram kl. 20 í kvöld og annað kvöld. Aðstandendur danssmiðjunnar eru hér með beðnir velvirðingar á þessari rangfærslu.**

- vþ

## Íslenska erlendis

Málþing um íslenskukennslu erlendis, þýðingar, bókmenntakynningu og norræna málstefnu fer fram í Þjóðarbókhlöðunni í dag á milli kl. 14 og 17. Íslensk málnefnd, Bókmenntasjóður og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn standa að þinginu, en á meðal þess sem þar verður rætt er kennsla íslenskra barna erlendis og tvítyngi, þýðingar á íslenskum bókmenntum á önnur tungumál, íslenskt mál og norræn málstefna.

Á meðal frummælenda eru Annette Lassen, dósent í dönsku við Háskóla Íslands, Philip Roughton þýðandi og rithöfundurinn Sjón. Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, setur þingið. Fundarstjóri verður Njörður Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs. Almennar umræður fara fram að loknum framsöguerindum. Málþingið er öllum opið.

- vþ



**SJÓN** Rithöfundurinn geðþekki tekur þátt í málþingi um íslensku erlendis í dag.



**EINAR FALUR INGÓLFSSON** Sýnir ljósmyndadagbók sína í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

## Einar Falur um Staði

Ljósmyndarinn Einar Falur Ingólfsson gengur í hádeginu í dag með gestum um sýningu sína Staðir – Úr dagbók 1988-2008 sem nú stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Viðfangsefni sýningarinnar kemur úr dagbók ljósmyndarans sem hann hefur haldið frá árinu 1988 en sem skrásetningartæki notar hann þar myndavél í stað penna. Einar Falur hefur vegna starfs síns sem blaðaljósmyndari ferðast víða og á því orðið safn ljósmynda af margbreytilegum stöðum víðs vegar um heiminn. Þrátt fyrir að myndirnar séu teknar á ólíkum stöðum þá gengur rauður þráður gegnum sýninguna, þar sem listræn sýn, metnaður og ekki síst ævintýraþráin renna saman og mynda eina heild.

Einar Falur lauk MFA-gráðu í ljósmyndun frá School of Visual Arts í New York og hefur lengi unnið hjá Morgunblaðinu sem fréttaritari, menningarblaðamaður og bókmenntarýnir auk þess sem hann gegndi starfi myndstjóra þess um tólf ára skeið. Hann hefur verið stundakennari við Listaháskóla Íslands frá árinu 1997 og hefur kennt á ýmsum ljósmyndanámskeiðum, haldið einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hérlendis og erlendis. Ljósmyndasafn Reykjavíkur er til húsa í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15. Leiðsögn Einars Fals hefst kl. 12.10.



**SINNEP**

**Atli Ingólfsson**

## Hugar- og hljómburður

Skynfæri manna eru víst fimm. Boð þeirra allra fara þó inn í sömu símstöð. Þar eru móttökuskilyrði misgóð og iðulega lekur á milli rása. Ótal rannsóknir sýna hvernig það sem berst inn um eitt skynfæri hefur áhrif á annað. Tilraunir með THX-hljóðkerfi í kvikmyndahúsum sýndu til dæmis að þegar sama mynd var sýnd hópi áhorfenda fyrst með eldra hljóðkerfi og svo með því nýja, þótti þeim sem horfðu myndgæðin snöggtum betri í seinna skiptið. Ekki er nóg með að skynfærin hafi áhrif hvert á annað heldur ræður ástand heilans miklu um hvaða blæ skynjunin fær. Maður sem þjáist af þunglyndi sér ekki sömu litina og heilbrigður maður og maður í annarlegu ástandi ruglar saman skynjun og hugarórum.

1) Oft er talað um hljómburð eins og eðlisfræðin sé eini mælikvarði hans. En hljóðið er fyrir manneskjur. Salurinn er í raun á milli eyrnanna á hlustendum.

2) Ímyndum okkur að gamni vísindalega útfærðan „bragðburð", rými þar sem bragð matarins á að njóta sín ótruflað. Er víst að við nytum þess þar?

3) Jafnt innra sem ytra ástand allt ræður því hvernig við grípum tónlistina: Skapið, eftirvæning, minni, þekking, félagsskapur, stemning, hreyfing, lýsing, hljómur. Til dæmis mundi hljómburður Háskólabíós batna talsvert með betri lýsingu. Grínlaust.

4) Því má segja að þótt hljómburður salar skipti máli sé best að gleyma ekki hljómgrunninum, jarðveginum. Þetta veit rokkarinn: Það skiptir hann miklu að sem flestir áheyrenda séu sannfærðir áður en á tónleikana er komið. Síðan eru spurningar eins og „Eru ekki allir í stuði?" til að hreinsa loftið, stilla eyrun og bæta móttökuskilyrðin.

5) Það er mikilvægt starf að hanna tónleikasali þar sem órafmögnuð tónlist heyrist vel. Þeir eru hins vegar ekki nauðsynlegir allri tónlist og ekki nægilegir sumri tónlist. Enginn salur er góður í sjálfum sér, óháð innihaldinu: útsendingunni og móttökunni. Oft hefur svo góður hljómgrunnur fyllilega bætt fyrir illa hljómandi sal.

6) Hljómburður eru lífsgæði hljóðsins. Það er hin lifandi umgjörð sem býr hann til.

7) Kannski má skýra þetta með litlu dæmi: Á Rás 1 er þátturinn Hlaupanótan. Hann er umgjörð þar sem forvitni, fordómaleysi, opnar hlustir, næmi og glaðvært stjórnendanna smita hvern þann sem heyrir. Enda er sama hvernig mér líkar sú tónlist sem þar er leikin, alltaf skal ég heyra hana undravel. Jafnvel úr útvarpsgarmi.

8) Og gríp hana jafnvel betur en stundum er á tónleikum við „bestu" skilyrði.




# Veiðiferð ársins!

ÁRSHÁTÍÐ STANGAVEIÐIFÉLAGS REYKJAVÍKUR 2008

**Tryggðu þér veiðileyfi í bestu veiðiferð ársins!**

- Turninn, 20. Hæð – glæsilegasta veiðihús landsins
- Besti veiðitíminn – 23. apríl
- Fordrykkur á 19. hæð áður en rennt er í hylinn
- Tina Turner tryllir veiðihópinn
- Leiðsögumaður kvöldsins er Freyr Eyjólfsson
- Bjarni Haukur Þórsson (kann ekki að veiða en er rosalega fyndinn)
- Humar, naut, uxi, súkkulaði (engin fluga í súpunni)
- Veiðiverðlaunaafhending
- Happahylurinn gefur vel að vanda
- Ein besta ballhljómsveit landsins – Sóldögg
- Heiðursgestur Guðni Ágústsson
- Allir gestir fá veiðigjöf
- Takmarkaður fjöldi veiðileyfa
- Veiðileyfið aðeins kr. 12.500 á mann

**Pantaðu miða á skrifstofu SVFR – Sími 568 6050**

SVFR



# THE BODY SHOP™

## Vinsælar vörur með frábærum afslætti!



Dekurvörur með kókosolíu

### 30% afsláttur

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter" húðnæring með kókosolíu (200 ml.), sams konar hörundsskrúbbkrem (200ml.) og sturtusápa (250ml.)

**Verð nú 3.180 kr.**

Verð áður: 4.540 kr.

Jarðarberjadekurvörur

### 30% afsláttur

Fjórar vörutegundir saman: Rakagefandi jarðarberja-"body butter" húðnæring (200ml.), jarðarberja skrúbbkrem (200ml.), sturtusápa (250ml.) og baðhanskar í lit að eigin vali

**Verð nú 3.180 kr.**

Verð áður: 4.480 kr.



E-vítamín fyrir andlitið

### 30% afsláttur

Þrjár vörutegundir sem allar innihalda andoxunarefnið E-vítamín: Hreinsimjólk (200ml.), andlitsvatn (200ml.) og dagkrem (50ml.)

**Verð nú 2.390 kr.**

Verð áður: 3.440 kr.



Dekur í baðkarinu

### 25% afsláttur

Tvær vörutegundir saman: Ilmgott og rakagefandi freyðibað (400ml. Hægt er að velja eina af fimm eftirtöldum tegundum: með kókos-, mangóolíu, papæjaolíu, smjörtrésmauki ("shea butter") eða Moringa) og stór baðbursti úr tré með kaktustrefjum.

**Verð nú 1.690 kr.**

Verð áður 2.250 kr.





Vorfarðinn 2008 og augnskuggapensill

### 35% afsláttur

Fjórar vörutegundir saman: "Blushing daisies" kinnalitur (veldu annað af tveimur litbrigðum), "Shimmer buds" augnskuggi (veldu eitt af þremur litbrigðum), "Lip bloom" varagljái (veldu annað af tveimur litbrigðum) og augnskuggapensill.

**Verð nú 3.890 kr.**

Verð áður 6.030 kr.



Ofurtilboð – það sem karlmanninn vantar

### 40% afsláttur

Fjórar vörutegundir saman: "For men face protector" rakakrem (50ml.) og grófkorna andlitssápa (50ml.), "Of a man"-hár- og sturtusápa (200ml.) og svitalyktareyðir (75ml.).

**Verð nú 2.330 kr.**

Verð áður 3.890 kr.

**KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI**

*Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299*

THE BODY SHOP

# Tríó Reykjavíkur fagnar tuttugu árum

**Tríó Reykjavíkur efnir til sérstakra afmælistónleika á sunnudagskvöld. Tónleikarnir verða jafnframt síðustu tónleikar vetrarins í tónleikaröð tríósins í samstarfi við Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.**

Tríó Reykjavíkur var stofnað árið 1988 af Halldóri Haraldssyni píanóleikara, Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara og Gunnari Kvaran sellóleikara og fagnar því tuttugu ára afmæli sínu í ár. Árið 1996 tók Peter Máté píanóleikari við af Halldóri og hefur leikið með tríóinu síðan. Frá árinu 1990 hefur tríóið haft tónleikaaðsetur í Hafnarborg og leikið þar í það minnsta á fjórum tónleikum á ári. Gunnar segir samstarfið við stofnunina hafa verið afar farsælt. „Það hefur verið okkur algerlega ómetanlegt að fá inni hjá Hafnarborg. Á átján árum höfum við haldið fleiri tugi tónleika þar, frumflutt fjölda nýrra verka og fengið til okkar góða gesti, þannig að húsnæðið hefur reynst okkur afskaplega vel. Að auki er skemmtilegt að flytja tónlist innan um fallegar myndlistarsýningarnar og finna hvernig þær hafa áhrif á stemninguna á tónleikunum.“



**TRÍÓ Á TÍMAMÓTUM** Tríóið fagnar tuttugu ára farsælu samstarfi um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þó svo að tríóið hafi átt sinn heimavöll í Hafnarborg hefur það jafnframt komið víða við á ferli sínum og haldið tónleika á mörgum stöðum hérlendis og erlendis. Gunnar segir þó engan tiltekin viðburð standa upp úr þegar litið er um öxl. „Ætli það sem skipti okkur mestu máli sé ekki að hafa fengið að upplifa hvernig *tónlistarhópur* fær tækifæri til að vaxa og þroskast ef hann heldur saman í svona langan tíma. En svo er einnig alveg yndislegt að sjá sömu andlitin aftur og aftur á tónleikum og finna þann stuðning sem fylgir því að eiga sér fastan tónleikagestahóp.“

Efnisskrá afmælistónleikanna er hæfilega fjölbreytt og endurspeglar þannig að nokkru leyti fjölbreyttan og litríkan feril tríósins. Tónleikarnir hefjast á verki eftir Þorkel Sigurbjörnsson sem nefnist Hafnarborgarkvartettinn. Verkið samdi Þorkell fyrir fyrstu tónleikana sem tríóið lék á í Hafnarborg í september árið 1990. Kvartettinn er fyrir tvær fiðlur og tvö selló og munu því systurnar Pálína og Margrét Árnadætur koma fram með fyrrverandi kennurum sínum, Guðnýju og Gunnari.

Næst flytur tríóið verk sem Hafliði Hallgrímsson tónskáld samdi sérstaklega í tilefni afmælisins. Verkið heitir Memorabilia og er tileinkað Tríói Reykjavíkur. Á síðari hluta tónleikanna verður svo á dagskrá eitt glæsilegasta píanótríó allra tíma, sem er eftir rússneska tónjöfurinn Pjotr Ilitsj Tsjaikovskí. Verkið samdi Tsjaikovskí til minningar um góðan vin sinn, píanistann Nikolai Rubinstein, og er harmur tónskáldsins vegna vinamissisins nánast áþreifanlegur í tónum þess.

En þó að það sé ótvírætt við hæfi að líta yfir farinn veg á tímamótum sem þessum er ekki úr vegi að forvitnast jafnframt um hvað framtíðin ber í skauti sér fyrir Tríó Reykjavíkur. „Við stefnum á að halda áfram með tónleikaraðir í Hafnarborg á meðan vilji til þess er fyrir hendi af allra hálfu. Svo gerðum við nýverið samning við Reykjavíkurborg til þriggja ára um tónleikahald, þannig að við höldum ótrauð áfram,“ segir Gunnar með bjartsýnistón í röddu.

**vigdis@frettabladid.is**


Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
**Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is**


















KRINGLU KRÁIN
Hljómsveitinn Sólon í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum



ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
17 - 18 - 24 - 30. apríl
kl 20.00 alla daga
ÞRJÁR SÍÐUSTU SÝNINGAR Á ÁST
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ





**Þar sem sögueyjan rís...**
**Einar Kárason á Ritþingi Gerðubergs**
laugardaginn 19. apríl kl. 13.30-16.00
Stjórnandi: Halldór Guðmundsson
Spyrlar: Sjón og Gerður Kristný
Fram koma Karl Guðmundsson leikari, KK, Tómas R. Einarsson og hljómsveit
Menningarmiðstöðin Gerðuberg • Gerðubergi 3-5, 111 Reykjavík
sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is
FORLAGIÐ



Salurinn
FIMMTUDAGUR 17. APRÍL KL. 20
VORVÍSUR SÖNGSYSTRA.
KVENNAKÓR KÓPAVOGS.
LAUGARDAGUR 19. APRÍL KL. 16
SÖNGTÓNLEIKAR TÓNÓ RVÍK.
RANNVEIG KÁRADÓTTIR SÓPRAN.
LAUG. 19. APRÍL KL. 21.
HVERS VIRÐI ER ÉG? NÝR GAMANLEIKUR ÚR SMIÐJU BJARNA HAUKS ÞÓRSSONAR.
UPPSELT Á FYRSTU FJÓRAR SÝNINGAR. LAUSIR MIÐAR
SUNNUDAGUR 20. APRÍL KL. 16
TÓNSMIÐATÓNLEIKAR LHÍ
ÓTTAR SÆMUNDSSEN OG VALENTINA KAY.
MÁNUDAGUR 21. APRÍL KL. 20
SELLÓTÓNLEIKAR LHÍ
ÞORGERÐUR EDDA HALL.
MIÐVIKUDAGUR 23. APRÍL KL. 20
TÓNSNILLINGAR MORGUNDAGSINS
HELGA ÞÓRA BJÖRGVINSD. OG KRISTINN ÖRN KRISTINSSON.
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS


Styrktarfélagið Melódíur minninganna
kynnir
STJÖRNUKVÖLD
Súlnasal Hótel Sögu 2. og 3. maí
Helstu stórsöngvarar landsins koma saman
og halda stórtónleika til söfnunar fyrir
Tónlistarsafn Jóns Kr.Ólafssonar
á Bíldudal
Flytjendur eru:
Helena Eyjólfs
Raggi Bjarna
Þorvaldur Halldórs
Skafti Ólafsson
Rúnar Júlíusson
Baddi Jeff Who
Klaufar
Sprengjuhöllin
André Bachmann
Egill Ólafsson
Valgeir Guðjónsson
Ragga Gísla
Þuríður Sigurðar
Gísli Ægir Ágústsson
Diddú
Álftagerðisbræður
Guðrún Gunnars
Mjöll Hólm
Hara systur
Garðar Guðmundsson
Garðar Cortes og fjölskylda
Sigurjón Brink
Stefán Íslandi og Davíð Ólafsson
Bjarni Töframaður
og Jón Kr. Ólafsson
Undirleikur: Hljómsveitin Hvar er Mjallhvít?
Kvöldið er tileinkað dægurlagaperlum sögunnar.
Gómsætur matur, frábær skemmtiatriði, leynigestur, happdrætti
og klassaball á eftir. Miðaverð aðeins kr. 7.900 með öllu
Miðar og borðapantanir hjá: www.midi.is
Tilboð á flugi og gistingu: Flugfélagið Ernir og Flugfélag Íslands
Radisson SAS
SAGA HOTEL REYKJAVIK
EAGLE AIR
FLUGFÉLAGIÐ ERNIR
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Air Iceland



MADONNA



STEINTRYGGUR

## > Í SPILARANUM

**Steintryggur** - Trappa
**Deus** - Vantage Point
**Colin Meloy** - Colin Meloy Sings Live!
**Guillemots** - Red
**Madonna** - Hard Candy

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Keyra yfir Kanada

Hljómsveitin Sprengjuhöllin er á leiðinni í tveggja vikna tónleikaferðalag um Kanada í maí. Að sögn hljómborðsleikarans Atla Bollasonar kom tónleikaferðin upp fyrir tilviljun. „Okkur var boðið að spila á þremur ólíkum hátíðum í Kanada í maí og júní en komumst ekki á eina hátíðina. Við ákváðum að nýta tímann á milli hátíða, förum á stúfana og reyndum að stilla upp eins mörgum tónleikum og við gátum, þannig að úr er orðinn „mini-túr“ um Kanada,“ segir Atli. „Við erum allir mjög skotnir í Kanada. Þarna er miklu afslappaðra en í Bandaríkjunum en samt hafa þeir allt góða „stöffið“ frá Bandaríkjunum eins og háu húsin og skrýtnu gosdrykkina. Við hlökkum mikið til og vonandi verður þetta fyrsta skrefið hjá okkur í átt að frekari landvinningum.“

Sprengjuhöllin spilaði í Danmörku í mars, það var frumraun hennar utan landsteinanna.



SPRENGJUHÖLLIN Hljómsveitin Sprengjuhöllin er á leiðinni til Kanada í tónleikaferð.

„Það var mjög gaman en þarna voru 248 Íslendingar og tveir Danir eins og gengur og gerist. Núna verður þetta örugglega betra, svona níu hundruð Vestur-Íslendingar og tíu Kanadamenn,“ segir Atli. - fb



## > Plata vikunnar

Lightspeed Champion - Falling off the Lavender Bridge

★★★

„Fyrrverandi meðlimur hinnar háværu Test Icicles skellir sér í sveitatónlistargalla, leitar á slóðir Bright Eyes og endar með prýðilegan grip um raunveruleikann í draumunum sínum.“ SHA



## TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

# *Tvær góðar í hátíðarbúningi*

Það hefur verið vinsælt undanfarin ár að endurútgefa klassískar poppplötur í viðhafnarútgáfum. Oft er mikið lagt í þær; aukadiskar með fágætu efni eru látnir fylgja með og umbúðir eru vandaðar. Í sumum tilfellum eru skrifaðar heilu ritgerðirnar um verkin, tilurð þeirra rakin og þau sett í sögulegt samhengi.



FRÁBÆR PLATA Odelay með Beck er nýkomin út í viðhafnarútgáfu.

Nýlega komu út tvær sérstaklega flottar viðhafnarútgáfur; Odelay með Beck og Moon Safari með Air. Frábærar plötur sem höfðu mikil áhrif og settu sterkan svip á samtímann.

Odelay kom út árið 1996, tveimur árum á eftir Mellow Gold og smellnum Loser. Hún er enn í dag talin besta Beck-platan enda var strákur ótrúlega frjór á þessum tíma. Platan var gerð með pródúseratvíeykinu Dust Brothers og inniheldur fullt af flottum lögum, þ.á m. Devil's Haircut, Where It's At, Hotwax, Sissyneck, Jack-Ass, The New Pollution... Á Odelay tókst Beck það sem sjaldan tekst almennilega: Að gera plötu sem er bæði poppuð og grípandi og tilraunakennd. Á þessari nýju tvöföldu útgáfu eru 19 aukalög, þ.á m. fágætar hljóðritanir, remix (mjög flott) og b-hliðarlög af smáskífum. Texti í plötubæklingnum er eftir Thurston Moore.

Moon Safari kom út í ársbyrjun 1998 og hafði gríðarleg áhrif. Þetta meistaraverk þeirra Jean-Benoit Dunckel og Nicolas Godin kom með alveg nýja stemningu inn í danstónlistar- og poppheiminn og í kjölfarið spruttu upp fjölmargar hermisveitir. Moon Safari stendur enn fyllilega fyrir sínu. Með nýju útgáfunni, sem er í bókarbroti, fylgja tveir aukadiskar; hljómdiskur með tíu remixum, tónleikaefni og fágætum upptökum og mynddiskur með heimildarmyndinni Eating, Sleeping, Waiting & Playing, myndböndum o.fl.

Moon Safari og Odelay eru báðar höfuðverk listamannanna sem gerðu þær. Persónulega finnst mér frábært að fá stórvirki poppsögunnar í hátíðarbúningi. En hvenær skyldi koma að Bítlunum? EMI tilkynnti í fyrra um fjörutíu ára spariútgáfu af Sgt. Peppers, en af henni varð ekki, enda plötur Bítlanna svo heilagar að það má ekkert hrófla við þeim. Þess vegna sitjum við uppi með illa hljóðblandaðar gamlar CD-útgáfur af flestum Bítlaplötunum sem er auðvitað synd.




# Sköpunin heldur áfram

**Eftir áralanga bið ætlar hin virta sveit Portishead að senda frá sér nýja plötu. Hljómsveitin hefur verið í hléi frá 1999 en greinilega ekki setið auðum höndum eins og Steinþór Helgi Arnsteinsson komst að.**

Hljómsveitin Portishead var stofnuð í samnefndum úthverfabæ Bristol-borgar árið 1991. Aðalfólkið á bak við Portishead voru þau Geoff Barrow forritari og Beth Gibbons söngkona. Með þeim í liði var einnig gítarleikarinn Adrian Utley.

Hljómsveitin var gríðarlega virt á sínum tíma og þótti aðgengilegt triphop-tónlist sveitarinnar algjört eyrnakonfekt, sem hún vissulega er. Sveitin sendi frá sér tvær plötur, Dummy árið 1994 og Portishead árið 1997 auk einnar tónleikaplötu en frá 1999 hafði sveitin nær algjörlega haldið sig til hlés eða allt til í fyrra.

### Ímynd sem virkaði

Mikil dulúð hefur alltaf ríkt í kringum Portishead. Meðlimir sveitarinnar virðast hata alla athygli og viðtöl við sveitina heyra til algerra undantekninga. Með sanni má segja að þessi dulúðarþokki sveitarinnar hafi á margan hátt komið henni á framfæri. Sveitinni tókst að selja 150 þúsund eintök af Dummy í Bandaríkjunum án þess að spila á einum einustu tónleikum þar. Auðvitað komu þessar vinsældir á óvart enda efnið þungt og drungalegt. En allt í kringum listræna ímynd sveitarinnar svínvirkaði.

Þrátt fyrir að halda sig svona mikið utan sviðsljóssins hafa vinsældir Portishead ætíð endurnýjað sig. Tónlist sveitarinnar hefur lifað góðu lífi og er ekkert nærri eins úr sér gengin og margt af því sem til dæmis Tricky og Massive Attack voru að gera á svipuðum tíma.

### „Sú þriðja“ verður að veruleika

En eins og áður segir var þögnin rofin í fyrra. Barrow gaf það út að ný plata væri nær fullbúin en hann hafði fyrst talað um það fyrir alvöru í byrjun árs 2006 að þriðja breiðskífa Portishead gæti allt eins orðið að veruleika.

Það var svo í desember síðastliðnum að Portishead kom fram á sínum fyrstu alvöru tónleikum í áratug. Þar tók sveitin nokkur lög af væntanlegri skífu og fólk heillaðist. Sveitin hafði loks stigið fram úr myrkrinu og framundan er tónleikaferð um allan heim.

### Hugrökk en þung

Platan, sem fékk einfaldlega nafnið Third, lak fyrir löngu inn á netið og því hafa skoðanamyndanir átt sér stað víða um heima netsins. Erfitt er að hlusta á plötuna í fyrsta skiptið því erfitt er að útiloka allan samanburð við fyrri skífur og opna hugann fyrir hinni nýju Portishead.



PORTISHEAD Sendir frá sér sína þriðju breiðskífu í lok mánaðarins. Platan ber heitir Third og verður sú fyrsta úr ranni sveitarinnar í áratug.

Third er þyngra verk en fyrirrennararnir, og tilraunakenndari. Þannig á platan vafalaust eftir að heilla marga plötugagnrýnendur upp úr skónum fyrir hugrekkið. Það sem hún á jafnframt eftir að gera er að hryggja nokkra aðdáendur. Það liggur einfaldlega í hlutarins eðli að plata sem þessi eigi eftir að valda einhverjum vonbrigðum.

### Fullt hús hjá Uncut

Þeir dómar sem birst hafa um nýju plötuna eru þó ekkert til að skammast sín fyrir. Q er helst með einhvern fýlusvip og gefur plötunni þrjár stjörnur af fimm. Í Uncut fær platan hins vegar fullt hús stiga og í Mojo er platan eingöngu einni stjörnu frá því að leika þar sama leik.

Fyrst og fremst er biðin samt á enda. Portishead er mætt aftur til leiks og er enn jafn unaðslega skapandi og fyrir nær fimmtán árum.

# Kínaferð stytt vegna Bjarkar

Rokksveitin Vicky Pollard heldur styrktartónleika á Dillon í kvöld vegna tónleikaferðalags hennar til Kína í byrjun maí. Sveitin mun spila á Midi-hátíðinni í Peking ásamt Hellvar en ekkert verður af fyrirhuguðum tónleikum í Shanghai.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu var ferðalagið í óvissu vegna hvatningarorða Bjarkar Guðmundsdóttur til Tíbeta á tónleikum í Kína en nú hafa íslensku sveitirnar fengið grænt ljós á tónleika sína í Peking.

„Það voru settar hömlur á erlenda listamenn og þeir gátu ekki staðið undir því í Sjanghai. Við förum bara til Peking og styttum þá ferðina,“ segir Eygló Scheving Sigurðardóttir, söngkona Vicky Pollard. „Þetta er búið að vera vesen. Við höfum ekki getað pantað flugið því við höfum ekki vitað hvað við verðum lengi. Við erum búin að fá öll leyfi og allt það og nú á bara eftir að klára að kaupa ferðina.“

Að sögn Eyglóar er ferðalagið til Kína mjög dýrt og vonast hún til að styrktartónleikarnir eigi eftir að brúa bilið. „Við erum búin að föndra boli sem er hægt að kaupa og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta er svolítið dýrt flug. Við fáum aðeins borgað fyrir að spila þarna en það er voðalega takmarkað. Við reynum að fá einhverja styrki en það tókst ekki,“ segir hún.

Tónleikarnir á Dillon hefjast klukkan 21.30 og kostar 500 krónur inn. Auk Vicky Pollard koma fram hljómsveitirnar Jan Mayen og We Made God. - fb



VICKY POLLARD Hljómsveitin Vicky Pollard heldur styrktartónleika á Dillon í kvöld.



BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR Söngkonan hvatti Tíbetbúa til að lýsa yfir sjálfstæði á tónleikum í Kína.


TILNEFND TIL 6 ÓSKARSVERÐLAUNA
FROM JOE WRIGHT DIRECTOR OF PRIDE & PREJUDICE
JAMES McAVOY KEIRA KNIGHTLEY
ATONEMENT
JOINED BY LOVE. SEPARATED BY FEAR. REDEEMED BY HOPE.
KOMIN Í VERSLANIR HAGKAUPA
MYNDFORM
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

>SÁR ÚT Í BA

Naomi Campbell hyggst ekki ferðast með British Airways frá næstunni, þrátt fyrir afsökunarbeiðni sem hún segist nú hafa fengið frá flugfélaginu. Það setti hana í bann um daginn eftir að fyrirsætan sleppti sér yfir týndum farangri á Heathrow. Campbell segist hafa tekið þá afstöðu að ferðast ekki með flugfélaginu, vegna þeirrar slæmu meðferðar sem farþegar hafi hlotið hjá flugfélaginu í kjölfar vandamála sem skapast hafa í nýju flugstöðinni á Heathrow.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Börnin ráða í nýjum þætti BBC

Tökum á nýjum sjónvarpsþætti BBC er nýlokið hér á landi, en hópur á vegum þáttarins Gimme a Break var staddur á landinu í fimm daga.

Í þáttunum verður fylgst með fjölskyldum á ferðalagi þar sem börnin fá að ráða öllu meðan á dvöl stendur, frá áfangastað til afþreyingar. Hingað til lands kom Brooks-fjölskyldan, sem samanstendur af drengjunum Stan, Jacob og Joseph auk foreldranna Joan og Stuart. Drengirnir þrír völdu Ísland sem áfangastað fram yfir bæði Spán og Kanada, en foreldrarnir fengu hins vegar ekki að vita hvert förinni var heitið fyrr en um borð í vél Iceland Express var komið, en fyrirtækið stóð fyrir því að Ísland yrði á meðal valkosta í þættinum.

Meðan á dvöl þeirra stóð voru foreldrarnir skikkaðir í jöklaferð, auk þess sem þeim var boðið upp á hefðbundinn íslenskan mat á borð við hrútspunga og sviðakjamma, við dræmar undirtektir þeirra en þeim mun meiri kátínu drengjanna.



**BROOKS-FJÖLSKYLDAN** Það voru bræðurnir Stan, Jacob og Joseph sem fóru með töglin og hagldirnar í ferðalagi fjölskyldunnar til Íslands.

Þúsundir breskra fjölskyldna sóttu um þátttöku í Gimme a Break, en sýningar á þáttunum hefjast á stöðvunum CBBC og BBC1 eða BBC2 í haust.

# Diaz þakkar aðdáendum

Leikkonan Cameron Diaz hefur þakkað aðdáendum sínum fyrir stuðninginn sem hún hefur fengið eftir að tilkynnt var um andlát föður hennar Emilio Diaz, sem lést á þriðjudag, 58 ára gamall, eftir að hafa glímt við lungnabólgu.

„Gríðarlega mörgum þótti vænt um föður minn og kímnigáfa hans og andi verður ávallt í hjörtum okkar,“ sagði Diaz. Bætti hún við í yfirlýsingu sinni að fjölskylda sín væri „afar þakklát fyrir hina miklu ástúð og stuðning sem hún hefur fengið á þessum erfiðu tímum“.

Framleiðslu á nýjustu mynd Diaz, My Sister´s Keeper, hefur verið frestað vegna dauðsfallsins.



**CAMERON DIAZ** Leikkonan Cameron Diaz hefur þakkað aðdáendum sínum fyrir stuðninginn.



**LÍF Í TUSKUNUM** Þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit inn í húsnæði Listaháskólans að Skipholti í gær var vinna útskriftarnema í fatahönnun á lokasprettinum og nóg um að vera. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Útskriftarnemar sýna í dag

**Fimm útskriftarnemar í fatahönnun við Listaháskóla Íslands sýna hönnun sína á tískusýningu í gömlu kexverksmiðjunni Frón við Skúlagötu í kvöld.**

Þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit inn í húsnæði Listaháskólans í gær var mikið um að vera, enda sýningin skammt undan. Þeir fimm nemendur sem útskrifast úr fatahönnun frá skólanum í vor hafa lagt nótt við nýtan dag undanfarnar vikur til að undirbúa lokasýningu sína.

„Það er allt á lokasprettinum,“ sagði Álfrún Guðríður Guðrúnardóttir, kynningarstjóri Listaháskólans, í gær. „Þær eru með fleiri verkefni en oft áður, auk þess sem sýningin er þremur vikum fyrr en vanalega. Þær eru að sauma svo mikið að þær hafa hreinlega sofið hérna í svefnpokum á nóttunni. Þetta er meira að segja þannig að konan á símanum er farin að aðstoða við saumana,“ bætti hún við.

Fimm fatahönnunarnemar taka þátt í útskriftarsýningu Listaháskólans í vor. Hún fer, sem áður sagði, fram í kvöld, að Skúlagötu 28, og hefst klukkan 20. Hönnun þeirra verður þó einnig hægt að sjá á Kjarvalsstöðum, þar sem sýning sextíu og þriggja útskriftarnema úr myndlistar- og hönnunarog arkitektúrdeildum verður opnuð á laugardag. Hún stendur til 1. maí. sunna@frettabladid.is

# Þekkt nöfn á FM-hátíð

**Gus Gus, Sprengjuhöllin, Bloodgroup, Merzedes Club, Ný dönsk, Haffi Haff og Páll Óskar koma fram á Hlustendaverðlaunum FM 957 sem verða haldin í tíunda sinn í Háskólabíói 3. maí. Einnig koma óvæntir tónleikagestir fram á hátíðinni.**

**Kosning er hafin á Vísir.is vegna verðlaunanna og þar er meðal annars hægt að kjósa um bestu hljómsveitina, besta lagið og bestu plötuna. „Þetta verður stærsta hátíðin til þessa því þarna verða þúsund manns. Við höfum vanalega verið með þetta í Borgarleikhúsinu en þar eru bara um þrjú hundruð sæti,“ segir Brynjar Már Valdimarsson, tónlistarstjóri FM957.**



**BRYNJAR MÁR** Brynjar Már Valdimarsson segir að Hlustendaverðlaunin í ár verði þau flottustu til þessa.


Torunn hittir föðurfólkið sitt í fyrsta sinn þegar amma hennar liggur fyrir dauðanum, amman sem hrakti móður hennar ófríska á brott og svipti Torunni þar með kynnum af fjölskyldunni – þar til nú. En áður en Torunn veit af hefur hún bundist þessu bláókunnuga, sérkennilega fólki miklu sterkari böndum en hún kærir sig um.

***Kuðungakrabbarnir* er sjálfstætt framhald skáldsögunnar *Berlínaraspirnar* sem notið hefur mikillar hylli hér á landi.**

Pétur Ástvaldsson þýddi.

**„Stórsýning á glæsilegri og brýnni skáldskaparlist.“**
*Dagens Næringsliv*

**„Þeir sem hrifust af fyrri bókinni munu einnig fagna þessari.“**
*Aftenposten*




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

**„Fantagóð, grátbrosleg bók.“**
*Verdens Gang*




**STOLT AF SERBNESKUNNI** Jelena Tomasevic er fúl út í Íra.

# Jelena keppir ekki við kalkúna

Fulltrúi heimamanna Serba er söngkonan Jelena Tomasevic sem syngur lagið Oro. „Það er mikill heiður að fá að koma fram fyrir hönd þjóðar minnar,“ segir söngkonan og segist ætla að syngja lagið inn á plötu á spænsku, grísku, finnsku, ensku, hebresku og rússnesku. „Hvers vegna? Þú verður að spyrja fjölmiðladeildina mína að því,“ segir Jelena og bætir við að hún ætli bara að syngja á serbnesku í keppninni sjálfri. „Mér finnst mikið tapast þegar lög eru sungin á ensku. Er það ekki það sem Eurovision snýst um, að sýna fjölbreytnina í Evrópu?“

Jelena er ómyrk í máli varðandi meint flipp sumra keppanda. „Ég er búin að heyra öll lögin og ég verð að segja að ég er ekki ginnkeypt fyrir einhverju einu. Og mér mislíkar það sem sumar þjóðirnar eru að gera. Hér er ég fyrst og fremst að tala um Íra. Þetta er alveg fáránlegt og mér finnst lágkúrulega vegið að keppninni, sem var einu sinni virtur tónlistaratburður. Ég get ekki keppt á móti brúðukalkúna! Er ekki aðalatriðið að sá sem syngur sjáist á sviðinu? Hvað veit maður nema söngvarinn sé á bak við eða að þetta sé allt á teipi?“ segir Jelena, alveg hundfúl.

EUROVISION 35 DAGAR TIL STEFNU



EVRÓPUKEPPNIN
HEFST Í ELKO
6.995
UEFA - Euro 2008
Komin líka á
PS2 - PSP - XBOX - PC
Nýr fótboltaleikur frá framleiðendum Fifa leikjanna. Hér geta leikmenn stýrt öllum landsliðum Evrópu til sigurs í Evrópukeppni landsliða. Taktu við stjórn íslenska landsliðsins og komdu því á toppinn. Leikurinn inniheldur fjölmarga nýja möguleika og geta margir spilað hann saman í gegnum netið. Leikurinn hefur þegar fengið toppdóma og þykir betri en Fifa 08, en Eurogamer gefur leiknum 8 af 10.
PLAYSTATION 3
UEFA EURO2008 Austria-Switzerland
Nýr Buzz leikur með meira en 5.000 spurningar um popptónlist síðustu 10 ára
3.995
Buzz - Pop quiz
PlayStation 2
BUZZ! The Pop Quiz
PC CD-ROM
The Sims 2 Kitchen & Bath Interior Design Stuff
1.895
Sims 2
Kitchen & bath
Forpantaðu núna
á WWW.ELKO.IS
Grand Theft Auto IV
ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
ELKO VIÐ SMÁRATORG OG SKEIFUNNI 7 – SÍMI 544 4000

# Útgáfufyrirtæki hótar Amy



Útgáfufyrirtæki Amy Winehouse, Universal Music, hefur skipað henni að hætta allri eiturlyfjanotkun. Geri hún það ekki fái hún ekki að gefa út aðra plötu undir merkjum fyrirtækisins. Þeir hótuðu söngkonunni sömu aðgerðum fyrr á árinu, eftir að breskt dagblað birti myndir af söngkonunni þar sem hún neytti eiturlyfja, og fór Winehouse í meðferð í kjölfarið. Hún hætti í henni hins vegar eftir einungis tvær vikur, og þrátt fyrir að söngkonan haldi því fram að hún sé á batavegi þykir hegðun hennar undanfarnar vikur bera vitni um hið gagnstæða.

Samkvæmt blaðinu The Sun hefur útgáfan því gripið til þeirra ráða að skikka söngkonuna í meðferð, ella fái hún ekki að gefa út þriðju plötu sína, sem beðið er með mikilli eftirvæntingu eftir velgengni Back to Black, hjá fyrirtækinu. „Ef hún er ekki edrú fær hún ekki að gefa út aðra plötu," segir heimildarmaður The Sun. „Þeir myndu aldrei leysa hana undan samningum, bara ekki gefa út plötu. Hún hefur verið vöruð við og þarf að taka sig á."

**SKIKKUÐ Í MEÐFERÐ** Nái Amy Winehouse ekki að komast fyrir fíkniefnavanda sinn fær hún ekki að gefa út aðra plötu hjá Universal Music.

# Hljómsveit festist í smábæ

Lúðrasveit lögreglunnar í Alexandríu er á ferðalagi um Ísrael til að spila á opnun nýrrar menningarmiðstöðvar í Petah Tikva. En í stað þess festist sveitin í smábænum Betah Tikva, þar sem aldrei gerist neitt og íbúunum leiðist greinilega. Þeir þurfa að reiða sig á hjálp eiganda eina kaffihússins í bænum og yfirstíga ýmsa þröskulda.

Kvikmyndin The Band's Visit kemur úr smiðju Ísraelsmanna og er ein þeirra lofuðu alþjóðlegu mynda sem voru ekki gjaldgengar til Óskarstilnefningar sem besta erlenda myndin af tæknilegum ástæðum. Í þessu tilfelli er það vegna þess að yfir helmingur af töluðu máli myndarinnar er á ensku.

Sem er synd, því um mjög vandaða mynd er að ræða sem tekst að vera í senn fyndin, á lágstemmdan hátt, og dramatísk. Myndin nær kannski engum svimandi hæðum, heldur er í eðli sínu róleg. Myndin fjallar sem fyrr segir um árekstur menningarheima og fólk sem nær saman þrátt fyrir það. Einmanaleiki er mikið þema og myndin fjallar um það á næman hátt, án þess að koðna niður í melódrama. Leikstjórinn, Eran Kolirin, sem er að gera sína fyrstu mynd, er einnig mjög skilningsríkur á að finna tilfinningasemina og húmorinn í hverju atriði. Myndatakan er sniðug og stíll myndarinnar virðist undir áhrifum frá Jim Jarmusch (Broken Flowers) ásamt fleirum.

Leikurinn er einnig til fyrirmyndar, en í fararbroddi eru Sasson Gabai, sem stjórnandi hljómsveitarinnar, og Ronit Elkabetz, sem konan sem skýtur yfir hann skjólshúsi. Stjórnandinn er strangur og felur tilfinningar sínar, svo rómantíkin á milli hans og konunnar er áhugaverð þar sem hún er líflegri týpa. Góður er einnig Saleh Bakri, ungi kvennabósi sveitarinnar, en hans hlutskipti síðar í myndinni er skondið.

Miðpunktur The Band's Visit er einfaldlega fólk og samskipti í framandi umhverfi. Myndin er tragísk og rómantísk í senn, gamansöm og mannleg og á endanum mjög ánægjuleg stund í kvikmyndahúsi. **Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is**



**KVIKMYNDIR**

**The Band's Visit**

Leikstjóri: Eran Kolirin. Aðalhlutverk: Sasson Gabai, Ronit Elkabetz, Saleh Bakri.

Sýnd á Bíódögum Græna ljóssins.

★★★★

Skemmtileg mynd um mannleg samskipti.


# Kvótakerfi á krossgötum?

Fiskveiðistjórnkerfið og álit mannréttindanefndar SÞ



**LAUGARDAGINN 19. APRÍL KL 13-15.30 Á GRAND HÓTEL**

**Dagskrá:**

- **Karl V. Matthíasson** alþingismaður setur ráðstefnuna og fjallar um lífsrétt-auðlindarétt.
- **Lúðvík Kaaber** héraðsdómslögmaður: Lagalegt eðli fiskveiðistjórnkerfisins.
- **Aðalheiður Ámundadóttir**, laganemi Háskólanum á Akureyri: Um skyldu íslenska ríkisins til að virða álit mannréttindanefndar SÞ um íslenska fiskveiðistjórnkerfið.
- **Jóhann Ársælsson** fyrrv. alþingismaður: Hvað er til ráða?
- **Þorvaldur Gylfason** prófessor við Háskóla Íslands: Löglaust og siðlaust.
- **Pallborðsumræður:** Frummælendur ásamt fulltrúum frá LÍÚ og Framtíð – samtökum sjálfstæðra í sjávarútvegi.

**Nánari upplýsingar á vef Samfylkingarinnar: www.samfylking.is**

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Samfylkingarinnar**

**Allir velkomnir**

Samfylkingin



NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000 – 5%

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| FORGETTING SARA M. LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| 21 | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| AWAKE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| 21 | kl. 6 - 9 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 - 10 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

5%

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | | | |
|---|---|---|---|
| LAKE OF FIRE (MYNDVARP) | kl. 5.20 | ENSKUR TEXTI | 10 |
| LIVING LUMINARIES | kl. 6 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | |
| SURFWISE (MYNDVARP) | kl. 6 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | |
| WAR/DANCE (MYNDVARP) | kl. 6 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | 7 |
| BEAUFORT | kl. 8 | ENSKUR TEXTI | 14 |
| BELLA | kl. 8 | ENSKUR TEXTI | |
| THE AGE OF IGNORANCE | kl. 8 | ENSKUR TEXTI | |
| CARAMEL | kl. 10 | ENSKUR TEXTI | |
| TROPA DE ELITE | kl. 8 - 10.20 | ENSKUR TEXTI | 16 |
| THE BAND'S VISIT | kl. 10 | ENSKUR TEXTI | |
| THE KING OF KONG | kl. 10.15 | ÍSLENSKUR TEXTI | |

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500 – 5%

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 8 - 10 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 - 8 | 7 |
| THE ORPHANAGE | kl. 10 | 16 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI – AUKAKRÓNUR



Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 og 6 - 550 kr. | L |
| THE RUINS | kl. 8 og 10 | 16 |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 8 og 10.15 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 4 og 6 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |



SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARAH M... | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| FORGETTING SARAH M... | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| P2 | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | 16 |
| SHINE A LIGHT | kl. 8 - 10:30 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 5:30 | VIP |
| RUINS | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FOOL´S GOLD | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 4D - 6D | 10 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| STEP UP 2 | kl. 4 - 6 | 7 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| P2 | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 4D - 6D - 8D - 10D | 10 |
| JUNO | kl. 6 | 7 |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 | 7 |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 10:10 | 12 |
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 4 (3D) | L |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 4 | L |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| FOOL´S GOLD | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 | 10 |
| THE EYE | kl. 10:10 | 10 |
| BUBBI BYGGIR M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| SHINE A LIGHT | kl. 8 | L |
| 21 | kl. 10:15 | 12 |
| DEFINETLY MAYBE | kl. 6 - 8 | L |
| DOOMSDAY | kl. 10:15 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 6 | 10 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| FORGETTING SARAH ... | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| FOOL'S GOLD | kl. 8 | 12 |
| VANTAGE POINT | kl. 10:20 | 16 |
| BUBBI BYGGIR ÍSL. TAL | kl. 6 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |



**SÁLIN HANS JÓNS MÍNS** Sálin hans Jóns míns ætlar að halda uppi stuðinu í íþróttahúsi Digraness á laugardagskvöld.

## Sálin spilar á vorhátíð HK

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns spilar í íþróttahúsi Digraness á laugardagskvöld í tilefni af hinni árlegu vorhátíð HK. Sálin fagnar um þessar mundir tuttugu ára afmæli og ætlar að bera á borð alla sína ljúffengustu rétti á ballinu.

Vorhátíð HK er liður í eflingu félagsstarfs klúbbsins, sem hefur verið að sækja í sig veðrið upp á síðkastið. Í Digranesi verður boðið upp á blandaða skemmtidagskrá með borðhaldi og eftir það hefur Sálin leik sinn upp úr miðnætti.

# Þekktir höfundar kenna Íslendingum að skrifa grín

**Ráðstefna um hvernig eigi að skrifa og hanna grín fyrir sjónvarp verður haldin í Reykjavík í byrjun maí.**

Höfundar þátta á borð við Friends og Will & Grace koma hingað til lands í næsta mánuði og kenna Íslendingum að skrifa grínefni fyrir sjónvarp. Alls mæta þrír af fremstu grínþáttahöfundum Bandaríkjanna en ráðstefnan ber nafnið Outside the Box: Comedy og er haldin á vegum fyrirtækisins MediaXchange. Ein skærasta stjarnan á ráðstefnunni er án nokkurs vafa Jeff Greenstein en hann er einn af framleiðendum og höfundum sjónvarpsþáttaraðarinnar um Aðþrengdar eiginkonur eða Desperate Housewives. Jafnframt kom Greenstein að gerð þáttanna um Will & Grace og hinna ofurvinsælu gamanþátta Vinir eða Friends.

Hinir tveir erlendu gestirnir hafa einnig unnið að vinsælum þáttaröðum: John Barber sem skrifaði meðal annars fyrir Roseanne og Frasier, og John Vorhaus sem ætlar að segja frá reynslu sinni við gerð þáttanna Wonder Years og Married...with Children. Áhugasamir geta nálgast upplýsingar um hvernig á að skrá sig á heimasíðu fyrirtækisins en fyrirlestrarnir fara fram í Smárabíó dagana 5.-8. maí.

freyrgigja@frettabladid.is



**HÖFUNDUR FRIENDS** Jeff Greenstein er einn þeirra sem tala á ráðstefnu um grín í sjónvarpi. Hann á að baki þætti á borð við Friends og Aðþrengdar eiginkonur.



**ERIC PRYDZ** Svíinn Eric Prydz spilar á tveimur klúbbakvöldum á Broadway 17. maí.

## Prydz þeytir skífum í maí

Sænski danstónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn Eric Prydz þeytir skífum á tveimur klúbbakvöldum á Broadway 17. maí. Prydz er með vinsælustu plötusnúðum heims og hefur verið reynt að fá hann til landsins í mörg ár en ekki tekist.

Hann minnti rækilega á sig í fyrra þegar hann varð sá fyrsti í heiminum til að fá að endurhljóðblanda lag með Pink Floyd. Lagið Proper Education setti hann í dansbúning og rataði það lag beint inn á vinsældalista útvarpsstöðva á Íslandi sem og annars staðar. Ásamt Eric Prydz koma fram í fyrsta skipti á Íslandi Sean Danke og Scheizer Goodman, auk plötusnúðsins Ghozt. Miðaverð á tónleikana er 3.000 kr. í apríl en það hækkar í 4.000 í maí.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Breska söngkonan **Leona Lewis** braut blað í sögunni þegar fyrsta plata hennar, Spirit, komst í efsta sæti Billboard-listans í Bandaríkjunum, en heil 250 þúsund eintök af plötunni seldust í fystu vikunni frá útgáfu. Lewis, sem vann X-factor í Bretlandi, hefur einnig átt vinsælustu smáskífuna í Bandaríkjunum með laginu Bleeding Love. Hún var fyrsta breska söngkonan til að ná þeim árangri frá árinu 1987.



Leikarinn **Robert Downey Jr.** segir að fíkniefnaneysla hans hafi eyðilagt samband hans og Söruh Jessicu Parker, en þau voru par á árunum 1984 til 1991. „Ég var svo sjálfselskur. Ég drakk mikið og átti við fíkniefnavanda að stríða, og það fór ekki vel í Söruh Jessicu, því það er ekkert fjarlægara henni en það," segir Downey, sem kveðst ánægður með að hún hafi fundið sér mann í leikaranum Matthew Broderick.



**Angelina Jolie** segir að börn hennar og **Brad Pitt** líti alls ekki á foreldra sína sem stjörnur. „Ég held að börnunum okkar eigi eftir að finnast það allt mjög fyndið þegar þau verða eldri, því þeim finnst við vera algjörir nördar. Reyndar nördalegasta fólk á plánetunni," segir leikkonan, sem segir þau hjónaleysin vera dæmigerða foreldra.

**Gwyneth Paltrow** þjáðist af fæðingarþunglyndi eftir að tveggja ára sonur hennar og **Chris Martin**, **Moses**, kom í heiminn. Hún segist hins vegar ekki hafa áttað sig á því fyrr en eftir á. „Ég vissi ekki hvað var að mér. Ég var ekki í sambandi við líkama minn, mér fannst ég ekki ná tengslum við neitt. Ég var mjög leið. Ég var svartsýn," segir hún í viðtali við Vogue. Paltrow og Martin eiga einnig dótturina **Apple**.






## > Átta liða úrslit Lengjubikars karla í kvöld

Fyrri tveir leikirnir í átta liða úrslitum Lengjubikars karla fara fram í kvöld þegar Íslandsmeistarar Vals taka á móti Keflavík í Egilshöll kl. 19.00 og nágrannarnir HK og Breiðablik mætast í Kórnum kl. 19.30. Sigurvegarinn úr leik Vals og Keflavíkur mætir annað hvort KR eða ÍA sem eigast við á morgun í Kórnum kl. 14.00. Sigurvegarinn úr Kópavogsslagnum mætir svo annað hvort Fram eða FH en liðin mætast á Framvellinum á morgun kl. 14.00.



**sport**
sport@frettabladid.is

EIRÍKUR ÖNUNDARSON, ÍR: ÍHUGAR AÐ HÆTTA EN HEFUR ÞÓ EKKI TEKIÐ ENDANLEGA ÁKVÖRÐUN Í ÞEIM EFNUM

# *Sjáum til hvort fiðringurinn komi aftur í haust*

Hinn gamalreyndi Eiríkur Önundarson, sem verður 34 ára í haust, var mikilvægur hlekkur í spútnikliði ÍR sem sló Íslandsmeistara KR út úr úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta og datt svo úr keppni gegn deildarmeisturum Keflavíkur í oddaleik í fyrrakvöld. ÍR komst í 2-0 í einvíginu en tapaði í framhaldinu þremur leikjum í röð og datt úr leik.

„Það var óneitanlega svekkjandi að fá þrjá möguleika til þess að klára þetta einvígi og komast í úrslitarimmuna gegn Snæfelli en við vorum vitanlega að spila gegn mjög sterku Keflavíkurliði og maður tekur hattinn ofan fyrir þeim að koma svona sterkir til baka,“ sagði Eiríkur, sem er stoltur af framgöngu ÍR-inga í úrslitakeppninni.

„Eftir brokkgengt tímabil náðum við að þjappa okkur saman og komum sterkir til leiks í úrslitakeppninni og það er nokkuð sem við getum verið mjög stoltir af. Við spiluðum góðan bolta í fimm af þessum átta leikjum sem við spiluðum í úrslitakeppninni en völdum okkur ef til vill ekki léttustu leiðina með því að mæta Íslandsmeisturunum frá því í fyrra og svo deildarmeisturunum í ár,“ sagði Eiríkur, sem tilkynnti í leikslok í fyrrakvöld að hann hefði líklega spilað sinn síðasta leik á ferlinum.

„Þetta tímabil er búið að vera svolítið erfitt fyrir mig þar sem ég hef átt í meiðslum en það er tiltölulega nýtt fyrir mér að standa í svoleiðis og það er spurning hvort skrokkurinn sé eitthvað að gefa eftir. Ég sagði því í fyrrakvöld að þetta hefði líklega verið síðasti leikurinn minn en það er aldrei að vita með það og ég sé til hvort fiðringurinn kemur aftur næsta haust,“ sagði Eiríkur, sem hefur trú á því að ÍR-liðið komi sterkt til leiks næsta haust.

„Ég hef trú á því að liðið haldist óbreytt. Það hefur verið mikill uppgangur og vakning í kringum þessa velgengni hjá liðinu og það verður að byggja á því,“ sagði Eiríkur að lokum.





**VILHJÁLMUR HALLDÓRSSON** Seinheppinn með eindæmum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vilhjálmur Halldórsson:

## Kominn á hækjur

**HANDBOLTI** Óheppnasti handboltamaður Íslandssögunnar, Stjörnumaðurinn Vilhjálmur Halldórsson, er enn eina ferðina kominn á meiðslalista og styðst við hækjur þessa dagana.

Vilhjálmur hafði verið slæmur í hnénu í nokkurn tíma og er hann leitaði læknis kom í ljós mikil brjóskmyndun í hnénu.

„Brjóskið var hreinlega að skera í sundur sinina. Ef það hefði gerst væri ég í talsvert verri málum,“ sagði Vilhjálmur en á sama tíma komu í ljós smá skemmdir á liðþófa sem einnig voru lagaðar.

„Það var fínt að kýla bara á þetta núna þar sem það er ekki lengur að neinu að keppa. Ég verð svo vonandi orðinn góður í lok maí og mæti svo sterkur til leiks næsta vetur,“ sagði Vilhjálmur jákvæður sem fyrr. - hbg



**JOHN TERRY** Fagnaði sigrinum mikilvæga vel í leikslok. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

## Chelsea neitar að gefast upp

**FÓTBOLTI** Chelsea lét jafnteflið gegn Wigan á dögunum ekki buga sig í gær þegar liðið landaði ákaflega mikilvægum sigri gegn Everton, 1-0.

Það var Michael Essien sem skoraði markið en hann skoraði einnig gegn Wigan og öttuðust margir stuðningsmenn Chelsea í gær að sá leikur myndi endurtaka sig.

Vörn Chelsea hélt aftur á móti og þrjú gríðarlega mikilvæg stig í húsi hjá Lundúnaliðinu. Chelsea er þar af leiðandi aðeins tveim stigum á eftir toppliði Man. Utd en hefur leikið einum leik meira.

Liðin eiga aftur á móti eftir að mætast á Stamford Bridge hinn 26. apríl. - hbg

# Vonandi verða Valsstúlkur svona góðar á móti Stjörnunni

**Valsstúlkur spilltu meistaravonum Fram með því að vinna öruggan sigur í Safamýri í gær. Íslandsmeistarar Stjörnunnar geta nú varið titilinn vinni þær þá leiki sem þær eiga eftir. Hið unga lið Fram brotnaði hreinlega á Berglindi Írisi Hansdóttur og geysiöflugri Valsvörn sem hélt Framliðinu í sextán mörkum.**

**HANDBOLTI** Valskonur fóru illa með meistarakandídata Fram í Safamýrinni í gærkvöldi og færðu hugsanlega Stjörnukonum Íslandsmeistaratitilinn á silfurfati.

Valsliðið spilaði frábæra vörn og fyrir aftan varði Berglind Íris Hansdóttir 28 bolta í markinu. Valsliðið var með frumkvæðið allan leikinn en náði fyrst góðum tökum á leiknum þegar það skoraði þrjú síðustu mörk fyrri hálfleiks og tvö þau fyrstu í seinni hálfleik og náði með því sex marka forustu. Framkonur komu muninum niður í fjögur mörk en nær komust þær ekki og Valur vann öruggan og sannfærandi sex marka sigur, 22-16.

Stjarnan varð að treysta á að Fram tapaði leik til þess að eiga möguleika á titlinum en eftir leikinn í gær hafa liðin skipt um hlutverk og nú þurfa Framkonur að treysta á að Íslandsmeistararnir úr Garðabæ misstígi sig í þeim þremur leikjum sem þeir eiga eftir.

### Alveg ömurlegt

„Þetta var alveg ömurlegt. Við ætluðum að fara langleiðina með að klára titilinn í dag en við vorum bara langt frá því að vera nálægt því,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, eftir leik.

En voru stelpurnar hans yfirspenntar? „Þetta eru ungar stelpur og ungur hópur en besti sóknarleikmaðurinn minn í dag er yngsti leikmaðurinn í liðinu, fædd 1990, svo að ég veit ekki hverjir eiga að vera yfirspenntar ef hún er eina manneskjan sem gerir eitthvað sóknarlega,“ sagði Einar og átti þá við Karenu Knútsdóttir sem skoraði fjögur flott mörk í gær.

Valsliðið tók Anett Köbli úr umferð frá fyrstu sekúndu leiksins og það virtist slá Framsóknina út af laginu. Fyrir vikið var það hvað eftir annað á herðum Stellu Sigurðardóttur að taka af skarið en hún fann ekki fjölina sína.

„Ég átti svo sem alveg von á einhverju nýju frá Gústa þannig að þetta kom mér ekki á óvart,“ sagði Einar en hann sagði Berglindi Íris Hansdóttur hafa reynst þeim afar erfið.

### Valur farið illa með okkur

„Valsliðið hefur farið illa með okkur í stóru leikjunum í vetur en þar er kannski munurinn á reynslumiklu liði og Framliðinu sem er ungt og efnilegt. Ég hélt samt að þetta væri að koma og við gætum farið að vera eins og fullorðnar konur inn á vellinum,“ sagði Einar en nú þurfa hann og stelpurnar að treysta á úrslit úr öðrum leikjum.

„Það er ömurlegt að þurfa að bíða og sjá hvað gerist. Við eigum eftir að spila á móti FH og verðum að vinna þann leik. Við megum samt ekki gleyma því að við erum ennþá efstar en Stjarnan þarf náttúrlega bara að vinna sína leiki. Ég er sannfærður um það að ef Valur er svona eins og þær spiluðu í dag, þá bara vinna þær Stjörnuna. Stjarnan er komin í bílstjórasætið og við þurfum bara að vona það besta, sem er hundleiðinlegt,“ sagði Einar að lokum.

„Þær voru að spila fanta vörn og náðu hraðaupphlaupum í kjölfarið. Þær komu okkur svolítið á óvart með því að taka Anett úr umferð en við eigum alveg að geta leyst þetta,“ sagði Ásta Birna Gunnarsdóttir, fyrirliði Fram, eftir leik.

„Nú verður þetta miklu erfiðara, að þurfa að horfa upp á önnur lið spila um þetta. Við erum ennþá með í baráttunni og vonandi verða Valsstúlkur svona góðar á móti Stjörnunni í lokaumferðinni. Við verðum að vinna FH en svo höldum við bara með þeim í lokaumferðinni,“ sagði Ásta Birna að lokum. ooj@frettabladid.is

## FRAM-VALUR 16-22

**Mörk Fram (skot):** Karen Knútsdóttir 4 (7/1), Stella Sigurðardóttir 3 (14), Anett Köbli 3/3 (6/3), Pavla Nevarilova 2 (5), 2, Þórey Rósa Stefánsdóttir 1 (5), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (2), Sigurbjörn Jóhannsdóttir 1 (5), Sara Sigurð ardóttir 1 (7).
**Varin skot:** Kristina Matuzeviciute10 (af 32/2, 31%).
**Hraðaupphl.:** 4 (Karen 2, Stella 2).
**Fiskuð víti:** 4 (Stella, Pavla, Sara, Karen).
**Mörk Vals (skot):** Kristín Guðmundsdótir 4 (11), Hafrún Kristjánsdótir 4/1 (6/1), Eva Barna 4 (7), Dagný Skúladóttir 3 (6), Ágústa Edda Björnsdótt ir 3/1 (3/1), Íris Ásta Pétursdótir 2 (2), Katrín Andrésdóttir 1 (2), Nora Valovics 1 (1).
**Varin skot.** Berglind Íris Hansdóttir 28/1 (af 44/4, 56%) .
**Hraðaupphl::** 10 (Eva 4, Dagný 3, Íris Ásta 2, Ágústa Edda).
**Fiskuð víti:** 2 (Dagný, Hafrún).



**SIGURDANS** Nora Valovics fagnar glæsilegum sigri á Fram með því að dansa léttan sigurdans við mikla kátínu Ágústu Eddu Björnsdóttur. Karen Knútsdóttir Framara er ekki eins kát á minni myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hafrún Kristjánsdóttir, fyrirliði Vals og sálfræðingur, um að pressan hafi verið á Valsliðinu í leiknum í gær:

# Þetta var fimm aura sálfræði hjá Einari

**HANDBOLTI** Valsstúlkur fögnuðu vel sigrinum á móti Fram í gær en þar spiluðu þær eins og Íslandsmeistarar.

„Við erum með besta liðið en höfum klikkað þegar það hefur skipt máli,“ sagði Hafrún Kristjánsdóttir, fyrirliði Vals og sálfræðingur, en hún og félagar hennar í Valsliðinu hafa farið illa með Fram á úrslitastundum í vetur.

„Við erum búnar að taka alla titla af Fram í vetur, við slógum þær út úr bikar, unnum þær í deildarbikar og ég held að við séum komnar hálfa leið með að taka Íslandsmeistarabikarinn af þeim,“ sagði Hafrún og fannst það greinilega ekki leiðinlegt.

„Við spiluðum geðveika vörn og það vorum við sem vorum yfirvegaðar í þessum leik. Ég held að Einar (þjálfari hjá Fram) hafi heldur betur skotið sig í fótinn með því að koma með fáránlegasta komment sem ég hef séð síðan ég byrjaði í handbolta fyrir fjórtán árum síðan. Hann var að tala um að það yrðum við sem yrðum stressaðar og öll pressan væri á okkur. Ég hef aldrei vitað þvílíka fimm aura sálfræði því þær voru algjörlega yfirspenntar í þessum leik. Hann ætti að einbeita sér að sínu liði,“ sagði Hafrún harðorð.

„Við eigum ennþá séns ef Framstelpurnar skíta í buxurnar á móti FH en ég hef enga trú á því að þær geri það því það væri skandall ársins. Við reynum að vinna það sem eftir er og munum bara reyna að hafa gaman af þessu,“ sagði Hafrún að lokum. - óój




# Við stöndum upp úr

## Fréttablaðið er með 57% meiri lestur en 24 stundir og 90% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.




**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 18–49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2007 – janúar 2008.

Fíton/SÍA

## UMSKIPTIN

| Hæsta framlag í leikjum 1 og 2: | |
|---|---|
| Nate Brown, ÍR | 26,0 |
| Bobby Walker, Keflavík | 21,5 |
| Tahirou Sani, ÍR | 17,0 |
| Anthony Susnjara, Keflavík | 16,5 |
| Ómar Sævarsson, ÍR | 16,0 |
| Arnar Freyr Jónsson, Keflavík | 14,5 |
| Hreggviður Magnússon, ÍR | 14,0 |
| Sveinbjörn Claessen, ÍR | 13,5 |
| Steinar Arason, ÍR | 11,5 |
| Eiríkur Önundarson, ÍR | 10,0 |
| **Hæsta framlag í leikjum 3 til 5:** | |
| Nate Brown, ÍR | 25,0 |
| Bobby Walker, Keflavík | 24,7 |
| Tommy Johnson, Keflavík | 18,3 |
| Jón Norðdal Hafsteinss., Keflavík | 17,7 |
| Þröstur Jóhannsson, Keflavík | 16,7 |
| Tahirou Sani, ÍR | 14,7 |
| Gunnar Einarsson, Keflavík | 14,3 |
| Arnar Freyr Jónsson, Keflavík | 14,3 |
| Sveinbjörn Claessen, ÍR | 11,7 |
| Sigurður Gunnar Þorsteinss., Kef. | 11,3 |
| **Þessir hækkuðu sig mest í framlagi:** | |
| Þröstur Jóhannsson, Keflavík | +19,7 |
| Jón Norðdal Hafsteinss., Keflav. | +12,2 |
| Gunnar Einarsson, Keflavík | +10,3 |
| Tommy Johnson, Keflavík | +9,3 |
| Bobby Walker, Keflavík | +3,2 |
| **Þessir lækkuðu sig mest í framlagi:** | |
| Hreggviður Magnússon, ÍR | -6,7 |
| Ómar Sævarsson, ÍR | -10,7 |
| Steinar Arason, ÍR | -11,5 |
| Anthony Susnjara, Keflavík | -14,8 |

Fréttablaðið skoðar frammistöðu leikmanna í fimm leikja undanúrslitaeinvígi Keflvíkinga og ÍR-inga:

# Þröstur, Jón og Gunnar hækkuðu sig mest

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar sneru undanúrslitaeinvígi sínu gegn ÍR á sögulegan hátt og unnu þrjá +18 stiga sigra í röð.

Þegar tölfræðin úr leikjunum er borin saman kemur það greinilega fram að það voru íslensku leikmennirnir hjá Keflavík sem breyttu seríunni á sama tíma og framlag landa þeirra í ÍR-liðinu féll úr öllu verði.

ÍR-ingurinn Nate Brown endaði með hæsta framlag allra leikmanna í einvíginu. Bobby Walker hjá Keflavík var næstur honum og þeir voru í efstu sætunum í bæði tveimur sigurleikjum ÍR-inga sem og í þremur sigurleikjum Keflavíkur. Þegar upp var staðið skáru þeir félagar sig nokkuð úr frá öðrum leikmönnum enda sýndu þeir báðir stöðugan leik í öllum fimm leikjum liðanna.

Arnar Freyr Jónsson var eini íslenski leikmaður Keflavíkurliðsins sem var meðal tíu hæstu manna í fyrstu tveimur leikjunum en þeir voru orðnir fimm í leikjum þrjú til fimm. ÍR-ingar áttu fimm íslenska leikmenn meðal tíu hæstu í framlagi í fyrstu tveimur leikjunum en aðeins Sveinbjörn Claessen var á topp tíu listanum í leikjum þrjú til fimm.


**+19,7** Þröstur Leó Jóhannsson, Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**+12,2** Jón Norðdal Hafsteinsson, Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**+10,3** Gunnar Einarsson, Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Keflvíkingarnir Þröstur Leó Jóhannsson, Jón Norðdal Hafsteinsson og Gunnar Einarsson hækkuðu sig mest allra leikmanna, þar af Þröstur langmest eða um 19,7 framlagsstig.

Þröstur var með 11,7 stig og 4,7 fráköst að meðaltali á 14,7 mínútum í síðustu þremur leikjunum og framlag upp á 45,5 stig á hverjar 40 spilaðar mínútur. Þröstur setti meðal annars niður 76,5 prósent skota sinna.

Jón Norðdal Hafsteinsson hækkaði sig um 12,2 framlagsstig þrátt fyrir að vera látinn koma inn af bekkinn eftir leik tvö. Hann var með 11,3 stig og 5,3 fráköst að meðaltali í leikjum 3 til 5 þar sem hann nýtti 75,0 prósent skota sinna.

Gunnar Einarsson hækkaði sig um 10,3 framlagsstig en hann kom inn í byrjunarliðið í leik 3 og byrjaði alla leiki eftir það. Gunnar var með 12,7 stig að meðaltali í leikjunum þremur en í tölfræðinni koma hvergi fram áhrif hans á varnarleikinn eða frammistöðu Hreggviðs Magnússonar sem lækkaði sig um 7,7 stig og um 26,1 prósent í skotnýtingu frá því í fyrstu tveimur leikjunum.

Hreggviður var þó ekki sá leikmaður sem lækkaði sig mest í framlagi því félagar hans Ómars Sævarsson (-10,7) og Steinar Arason (-11,5) fóru frá því að skora 22,5 stig og nýta 51,7 prósent skota sinna í leikjum eitt og tvö í það að skora aðeins saman 4,7 stig á 34,7 mínútum og nýta aðeins 15,0 prósent skota sinna í leikjum þrjú til fimm.

- óój


## Aðalfundur

Knattspyrnufélagsins Þróttar verður haldinn þriðjudaginn 29.apríl kl 21.00 í Félagsheimili Þróttar

Venjubundin aðalfundarstörf.

**Stjórnin**



GÍTARINN
HLJÓÐFÆRAVERSLUN
Stagg
Þjóðlagagítar
Poki, Ól, Stilliflauta,
Auka Strengjasett,
eMedia geisladiskur.
Kr. 14.900

Fáanlegir Litir:
Viðarlitaður,
Sunburst,
Svartur,
Blár.
Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125
www.gitarinn.is


# Mætast Boston og Lakers?

**Deildarkeppni NBA lauk í fyrrakvöld og framundan er æsispenanndi úrslitakeppni, ekki síst á vesturströndinni þar sem aðeins tveir sigrar skildu að liðin í sex efstu sætunum og lið með 48 sigra komst ekki inn.**

**KÖRFUBOLTI** Einni mest spennandi deildarkeppni NBA-deildinnar frá upphafi lauk í fyrrakvöld og úrslitakeppnin hefst á morgun. Að þessu sinni eru bestu lið deildanna stórveldin Boston Celtics og Los Angeles Lakers sem saman hafa unnið 30 NBA-titla (Boston 16, Lakers 14) og háðu ógleymanleg einvígi á níunda áratugnum. Það er því óhætt að halda því fram að velgengi liðanna í vetur kveiki upp nostalgíu meðal þeira áhugamanna um NBA-deildina þar sem „glímur“ Magics Johnson og Larrys Bird eru enn í fersku minni.

Spennan í Vesturdeildinni var rosaleg og á endanum skildu aðeins tveir sigrar efstu sex liðin að og níunda liðið, Golden State Warriors, varð það lið í sögunni frá því núverandi fyrirkomulag var tekið upp 1984 sem hefur besta sigurhlutfallið án þess að komast í úrslitakeppnina. Golden State vann 48 leiki í vetur, fleiri leiki en sex af átta liðum sem komust í úrslitakeppnina austanmegin.

Meistaravonir Los Angeles Lakers kviknuðu fyrir alvöru þegar liðið fékk til sín Pau Gasol í vetur. Liðið vann 22 af 27 leikjum sem hann spilaði og tryggði sér besta árangurinn í Vesturdeildinni á lokasprettinum. Lakers mætir Denver í fyrstu umferð úrslitakeppninnar.

Spútniklið deildarinnar er New Orleans Hornets sem undir stjórn hins einstaka Chris Paul náði að tryggja sér annað sæti í vestrinu. Paul var efstur í deildinni í bæði stoðsendingum (11,6) og í stolnum boltum (2,7) og varð fyrsti leikmaðurinn í fimmtán ár til þess að skora yfir 20 stig og gefa yfir 10 stoðsendingar (síðan Tim Hardaway 1992-93). Paul og félagar mæta Dallas í fyrstu umferð en það hefur gengið á ýmsu í Dallas síðan liðið fékk Jason Kidd í skiptum við New Jersey Nets.

NBA-meistarnir í San Antonio Spurs fá að glíma við Phoenix Suns en það eru fáir búnir að gleyma því í Phoenix hvernig Spurs-menn slógu þá út í fyrra þar sem Amare Stoudemire var settur í leikbann í fimmta leiknum sem átti eftir að snúa seríunni. Suns teflir nú fram Shaquille O'Neal og það verður fróðlegt að sjá hvort þau skipti eru nóg til að gera meistaralið úr Steve Nash og félögum. Síðasta einvígið er síðan á milli Houston Rockets og Utah Jazz.


**LYKILMENN** Kobe Bryant hjá Lakers sækir að Kevin Garnett hjá Boston í leik liðanna í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

Austurdeildin er ávallt álitin vera sú lakari af þessum tveimur en engu að síður spila þar tvö bestu lið deildarinnar ef litið er á árangurinn í vetur, Boston Celtics og Detroit Pistons. Bæði þessi lið munu því vera með heimavallarrétt í lokaúrslitunum komist þau þangað.


**NÍUNDI ÁRATUGURINN** Larry Bird, Magic Johnson og meistarabikarinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Boston Celtics fékk til sín Kevin Garnett og Ray Allen og setti met með því að sigra 42 sinnum oftar en liðið gerði í fyrra. San Antonio Spurs átti metið frá 1997-98 þegar liðið fékk til sín Tim Duncan og bætti sig um 36 sigurleiki. Boston mætir Atlanta Hawks í fyrstu umferð.

Detroit Pistons hefur ekki sagt sitt síðasta og liðið sýndi mikinn styrk með því að vinna 59 leiki og ná öðrum besta árangrinum í deildinni í vetur. Liðið mætir spútnikliði austursins, Philadelphia 76ers, í fyrstu umferð.

Orlando Magic með „Súpermanninn“ Dwight Howard í fararbroddi náði þriðja sætinu og mætir Toronto Raptors en síðasta einvígið er síðan á milli Cleveland og Washington. Liðin mætast nú þriðja árið í röð. Sálfræðistríðið er komið á fullt og mesta athygli vöktu ummæli DeShawns Stevenson hjá Washingon sem talaði um að LeBron James væri ofmetinn en fáir eru búnir að gleyma því hvernig hann nánast einsamall kom Cleveland-liðinu í úrslitin í fyrra.

Úrslitakeppnin hefst eins og áður sagði á morgun. Boston Celtics, Los Angeles Lakers, Detroit Pistons, San Antonio Spurs og Phoenix Suns er spáð bestu gengi en ef miða má við spennuna sem var í deildinni í vetur er von á jafnri og spennandi úrslitakeppni þar sem örugglega verður eitthvað af óvæntum úrslitum en það væri skemmtilegt að rifja upp rimmurnar frá níunda áratugnum með því að fá Boston og Lakers enn á ný í lokaúrslitin.

ooj@frettabladid.is

## ÚRSLITAKEPPNIN 2008

| | | |
|---|---|---|
| **Vesturdeildin** | | |
| 1. LA Lakers (57 sigrar - 25 töp) | - | 8. Denver Nuggets (50-32) |
| 2. New Orleans Hornets (56-26) | - | 7. Dallas Mavericks (51-31) |
| 3. San Antonio Spurs (56-26) | - | 6. Phoenix Suns (55-27) |
| 4. Utah Jazz (54-28) | - | 5. Houston Rockets (55-27) |
| **Austurdeildin** | | |
| 1. Boston Celtics (66-16) | - | 8. Atlanta Hawks (37-45) |
| 2. Detroit Pistons (59-23) | - | 7. Philadelphia 76ers (40-42) |
| 3. Orlando Magic (52-30) | - | 6. Toronto Raptors (41-41) |
| 4. Cleveland Cavaliers (45-37) | - | 5. Washington Wizards (43-39) |

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 1

- Intel Core2Duo E2180 - 1MB
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 320GB WD SATA2 - 16MB
- 256MB Geforce 7100
- 19" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Basic

89.950

## AMD TÖLVA 1

- Athlon 64 4000+ DualCore
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- Vista Home Basic

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

49.950

## AMD TÖLVUPAKKI 3

- Athlon 64 X2 DualCore 6000+
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI

129.950

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## TURNUPPFÆRSLA 2

- Athlon 64 4600+ DualCore
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 320GB WD - 7200RPM
- 512MB ATI Radeon X1250

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

39.950

## LOGITECH Z4I

Logitech Z-4e hátalakerfi 40W RMS, 2 öflugir hátalarar og stórt bassabox, fjarstýring fylgir

14.950

## SENNHEISER RS 120

Frábær þráðlaus heyrnatól með hleðslurafhlöðum og hleðslustandi.Skila frábærum hljómgæðum.

6.750

## RAZER LEIKJAMÚS

Razer DeathAdder 3G Infrared Mögnuð leikjamús fyrir leikjaspilarann, Optical 1800dpi

6.450

## RAZER MÚSAMOTTA

Keppnis músamotta frá Razer Mantis Speed er 44x35cm, mögnuð í leikina

2.950

## INTEL TÖLVA 4

- Intel Core2Duo E8400 - 6MB
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 9600GT
- Vista Home Premium

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

119.950

## CHIEFTECH TURN

Glæsilegur turn frá Chieftec, góðir kælimöguleikar og tonn af plássi

9.950

## XILENSE AFLGJAFI

Öflugur 550watta Xilence aflgjafi með hljóðlátri 120mm vifta, ATX ver. 2.2

XILENCE 6.950

## CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

Canon 11.950

## ACER 22" AL2216WBD

Acer 22" viewable AL2216WBD TFT LCD, svartur breiðtjaldsskjár 1680x1050 í upplausn, 700:1 í skerpu, 5ms

acer 27.950

## ACER ASPIRE 7720G-60

- Intel Core 2 Duo T7500
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 320GB, SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 17" CrystalBrite skjár

acer 149.950

## 500GB MY BOOK

Nýr og enn betri My Book utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2.
Tilbúin til notkunnar.

Western Digital 15.950

## 100GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar

Western Digital 9.950

## 500GB ICYBOX

500GB IcyBox margmiðlunarspilari m. LCD skjá, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

ICYBOX 23.950

## 4GB MINNISLYKILL

Sandisk Cruzer CrossFire 4GB minnislykill vandaður og flottur fyrir allmenna notkunn

SanDisk 2.950

## ACER ASPIRE 5315

- Intel Celeron M 540
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 120GB, SATA 5400rpm
- 358MB Intel GMA X3100
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer 67.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700



## > Edward Norton

„Ég hef engan áhuga á að gera myndir fyrir alla. Ég vil gera myndir fyrir mig og mína vini og fyrir fólk með mína skynsemi,“ sagði gæðaleikarinn Edward Norton eitt sinn. Norton leikur í myndunum Down in the Valley sem Sjónvarpið sýnir í kvöld og einnig Primal Fear sem Stöð 2 sýnir.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON **ÞJÁIST AF SJÓNVARPSGARNAGAULI**

## *Fátt um fína drætti*

Sjónvarpið mitt hefur tekið stakkaskiptum frá því að veturinn réð hér ríkjum. Sjónvarpið virðist nefnilega hafa takmarkaðan áhuga á að skemmta mér þegar sól tekur að hækka á lofti og virðist vera í sjálfskipaðri herferð til að fá mig upp úr stólnum. Svona eins og auglýsingar UEFA á undan Meistaradeildinni. Sem fá mig reyndar alltaf til að gráta. Sjónvarpið telur að það sé engin þörf fyrir mig að liggja í leti þegar hitastigið fer yfir tíu gráður, þá eigi ég að pússa skóna og fara í göngutúr eða golf.

Annars hefur útvarpið slegið í gegn eftir að því var kirfilega komið fyrir í svefnherberginu. Sjónvarpið var látið víkja og í staðinn fyrir innihaldslausa ameríska þætti hljóma nú gáfumannlegar samræður um trúarbrögð og tónlist rétt áður en fjölskyldan festir svefn. Og sem betur fer hefur Rás 1 horfið frá þeirri arfavitleysu að samtengjast Rás 2 eftir fréttir á miðnætti og spilar nú sígilda tónlist. Enda þarf maður ekki að hlusta á endurtekið efni frá síðdegisútvarpinu þegar allar fréttir hafa hljómað að minnsta kosti fimm sinnum í bæði útvarpi og sjónvarpi.

Hins vegar virðast umsjónarmenn næturtóna ekki vera með hlutverk sitt alveg á hreinu. Því ósjaldan hefur maður hreinlega hrokkið upp þegar eitthvurt nútímaverkið lemst inn í heilabörkinn. Og það er ekkert sérstaklega þægilegt að ranka við sér þegar píanóleikari reynir að endurskapa andrúmsloft úr hryllingsmynd með barsmíðum sínum á píanóið. Engu síður er það skárra svefnmeðal en heilalausa sjónvarpsefnið sem hefur tekið öll völd í imbakassanum.




**ÚTVARP** Mun betra svefnmeðal en heilalaust afþreyingarefni á ameríska vísu.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30 The Simpsons** STÖÐ 2



▶ **20.00 The Crucible** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Útsvar** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.45 Kenny vs. Spenny** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00 Svalbarði** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Spæjarar**
**17.55 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.20 Þessir grallaraspóar**
**18.25 07/08 bíó leikhús**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Útsvar** Hér eigast við í átta liða úrslitum lið Garðabæjar og Mosfellsbæjar. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason. Útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson.
**21.15 Blaðadrengir** (Newsies) Bandarísk söngvamynd frá 1992. Myndin gerist í New York árið 1899 og segir frá því er blaðburðardrengir fóru í verkfall vegna smánarlegrar framkomu blaðakónganna Josephs Pulitzer og Williams Randolphs Hearst í þeirra garð. Meðal leikenda eru Christian Bale, David Moscow, Luke Edwards og Robert Duvall.
**23.15 Dalastúlkan** (Down in the Valley) Bandarísk bíómynd frá 2005. 16 ára stelpa í Los Angeles kynnist kúreka sem er helmingi eldri en hún en til árekstra kemur þegar pabbi hennar setur sig upp á móti sambandi þeirra. Meðal leikenda eru Edward Norton, Evan Rachel Wood, David Morse, Rory Culkin og Bruce Dern. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.05 Ökufantar** (The Fast and the Furious) Bandarísk hasarmynd frá 2001.
**02.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.10 The Crucible**
**08.10 The Holiday**
**10.20 Just For Kicks**
**12.00 The Full Monty**
**14.00 The Holiday**
**16.15 Just For Kicks**
**18.00 The Full Monty**
▶**20.00 The Crucible** Myndin er gerð eftir samnefndu leikriti Arthurs Miller. Aðalhlutverk: Daniel Day-Lewis og Winona Ryder.
**22.00 Kingdom of Heaven** Stórbrotin og söguleg ævintýramynd.
**00.20 Midnight Mass**
**02.00 Crimson Rivers 2**
**04.00 Kingdom of Heaven**

## STÖÐ 2

**07.00 Justice League Unlimited**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.35 Extreme Makeover: HE** (28:32)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.45 Punk´d** (1:16)
**15.25 Bestu Strákarnir** (24:50)
**15.55 Galdrastelpurnar** (4:26)
**16.18 Ben 10**
**16.38 Smá skrítnir foreldrar**
**17.03 Batman**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
▶**19.30 The Simpsons** (4:22) Ný þáttaröð með gulustu fjölskyldu í heimi, sú nítjánda í röðinni. Simpson-fjölskyldan hefur sjaldan eða aldrei verið eins vinsæl og einmitt um þessar mundir, þökk sé kvikmyndini sem sló rækilega í gegn í fyrrasumar.
**19.55 Bandið hans Bubba (11.12)**
**21.15 Talladega Nights: The Ballad of Ricky Bobby**
**23.00 Primal Fear** Stóra uppgötvun þessarar mögnuðu spennumyndar var ungur og efnilegur leikari í sínu fyrsta alvöru kvikmyndahlutverki. Hann heitir Edward Norton og hlaut hann Óskarsverðlaun fyrir ótrúlega túlkun sína á ungun manni sem liggur undir grun um að hafa framið skelfilegt morð.
**01.05 Dream Lover** (e)
**02.45 Dead Birds**
**04.15 Man Stroke Woman** (3:6)
**04.45 The Simpsons** (4:22)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**17.40 Þýski handboltinn** Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
**18.20 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**18.45 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**19.15 Utan vallar**
**20.05 Spænski boltinn - Upphitun**
**20.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**21.00 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP sem haldið var á Texas Stadium.
**21.55 Heimsmótaröðin í póker** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**22.45 World Poker Tour – Bad Boys of Poker**
**00.15 NBA-körfuboltinn** (Boston - New Jersey) Leikur í NBA-körfuboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Everton - Chelsea**
**15.50 Everton - Chelsea**
**17.30 Portsmouth - Newcastle**
**19.10 Bolton - West Ham**
**20.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 PL Classic Matches**
**22.50 Goals of the season**
**23.50 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**13.50 Vörutorg**
**14.50 Snocross** (e)
**15.15 Skólahreysti** (e)
**17.15 Game tíví** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.15 One Tree Hill** (e)
**20.10 Survivor: Micronesia** (7:14) Nú eru það tíu eldheitir aðdáendur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendunum úr fyrri Survivor-seríum.
▶**21.00 Svalbarði** (3:10) Spriklandi ferskur skemmtiþáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar sem fær til sín góða gesti. Hljómsveitin Svalbarði spilar dillandi danstónlist ásamt söngkonunni Ágústu Evu Erlendsdóttur sem einnig bregður sér í ýmis gervi ásamt Þorsteini í nýstárlegum leiknum atriðum.
**22.00 Law & Order - Lokaþáttur** Síðasta málið sem Lennie Briscoe (Jerry Orbach) rannsakar í Law & Order eftir tólf ár í þáttunum. Sendill er skotinn til bana og slóðin er rakin til vefsíðu þar sem giftir einstaklingar skipuleggja framhjáhald. Þegar annar notandi vefsíðunnar er myrtur berast böndin að eiginkonum mannanna sem eru grunaðar um að myrða eiginmenn hvor annarar.
**22.50 Lipstick Jungle** (e)
**23.40 Professional Poker Tour** (16:24)
**01.05 Brotherhood** (e)
**01.55 World Cup of Pool 2007** (e)
**02.45 C.S.I.** (e)
**03.35 C.S.I.** (e)
**04.25 All of Us** (e)
**04.50 All of Us** (e)
**05.15 Vörutorg**
**05.15 All of Us** (e)
**06.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




VIÐ SPILUM UPPÁHALDS LÖGIN ÞÍN
BJARNI ARASON OG RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR ALLA VIRKA DAGA
Fjölbreytt, létt og lifandi
www.lettbylgjan.is
LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.15
### Talladega Nights: The Ballad of Ricky Bobby



Óstjórnlega fyndin gamanmynd með vinsælasta grínleikara samtímans, Will Ferrell, í essinu sínu. Að þessu sinni leikur hann Ricky Bobby, óstjórnlega sjálfumglaða kappakstursshetju, sem verið hefur kóngur NASCAR-kappakstursins svo árum skiptir. Lykillinn að velgengni hans hefur verið goðsagnakennd samvinna hans við hundtryggan félaga, Cal Naughton, sem ævinlega hefur sætt sig við annað sætið, allt fyrir kónginn. En þegar helsta hetja Formúlu 1-kappakstursins, Frakkinn Jen Girard (sem Sacha Baron Cohen leikur), mætir til leiks reynir fyrst fyrir alvöru á akstursshæfileika Rickys Bobby og vinskap þeirra Cals.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Bandið hans Bubba – Úrslitaþáttur
### Stöð 2 kl. 19.55

Einvígið er á milli þeirra Eyþórs Inga og Arnars Freys og miðað við niðurstöður undangenginna símakosninga má búast við mjög tvísýnni keppni. Gestadómari verður Eiríkur Hauksson en þeir Eyþór og Arnar munu taka þrjú lög hver.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Vorhret í sólskinskistunni
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Falcon Beach**
**17.45 Kenny vs. Spenny 2** (3:13)
**18.15 X-Files** (19:24) Fox Mulder trúir en Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Dularfull öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Falcon Beach**
▶ **20.45 Kenny vs. Spenny 2** (3:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu viðburðum. Þar á meðal nektarkeppni, danskeppni, biblíusölu og kossakeppni. Þeir svífast einskis til að sigra og lenda oft í mjög neyðarlegum aðstæðum.
**21.15 X-Files (19.24)**
**22.00 Hæðin (5.9)** Í þessum vandaða lífsstíls- og hönnunarþætti í anda The Block og Extreme Makeover fá þrjú gerólík pör það erfiða verkefni að hanna og innrétta frá grunni þrjú falleg hús á Arnarneshæð.
**22.50 My Name Is Earl** (11:13) Þriðja þáttaröð eins allra ferskasta og skemmtilegasta gamanþáttar síðari ára.
**23.15 Bones** (3:13) Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af spennuþættinum Bones.
**00.00 ReGenesis** (7:13) Hörkuspennandi þættir sem lýsa má sem blöndu af CSI og X-Files.
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem stendur og situr, rís og hnígur, vakir og sefur á þessari plánetu. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Elly Ármanns og Björk Jakobsdóttir eru gestir þáttarins ásamt leynigesti.
**21.00 Skoðanaskipti** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi ræðir um borgarmenningu við gest sinn.
**21.30 Íslandsfari** Þáttur í umsjón Akeem Richard Oppong, formanns Íslands Panorama, sem er frjálst félag sem styður fjölmenningu og fjölþjóðlegt samfélag með því að vinna markvisst gegn kynþáttafordómum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** Rabatten **10.30** Aftenshowet **10.55** Aftenshowet 2. del **11.20** Ønskehaven **11.45** Miss Marple: Mordet i præstegården **13.15** Dawson's Creek **14.00** Boogie Prisen **15.30** Fredagsbio **15.45** Benjamin Bjørn **16.00** Elefantungen Hannibal **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA Award '08 **19.00** TV Avisen **19.15** The Sweetest Thing **20.40** D-Tox **22.15** Cliffhanger

## NRK 1

**7.55** Frokost-tv **10.00** NRK nyheter **10.10** Tinas mat **10.40** Columbo **11.50** Doc Martin **12.40** Urter **13.00** Megafon **13.30** Dinosapiens **13.55** Frosk til middag **14.05** H2O **14.30** Fin fredag **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **15.59** Barne-tv **16.00** Ørneredet **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.15** Robotgjengen **16.30** Det var en gang et eventyr **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Michael Palins nye Europa: Nytt liv, nye utfordringer **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Detektimen: Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Detektimen: Kalde spor **22.05** Glastonbury 2007: Fredag **23.00** 30 Rock

## SVT 1

**10.05** Annes trädgård **11.00** Glasklart **12.00** Törnfåglarna - de förlorade åren **13.30** Sixties **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Klass 9A **15.30** Karamelli **16.00** Bolibompa **16.30** Madicken **17.00** Bobster **17.15** Planet Sketch **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Var fan är mitt band? **19.30** Erin Brockovich **21.40** Rapport **21.50** Kulturnyheterna **22.05** Morgonsoffan **22.35** Den siste actionhjälten



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Án útvarps er ómögulegt að vera í vinnunni. Ef ég er ein er það gamla gufan, en ég vinn með tveimur um þrítugt og þegar þau fá að ráða er það Bylgjan. Málamiðlunin er svo Rás 2. Við hlustum á þetta þrennt til skiptis.“*

Dýrfinna Torfadóttir, gullsmiður.

# Kennaranemi slær í gegn með Eurobandinu

Draupnir Rúnar Draupnisson er í aðalhlutverki í nýju myndbandi við Eurovision-lagið This Is My Life, sem var frumflutt á netinu í gær. Þar dansar hans og syngur eins og hann eigi lífið að leysa en fær að lokum góða hjálp frá sjálfu Eurobandinu með Friðrik Ómar og Regínu Ósk í fararbroddi.

„Þetta var ótrúlega gaman og mikið fjör. Ég fékk smá kjánahroll eftir á en ég hafði mjög gaman af þessu,“ segir Draupnir Rúnar, sem er mjög góður vinur Friðriks Ómars. „Í lok febrúar var farið að ræða um að gera myndband og þá bar Friðrik Ómar þessa hugmynd undir mig. Mér leist vel á hana og hélt að hann væri að spyrja mig álits sem vinur. Svo sagði hann að ég væri strákurinn í myndbandinu og ég fékk algjört sjokk. Svo hugsaði ég mig aðeins um og sagði við sjálfan mig: „Af hverju ekki að lifa lífinu lifandi og hafa húmor fyrir sjálfum sér og taka þátt?“,“ segir Draupnir, sem hélt fyrst að hann yrði minna áberandi í myndbandinu en raunin varð.

Draupnir, sem er frá Neskaupstað, starfar sem flugþjónn hjá Icelandair og útskrifast jafnframt sem kennari í vor með leiklist sem aukafag. Hann hefur leikið aðalhlutverkið í tveimur leikritum fyrir austan en er annars óreyndur úr skemmtanabransanum. Hann er sannfærður um að framlag Íslands til Eurovision-keppninnar eigi eftir að ná langt. „Lagið er frábært og þetta eru fagmenn fram í fingurgóma. Ég hef fulla trú á að þau eigi eftir að standa sig vel, annars hefði ég aldrei tekið þátt í þessu,“ segir Draupnir, sem verður að sjálfsögðu á meðal áhorfenda í Belgrad í maí. - fb



**DRAUPNIR RÚNAR DRAUPNISSON** Draupnir fer með aðalhlutverkið í nýju myndbandi við Eurovision-lagið This Is My Life. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** steypuefni **6.** 49 **8.** samræði **9.** hlaup **11.** nafnorð **12.** fjárhirðir **14.** rósemd **16.** pot **17.** sigti **18.** af **20.** tvíhljóði **21.** hnappur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** reigingslegur gangur **3.** óhreinindi **4.** fornt ríki **5.** sjáðu **7.** limlesta **10.** þunnur vökvi **13.** prjónavarningur **15.** strengur **16.** margsinnis **19.** málmur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gifs, **6.** il, **8.** mök, **9.** gel, **11.** no, **12.** smali, **14.** spekt, **16.** ot, **17.** sía, **18.** frá, **20.** au, **21.** tala.

**LÓÐRÉTT: 1.** rigs, **3.** im, **4.** fönikía, **5.** sko, **7.** lemstra, **10.** lap, **13.** les, **15.** taug, **16.** oft, **19.** ál.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Magnús Kjartanssson og Gaua Magnúsdóttir.
2. Grund.
3. Harare.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**STÓRTÆKUR** Logi Geirsson ætlar að selja gelið sitt á netinu og hefst sala á herlegheitunum eftir hálfan mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LOGI GEIRSSON: LANGÞRÁÐUR DRAUMUR VERÐUR AÐ VERULEIKA

# Handboltamaður selur heimagert hárgel á netinu

„Heimasíðan verður tilbúin eftir tvær vikur. Þá geta menn keypt gelið í gegnum netið. Ég er búinn að skoða þetta aðeins og það er ódýrara að gera þetta svona,“ segir handknattleiksskappinn Logi Geirsson. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum undanfarin ár framleiðir Logi sitt eigið hárgel undir nafninu L&I Hárgel sem vakið hefur mikla athygli. Kunnugir segja að þetta sé eitt besta hárgel sem þeir hafi komist í tæri við og Logi fær ófáar fyrirspurnir daglega um hvar hægt sé að nálgast það. Nú er sú bið á enda og hárgelsþyrstir Íslendingar og útlendingar geta náð sér í eina eða tvær dollur í gegnum heimasíðuna. „Ég ætla að vera með allt á hreinu þegar verslunin opnar en þetta gerist samt allt í rólegheitunum,“ segir Logi, sem var að vonum spenntur enda langþráður draumur loks að verða að veruleika.

Að sögn Loga er heimasíða gelsins tilbúin og eingöngu eftir að uppfæra hana. Þar geta áhugasamir nálgast myndir og fróðleik um upprruna gelsins. Og Logi er með meira í bígerð sem enn á eftir að líta dagsins ljós. „Ég held stórt partý í sumar þar sem leyndarmálið mikla verður uppljóstrað,“ segir landsliðsmaðurinn dulur og bætir því við að menn geti ekki setið með hendur í skauti í atvinnumennskunni þar sem menn verði að hafa eitthvað fyrir stafni.

En það er ekki bara gel sem á hug Loga allan um þessar mundir því nú hillir undir lok biðarinnar eftir Ferrari-bifreiðinni. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu festi Logi kaup á Ferrari F355 Spider bifreið og hefur hann beðið í ofvæni í nokkrar vikur eftir gripnum. Logi hefur sett inn myndir af fyrstu ökuferðinni sinni í tryllitækinu og má sjá herlegheitin á heimasíðunni hans, logi-geirsson.de. „Bíllinn er nú í tolli, hann er með svissnesk númer og ég get vart beðið eftir að leysa hann út þegar tollagjöldin hafa verið greidd,“ segir Logi, sem telur þó að hann geti ekki boðið nýjum liðsfélaga sínum hjá Lemgo, Vigni Svavarssyni, í bíltúr á Ferrari. „Nei, hann er alltof stór, ef ég væri sjálfur fimm sentimetrum stærri gæti ég ekki einu sinni keyrt bílinn og tveggja metra maður eins og Vignir kemst því ekki fyrir. Hann verður bara að horfa á,“ segir Logi.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Góður rómur var gerður að fyrirlestri sem **Þórhallur Gunnarsson** hélt á hádegisverðarfundi ÍMARK samtaka markaðsfólks 2. apríl síðastliðinn. Reifaði Þórhallur þar viðhorf sín gagnvart kostun á sjónvarpsefni og sagðist meðal annars ekki geta samþykkt óbeinar auglýsingar í Sjónvarpinu með þeim hætti að markaðstjórar fyrirtækja kæmu inn í þætti og afhentu verðlaun. Þeir sem tóku vel eftir orðum Þórhalls ráku því upp stór augu þegar tíu dögum síðar var fulltrúi frá Samtökum sparisjóða mættur í beina útsendingu hjá Sjónvarpinu til að afhenda verðlaun í Söngvakeppni framhaldsskólanema sem fram fór á Akureyri um síðustu helgi. En sumum leyfist það sem annar ekki má.





Þeir fjölmörgu skjólstæðingar **Jónínu Benediktsdóttur** sem farið hafa með henni til Gdansk í Póllandi í detoxmeðferð geta glaðst því hingað til lands er komin **dr. Agneska Lemanczyk** læknir en hún hefur annast hundruð Íslendinga. Agneska mun halda fyrirlestur í Háskólabíó 25. apríl og fljótlega uppúr því, eða um miðjan næsta mánuð lofar Jónína svo að fljúga aftur með hópa til Póllands í detoxmeðferðir.

Ofurhugarnir **Hans Stephensen** og **Kristinn Einarsson**, sem starfa fyrir Ístak á Grænlandi, náðu frábærum árangri í erfiðustu skíðagöngukeppni heims sem var haldin þar í landi á dögunum. Kristinn endaði í þriðja sæti og Hans í því fimmta í þeim flokki sem gekk 100 km á þremur dögum en einnig var hægt að ganga 160 km. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í byrjun mánaðarins voru Hans og Kristinn fyrstu Íslendingarnir sem tóku þátt í keppninni og miðað við glæstan árangur þeirra eigum við fullt erindi í þessa miklu þrekraun í framtíðinni.



-jbg/fb

Léttmót ehf
opnar í Reykjanesbæ
- Kynning á léttustu steypumótunum á markaðnum.
- Léttar veitingar í boði Léttmóta.
- Létt opnunarteiti frá 17:00 - 19:00 á föstudaginn.
- Létt opnun á Laugardaginn frá 10:00 - 17:00.
Allir velkomnir.
Skoðið vefsíðuna www.lettmot.is
LÉTT-MÓT ehf.

# *Samdi lag fyrir sigurvegarann*

Bubbi Morthens hefur samið lagið Hjartað þitt sem hann ætlar að gefa sigurvegara þáttarins Bandið hans Bubba. Úrslitaþátturinn verður sýndur í beinni útsendingu í kvöld á Stöð 2 þar sem þeir Eyþór Ingi Gunnlaugsson og Arnar Már Friðriksson munu flytja þrjú lög hvor.

Að sögn Bubba fjallar lagið um það hvernig öll hjörtu slá sama takt. „Þennan texta gerði ég og söng fyrir litla strákinn minn fyrir einhverjum árum og síðan lá þetta bara einhvers staðar til hliðar. Svo kom þessi hugmynd upp og þá fór ég í gang að vinna þetta lag upp á nýtt,“ segir Bubbi. „Þetta lag hentaði báðum röddunum en krefst samt meiri túlkunar en bara að þenja röddina. Annars er þetta lítið og sætt popprokklag og það hefur ris eins og allir strákar eiga að hafa sem syngja popp eða rokk.“

Bubbi er vitaskuld spenntur fyrir úrslitaþættinum. „Ég held að það sé óhikað hægt að segja að það hafi hlaupið á snærið hjá unnendum íslenskrar tónlistar með þessum strákum,“ segir Bubbi, sem telur bæði Eyþór og Arnar verðuga sigurvegara. „Hvor um sig gæti haldið bandinu fyrir aftan sig og átt framlínuna án þess að bandið væri hækja fyrir viðkomandi.“ - fb



**BUBBI MORTHENS** Bubbi hefur samið lag fyrir sigurvegara þáttarins Bandið hans Bubba.


+++ OUTLET 10 +++
merki fyrir minna
NÝTT KORTATÍMABIL
KOMDU Í NÝJA VERSLUN OKKAR Á
SMÁRATORGI
LÍTTU VIÐ Í STÓRVERSLUN OKKAR Í
FAXAFENI 10
JAKKAFÖT 9.990,-
SVARTAR DÖMU BUXUR 36-56 2.990,-
KJÓLAR 4.990,-
GALLABUXUR 1.990,-
HERRA SKYRTUR 1.990,-
SMÁRA
ALLT Í BARNADEILD 500,-
HETTUPEYSUR 1.990,-
HERRA VINNUBUXUR 990,-
ALLIR STUTTERMA BOLIR 990,-
JAKKAFÖT 9.990,-
FAXAFE
Myndir: Björn Blöndal
NÝJAR VÖRUR Í STÆRÐUM 36-60
SMÁRATORGI s. 534 4451
FAXAFENI 10 s. 534 4450

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



GULL BYLGJAN 909




## BAKÞANKAR

Bergsteins Sigurðssonar


## *Rónaspónar*

Þar sem miðborg Reykjavíkur var orðin hættuleg að mati nítjándualdargötumyndarmannsins og ekki þverfótað fyrir sprautunálum og sjónvarpsvænum sveðjumorðingjum á Laugavegi, var ekki seinna vænna en borgaryfirvöld efndu til ímyndarherferðar og hreinsunarátaks. Til liðs við sig fengu þau nokkra holdgervinga íslenska draumsins, menn sem hafa efnast á að láta hús í miðborginni drabbast niður og selja þau á mun hærra verði en þau voru keypt. Svo segir Intrum okkur að gera ekki ekki neitt!

**SKEYTINGARLEYSI** verktaka er í sumum tilfellum allt að því aðdáunarvert. Það vill nefnilega stundum gleymast að þótt vanræksla húsa sé arðbær iðja er hún tímafrek og kostar skuldbindingu og fórnir á borð við það að afneita samfélagslegri ábyrgðartilfinningu og sjá á eftir sómakennd sinni. Gerum ekki lítið úr því.

**EN** nú er búið að blása í eins og eina fjölmiðlavæna aðgerðaáætlun og sjá! Þeim sem heimsækja miðborgina dylst ekki hversu mikið borg og verktökum er í mun að fegra ásýnd hennar. Til að sýna metnað sinn í verki hafa þau byrgt með ljósum spónaplötum fyrir glugga og dyr rúðulausu kumbaldanna. Ekki aðeins eru spónaplöturnar fagrar á að líta heldur hafa þær einnig reynst þrautseigar gegn þeirri plágu sem hústakandi útigangsfólk er orðið.

**HVAÐ** sem öllu krepputali líður er góðæri hjá timbursölum, sem hafa ekki undan að afgreiða rónaspónana. „Miklu áhrifaríkara en hænsnanet," hugsaði stoltur hreysiseigandi á Hverfisgötu, þar sem ógæfumaður fann þverrandi kröftum sínum viðnám á geirnegldum útidyrum. Nú er þess ekki lengi að bíða að Reykjavík verði fyrsta rónalausa höfuðborg Evrópu – þegar rónarnir sjá að þeir eiga í engin hús að venda hætta þeir auðvitað þessari vitleysu og fá sér vinnu. Nýju spónavirkin fá að hrörna áfram án liðsinnis þeirra.

**MIÐAÐ** við framtakssemi borgaryfirvalda í skipulagsmálum undanfarin ár eru hins vegar meiri líkur en minni á því að spónaplöturnar séu komnar til að vera, að minnsta kosti í nokkur ár, jafnvel lengur. Þegar loksins næst „þverpólitísk sátt" um hvað eigi að gera er ekki loku fyrir það skotið að heil kynslóð borgarbúa hafi vaxið úr grasi sem þekki ekkert annað en spónaðan miðbæ og vilji verja þá götumynd með kjafti og klóm. Borgarstjóri ætti að gæta að þeirri arfleifð sem hann skilur eftir sig. Hver veit hvað mönnum á eftir að detta í hug að varðveita?



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 18. apríl, 108. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.48 | 13.27 | 21.09 |
| Akureyri | 5.21 | 13.12 | 21.01 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





Víetnam og Kambódía
6. - 29. nóvember **6 sæti laus**

Verð frá 457.885,-*
á mann í tvíbýli
Fararstjóri: Sigmundur M. Andrésson

Argentína og Chile
14. - 30. október


Verð frá 527.900,-*
á mann í tvíbýli
Fararstjóri: Elísabet Brand

Suður-Afríka og Viktoríufossar
3. - 20. október

Verð frá 493.943,-*
á mann í tvíbýli
Fararstjóri: Sigmundur M. Andrésson

Madeira - Frábærar viðtökur!
3. - 10. nóvember **uppselt**
27. okt - 3. nóvember **aukaferð**

Verð frá 85.900,-*
á mann í tvíbýli með morgunverði
Fararstjóri: Guðný Margrét Emilsdóttir

Lífsstíls- og dekurferð:
New York og suður-Karíbahaf
7. - 21. nóvember

Verð frá 283.912,-*
á mann í tvíbýli í ytri klefa með svölum
Fararstjóri: Bjargey Aðalsteinsdóttir

Skemmtisigling:
austur-Karíbahaf
9. - 20. september **örfá sæti laus**

Verð frá 229.526,-*
á mann í tvíbýli í ytri klefa með svölum
Fararstjóri: Kjartan Trausti Sigurðsson

**Kynning á Ævintýraferðum:**
Víetnam og Kambódía
Suður-Afríka og Viktoríufossar

Sigmundur M. Andrésson fararstjóri fer yfir ferðirnar í máli og myndum.

Hilton Reykjavík Nordica Hotel, mánudag 21. apríl kl. 20:00.
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

* **Innifalið:** Sjá nánar á www.uu.is
Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

ÚRVAL-ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS

ÚRVAL-ÚTSÝN